



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. mars 2007 – 62. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUGAGUR


Baltasar selur barinn sinn
Kaffibarinn er kominn í hendurnar á Þorsteini Stephensen. **FÓLK 30**

Uppboð á Sögu
Verk gömlu meistaranna eru á uppboði í dag. **MENNING 21**

Eignarréttur og auðlindir
„Auðlind, til dæmis fiskurinn í sjónum, hefur ekkert verðgildi í sjálfum sér. Fiskur sem syndir um í hafinu, sem enginn kann að veiða, verka eða koma í verð er ekki auðlind í þeirri merkingu orðsins að um sé að ræða verðmæti sem meta meg til fjár,“ segir Illugi Gunnarsson. **Í DAG 8**

Úr leik í baráttunni
Íslandsmeistaravonir Stjörnunnar fuku svo gott sem út um gluggann er liðið tapaði gegn Fram á heimavelli í skrautlegum leik. **ÍÞRÓTTIR 26**

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI AUSTAN TIL Í dag verður suðaustan 5-10 sunnan og vestan til, annars hægari. Hætt við smáskúrum á landinu sunnan- og vestanverðu, annars yfirleitt bjartviðri. Híti víðast 2-6 stig að deginum. **VEDUR 4**

Hafna ásökunum um samráð alfarið

Framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar hafnar því að ólöglegt samráð hafi átt sér stað. Verð sé rætt á fundum til að stuðla að hagstæðara rekstrarumhverfi. Formaður SAF segir ummæli sín ekki vera til vitnis um samráð.

SAMKEPPNI Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar (SAF), hafnar því alfarið að ólöglegt samráð hafi átt sér stað innan samtakanna. „Það er fjarri lagi að vinnuveitendasamtök séu vettvangur fyrir samráð. Innan samtakanna er vissulega talsvert talað um verð. Það er vegna þess að eitt helsta verkefni þeirra er að fá hagstæðara rekstrarumhverfi fyrir ferðabjónustufyrirtækin svo þau verði samkeppnishæfari á alþjóðamarkaði en að fyrirtæki hittist hjá okkur til að ræða verð er alveg fráleitt, enda ríkir gríðarleg samkeppni á þessum markaði.“

Samkeppniseftirlitið gerði á föstudag húsleit hjá SAF og tveimur ferðaskrifstofum vegna gruns um ólöglegt verðsamráð. Í gögnum sem eftirlitið lagði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þegar húsleitarmilda var óskað kom fram að það hefði rökstuddan grun um alvarleg brot á samkeppnislögum. Í beiðninni er vitnað í fundargerð SAF þar sem Jón Karl Ólafsson, formaður samtakanna, segist „hafa áhyggjur af sumrinu vegna gengisþróunar og hægara innstreymi bókana“. Hann velti fyrir sér næsta ári og sagði ákvæðna hætta á kollsteypu og ræddi hvort

ekki þyrfti að senda félagsmönnum einhver skilaboð vegna verðlagningar 2006. Tóku stjórnarmenn undir það. Var ákveðið að senda hugleiðingu í fréttabréfi.“
Jón Karl segir ummælin ekki til vitnis um samráð gagnvart íslenskum neytendum. „Við fjöllum yfirleitt um komu erlendra ferðamanna til Íslands á fundum þannig að þessi ummæli tengjast ekki sölu á ferðabjónustu til Íslendinga. Þau snerust fyrst og fremst um að gengi krónunnar hafði sveiflast og við erum með marga litla aðila innan samtakanna sem eru tiltölulega berskjaldaðir gagnvart gengisáhrifum.“ - þsj

Maður fannst í Kópavogi: Alblóðugur og án meðvitundar

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri fannst liggjandi meðvitundarlaus og alblóðugur við húsgagnaverzlun í Bæjarlind í Kópavogi um niúleytið í gærmorgun. Gangandi vegfarandi varð var við manninn og hringdi á lögreglu. Maðurinn hlaut alvarlegan höfuðáverka og skrámur auk þess sem hann var mjög kaldur þegar hann kom á slysa-deild.

Síðast sást til mannsins á skemmtistaðnum Players sem er einungis í nokkur hundruð metra fjarlægð frá þeim stað þar sem hann fannst. Ekki liggur fyrir hvernig maðurinn slasaðist en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu verst allra fréttu.

Maðurinn komst til meðvitundar síðdegis í gær og var fluttur á almenna deild í kjölfarið. Að sögn vakthafandi læknis var ástand mannsins stöðugt og hann ekki talinn í lífshættu. - þsj



ÖFRIDUR Á GÖTUM KAUPMANNAHAFNAR Mótmælendur kveiktu í bílum og hentu flöskum að lögreglumönnum á götum Kaupmannahafnar í fyrirkvöld vegna lokunar Ungdomshuset. Fjölmennur mótmælafundur fór fram í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hörður Sveinsson ljósmyndari: Nørrebro leit út eins og vígvöllur

DANMÖRK Hörður Sveinsson, ljósmyndari á Fréttablaðinu, stundar nám í ljósmyndun í Danmörku og var staddur í Kaupmannahöfn í gær og fyrradag á leið sinni hingað til lands.

„Þetta var mjög sérstakt og leit um margt út eins og vígvöllur. Ég gisti hjá vini mínum sem býr rétt hjá Nørrebro en var ekki með myndavélina mína með mér svo ég fékk lánaða litla myndavél og hljóp út til að ná nokkrum skotum af þessu,“ segir Hörður.

Hann segir andrúmsloftið hafa verið mjög sérstakt á götum Kaupmannahafnar undanfarna daga. „Maður þyrfti að vera á varðbergi því fjöldi fólks var að henda flöskum að lögreglu og maður gat átt það á hættu að fá flösku í hausinn.“ - öhó

netto

599 kr/kg.
Línuveidd ýsa

Sigurður Líndal segir auðlindaákvæðið eins það er sett fram vera lýðskrum: Segir ákvæðið merkingarlaust

STJÓRN MÁL Sigurður Líndal, fyrrverandi prófessor í lögfræði, segir auðlindaákvæðið algerlega merkingarlaust eins og það er sett fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. „Þjóðin getur ekki verið eigandi í eignarréttarlegri merkingu. Svona víðtæka merkingu eins og þarna er sett fram tel ég því vera ónothæfa í lagatexta.“
Sigurður segir umræðuna um þessi mál einkennast af því að menn

rugli saman eignarrétti og fullveldisrétti ríkisins. „Fullveldisrétturinn þýðir að löggjafinn, sem er Alþingi, getur ásamt forseta Íslands sett reglur um meðferð og nýtingu stofna á Íslandsmiðum. Þjóðin hefur formlega þennan fullveldisrétt þar sem hún kys löggjafann sem setur þær reglur. Heimildirnar eru því mjög rúmar. Það eina sem þetta ákvæði gæti gert væri það að dómstólar gætu gengið lengra en nú í að

viðurkenna rétt löggjafans til þess að þrengja að atvinnuréttindum sem fyrir eru. Ég myndi þó spá því að dómstólar færu varlega í það.“
Hann telur ekki að ákvæðið myndi hafa mikla efnislega þýðingu. „Þetta er bara lýðskrum og það á fyrir alla muni ekki að fara að fylla stjórnarskrána af slíkum yfirlýsingum. Því meira sem er af slíkum yfirlýsingum, því verra er stjórnarfríð.“ - þsj / sjá síðu 2

Opið 13-17 í dag
Kringlan

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN Perlunni 1. – 11. mars
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

Þú finnur alltaf réttu bókina!

HEMINGURINN BURT! - LEKKUN VSK - VERÐHRUN!

SPURNING DAGSINS



Jón, ertu meira fyrir ódýrt spaug?

„Ég spauga aldrei fyrir minna en 200 milljónir.“

Mörgum brá í brún þegar fofdýr Stradivarius-fíðla átti að hafa brotnað í þætti Jóns Ólafssonar í Sjónvarpinu í gærkvöldi.

Lögreglustjóri og aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins í eftirlitsgöngu:

Stukku fyrir ölvaðan ökumann

LÖGREGLUMÁL Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, og Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri hlupu á föstudaginn í veg fyrir bíl vegna gruns um ölvunarakstur og stöðvudu ökumanninn.

Lögreglustjórnir voru í reglulegri eftirlitsgöngu um götur Reykjavíkur. Þeir voru staddir í Skuggasundi þegar þeim barst tilkynning í gegnum samskiptakerfi lögreglunnar um mann nálægt Björnshlíðar við Skúlagötu sem gerði sig líklegan til að setjast undir stýri án þess að vera í ástandi til að keyra.

Stefán segir þá Jón hafa rokið



STEFÁN EIRÍKSSON

JÓN H.B. SNORRASON

af stað og ætlað að aðstoða við að stöðva manninn. Þeir hafi fengið upplýsingar um staðsetningu bílsins í gegnum samskiptamiðstöð

lögreglunnar, sem var í beinu sambandi við árvökulan vegfaranda.

„Við sjáum hvar ökumaðurinn keyrir af stað og tökum á rás. Jón stekkur til og stöðvar manninn. Við ræðum við hann og innan við mínútu síðar koma fleiri lögreglu- menn á staðinn og taka við málinu. Það mun síðan fara sína hefðbundnu leið,“ segir Stefán.

Aðspurður hvort ekki sé óvenjulegt að æstu menn lög- reglunnar hlupi uppi ölvaða öku- menn segir Stefán þetta hluta af lögreglustarfinu. Tilviljun ein hafi ráðið því að þeir voru fyrstir á vettvang.

- bg

Verðmæti tryggt í listaverki:

Þjófarnir stálu milljón á striga

OSLÓ, AP Peningaseðlar límdir á striga, verk norska listamannsins Jan Christensen, vakti ekki bara athygli listunnenda á landsvísu heldur einnig þjófa sem brutust inn í sýningarhallinn og höfðu verkið með sér á brott seinnipart sunnudags.

Christensen sagðist hafa verið hræddur um að þetta kæmi fyrir en peningaseðlarnir sem hann notaði í verkið komu úr hans eigin vasa og voru samtals rúm milljón króna. Verkið, sem var tryggt, hafði verið selt norskum listun- anda. Christensen hafði ekki ákveðið hvort hann myndi gera annað verk sömu gerðar.

- sdg

Sinfóníuhljómsveit Íslands:

Dæmd til að greiða bætur

DÓMSMÁL Sinfóníuhljómsveit Íslands var á fimmtudag dæmd til að greiða fyrrum starfsmanni sínum 1,3 milljónir króna vegna ólögætrar uppsagnar hans. Maðurinn hafði krafist þess að fá 6,6 milljónir vegna starfslokanna og Héradssómur Reykjavíkur hafði dæmt Sinfóníuhljómsveit- ina til að greiða honum tæplega helming þeirrar upphæðar.

Hæstiréttur vísaði til þess að maðurinn hefði ekki fengið að tala máli sínu áður en ákvörðun um uppsögn var tekin eins og stjórnslög kveða á um. Því hafi uppsögnin verið ólögæt.

- þsj



DÍANA PRINSESSA OG DODI AL FAYED Faðir Dodis vann áfangasigur fyrir dóm- stólum í gær.

Rannsókn á dauða Diónu:

Kviðdómur settur í málið

LONDON, AP Auðkýfingurinn Mohammed al Fayed, eigandi Harrods-verslananna í Bretlandi, vann í gær sigur þegar dómstóll úrskurðaði að kviðdómur yrði kallaður saman fyrir réttarrann- sókn á dauða Dodi Fayed, sonar hans og Diónu prinsessu.

„Þetta eru ekki leiðarlokin, en þetta er mikilvægt skref. Nú þarf að leyfa kviðdómnum að heyra allan málflytninginn, en ég óttast að reynt verði að halda honum frá þeim. Ef svo verður, þá þarf ég að heyja eina baráttuna enn,“ sagði al Fayed við fréttamenn fyrir utan dómshúsið í gær.

- gb

Framsókn sjálf sögð svæfa auðlindamál

Össur Skarphéðinsson segir fulltrúa Framsóknarflokks í stjórnarskrárnefnd hafa verið áhugalaus um tillögu um auðlindaákvæði. Bjarni Benediktsson segir auðlindamálið flókið og að stjórnarskrárnefndin sé enn í miðjum klíðum.

STJÓRNAMÁL „Framsókn reisir þetta mál núna bersýnilega vegna þess að flokkurinn telur þörf á að skapa ágreining við Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórninni sökum fylgis- fátæktar,“ segir Össur Skarphéð- insson, formaður þingflokks Sam- fylkingarinnar.

Össur, sem er einn þriggja alþingismanna sem sitja í undir- hópi stjórnarskrárnefndar, segir að í apríl í fyrra hafi verið gengið frá tillögu í undirhópnum um auð- lindaákvæði í stjórnarskrá um að auðlindir og landsréttindi sem ekki séu háð einkaeignarrétti skyldu vera þjóðareign sem ekki mætti láta varanlega af hendi við einstaklinga eða fyrirtæki. Hins vegar mætti ríkið veita tíma- bundna heimild til að nota þessar auðlindir og réttindi gegn gjaldi. Á slíka afnotaheimild yrði litið sem óbein eignarréttindi þess sem heimildina fengi.

Össur segir að þessi tillaga starfshópsins hafi verið rædd í stjórnarskrárnefndinni sjálfri við litlar undirtektir stjórnarliða. „Nú virðist sem Framsóknarflokkur- inn sé kappsfullur í að ná málinu fram. En þetta er hreinn yfir- drepsskapur af hálfu Framsóknar- flokksins sem er að reyna að hreinsa af sér slyðruorðið um að hann liggi eins og tuska fyrir Sjálf- stæðisflokknum í öllum málum. Hvað sem því líður þá fagna ég þessum sinnaskiptum og við munum sjá til þess á Alþingi að þeir verði látnir standa við þessi stóru orð.“

Bjarni Benediktsson alþingis- maður, sem situr í áðurnefndum



AUÐLINDIN Fiskurinn í sjónum og aðrar auðlindir eru komnar upp á yfirborðið í aðdraganda alþingiskosninga.

MYND/PORSTEINN G. KRISTJÁNSSON



BJARNI BENEDIKTSSON

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

vinnuhópi ásamt Össuri og Guð- jóni A. Kristinssyni, formanni Frjálslynda flokksins, segir afgreiðslu vinnuhópsins aðeins hafa verið umræðugrundvöll fyrir frekari skoðun í stjórnar- skrárnefndinni sjálfri.

Að sögn Bjarna er vandséð að unnt verði að afgreiða breytingu á auðlindaákvæði stjórnarskrárinn-

ar fyrir þinglok. Mjög flókin lög- fræðileg og hagfræðileg álitaeftni bíði enn úrlausnar. Stjórnarskrár- nefndin sé einfaldlega í miðjum klíðum.

Að sögn Bjarna sýnir virk þátt- taka sjálfstæðismanna í stjórnar- skrárnefndinni að þeir vinni að framgangi stjórnarsáttmálans.

„Ég skil ekki brígl þess að við séum eitthvað að draga lapp- irnar í þessum efnun þegar við höfum verið með mjög virka þátt- töku í þessu starfi,“ segir Bjarni. „Það er mikil synd þegar menn eru búnir að hrinda af stað starfi eins og því sem fer fram í stjórn- arskrárnefnd að menn skuli ekki hafa þolinmæði til að leyfa því starfi að hafa sinn gang. Menn eiga ekki að gera breytingar á stjórnarskránni á einhverjum stuttum spretti.“

gar@frettabladid.is



VERSLUN Í KÚVÆT Starfsmenn fjarlægja danskar vörur í byrjun síðasta árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/APF

Teiknimyndafarið:

Útflutningur Dana minnkaði

DANMÓRK, AP Útflutningur á dönskum vörum til múslimalanda dróst það mikið saman á síðasta ári að heildarútflutningur Dana minnkaði um 11 prósent. Danska hagstofan skýrði frá þessu í gær.

Mest munaði þar um mjólkur- vörur, en útflutningur á þeim til múslimalanda minnkaði um 39 prósent. Ástæðuna má rekja til teiknimyndanna af Múhamed spámanni, sem birtust í Jótlands- póstinum haustið 2005. Múslimar um heim allan reiddust myndbirt- ingunum í byrjun árs 2006 og víða voru danskar vörur fyrir vikið fjarlægðar úr verslunum.

- gb

Fíkniefni fundust í Hveragerði:

Tuttugu grömm af amfetamíni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi fann um tuttugu grömm af amfetamíni við húsléit í íbúðar- húsi í Hveragerði á föstudag.

Tveir menn sem voru í húsinu voru handteknir í kjölfarið. Þeir voru báðir látnir lausir að loknum yfirheyrslum. Síðar um kvöldið fór lögregla inn í fjölbýlishús í sama bæjarfélagi og fann þar kannabiseftni. Við nánari athugun fundust síðan kannabisplöntur í ræktun í geymslu sem tilheyrði íbúðinni. Lagt var hald á plönt- urnar auk búnaðar sem notaður var. Málin eru í rannsókn.

- þsj

Bókhald II

Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi. Hentar þeim þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið Tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná frekari skilningi og færni í bókhaldi.

Helstu kennslugreinar:

Upprifjun á fjárhagsbókhaldi, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur. Launabókhald, launamiðar, launaframtöl og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda. Lestur ársreikninga.

Kennsla hefst 8. mars og lýkur 27. mars.

Morgunnámskeið:

Mánudaga og fimmtudaga kl. 8.30-12.

Kvöldnámskeið:

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-21.30.

Langd: 32 std. Verð kr. 36.000,-



TÖLVUSKÓLINN PEKING
FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SIMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

Sex létust og 29 slösuðust þegar rúta með körfuboltalið innanborðs lenti í slysi:

Rúta steyptist fram af afreinu

BANDARÍKIN, AP Sex manns létust í gærmorgun í Atlanta þegar rúta með körfuboltalið háskólanema frá Ohio í Bandaríkjunum innanborðs fór í gegnum vegrið á afreinu, steyptist fram af og lenti á fjölfarinni hraðbraut fyrir neðan.

Fjórir nemendur voru meðal hinna látnu ásamt bílstjóra rútunnar og eiginkonu hans. Alls hlutu 29 farþegar meiðli í slysinu, þar af eru þrír lífshættu- lega slasaðir.

Slökkviliðsmenn þurftu að draga farþegana út um glugga á þaki rútunnar, sem lá á hliðinni á veg- inu. Þegar rútan fór fram af lenti hún framan á pallbíl á hraðbrautinni og sagðist bílstjóri pallbíl- sins hafa haldið að steypuplata væri að falla ofan á sig. „Ég sá ekki að þetta var rúta. Ég held að þegar ég sá þetta koma hafi ég lokað augunum og stigið á bensínjölfina.“ Framhluti pallbíl- sins laskaðist en bílstjórnin slapp án meiðsla.

Að sögn talsmanns lögreglunnar er talið líklegt að orsök slyssins hafi verið sú að ökumaður rútunnar hafi ruglast og haldið að afreinin væri akrein. Ekki hafði enn birt af degi þegar slysið varð.

Körfuboltaliðið, sem kom frá Bluffton-háskóla í



SLYSSTAÐURINN Rútan fór í gegnum vegrið áður en hún steyptist niður á hraðbraut fyrir neðan þar sem hún lenti á hliðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ohio, var á leið til Flórída þar sem það átti að keppa um helgina.

- sdg

skattur.is

Þjónustusíðan þín



Hver framteljandi á sína eigin þjónustusíðu á vef skattstjóra, **skattur.is**, sem er ávallt aðgengileg með veflykli. Þjónustusíðan hefur að geyma margvíslegar persónulegar upplýsingar auk ýmissa valkosta, þar sem útfylling og skil skattframtals er sá veigamesti. Auk framtalsgerðar er unnt að skoða framtöl fyrri ára, fá bráðabirgðaútreikning álagningar, sækja staðfest afrit framtals og senda inn leiðréttingar og kærur. Þegar álagningu er lokið má nálgast álagningarseðilinn á þjónustusíðu.

Á þjónustusíðunni getur þú fundið ýmsar gagnlegar upplýsingar, m.a. um:

- staðgreiðslu
- fasteignir
- álagningu
- stöðu opinberra gjalda
- gagnaskil
- námslán
- skattskil
- bætur
- ökutæki

Fljótlegt,
öruggt
og einfalt
að telja fram



Skilafrestur

Almennur skilafrestur einstaklinga er til 21. mars. Hægt er að sækja um viðbótarfrest á **skattur.is**. Sá frestur er a.m.k. til 26. mars og getur lengstur orðið til 30. mars. Aðeins þarf að sækja um fyrir annað hjóna og ekki þarf að sækja sérstaklega um fyrir börn yngri en 16 ára.

Símapjónusta 511-2250

Í mars verður aðstoð veitt frá kl. 8 til 16 alla virka daga í síma 511-2250. Frá 17. mars verður þjónustan í boði til kl. 19 á virkum dögum og á milli kl. 12 og 17 um helgar.



RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

GENGIÐ 02.03.2007

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,76	67,08
Sterlingspund	130,26	130,9
Evra	87,84	88,34
Dönsk króna	11,79	11,858
Norsk króna	10,825	10,889
Sænsk króna	9,453	9,509
Japanskt jen	0,5678	0,5712

SDR	100,38	100,98
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
		120,2721
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Ráða þarf bót á aðstöðuleysi blindra, segir breskur sérfræðingur:

Einn kennari á öllu landinu

FÉLAGSMÁL Einn kennari er fyrir blinda nemendur á öllu landinu og hann sinnir einungis einum nemanda. Álfthanesskóli greiðir laun hans. Önnur sveitarfélög á landinu bjóða blindum nemendum sínum ekki upp á þessa þjónustu, en samkvæmt Sjónstöð Íslands eru á landinu 142 blindir og mikið sjónskertir einstaklingar undir tívögu.

Þetta var meðal þess sem bar á góma á opnum fundi Blindrafélagsins á þriðjudaginn. Fjallað var um skýrslu sérfræðingsins Johns Harris, sem unnin var að beiðni félagsins. Mæltist hann til að heildarstefna yrði samin um málefni blindra og að þjónusta við þá yrði



JOHN HARRIS Hélt líffegan fyrirlestur um úrræði sem skortir til að bæta megi menntun blindra barna á Íslandi.

sambætt og einstaklingsmiðuð; ekki væri nóg að blindir kynnu að reikna, þeir þyrftu einnig að geta tekið þátt í samfélaginu.

Ágústa Eir Gunnarsdóttir, ritari stjórnar Blindrafélagsins, harmaði ástand mála og benti á að fyrir 24 árum hefði námsaðstaða blindra verið betri en hún er í dag. Nú væri

svo komið að foreldrar blindra barna tækju á það ráð að flýja landið til að tryggja þeim góða menntun.

Ágústa sagði skýrsluna áfelligdom yfir ráðamönnum menntamála. „Tími starfshópa og vangaveltna er liðinn. Nú er tími framkvæmda,“ sagði hún.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri ávarpaði fundinn og sagði ljóst að ýmsir jadarhópar hefðu borið skarðan hlut frá borði í upp-sveiflu síðustu ára. Það sé ósættanlegt að blindir njóti ekki sömu menntunar og aðrir. Reykjavíkurborg skorist ekki undan ábyrgð í þessum efnun.

Finnar og Rússar: Kvikmynd um Mannerheim

FINNLAND Finnar og Rússar ráðgera að gera í sameiningu kvikmynd um Carl Gustaf Emil Mannerheim, þjóðhetju og yfirmann finnska hersins í heimsstyrjöldinni síðari. Gert er ráð fyrir að myndin kosti tólf til fjórtán milljónir evra og verður hún þá dýrasta myndin í sögu finnskra kvikmynda. Myndinni verður leikstýrt af leikstjóranum Renny Harlin, að sögn.

Til er leikrit um Mannerheim á finnsku en ekki er vitað á hvaða máli myndin um Mannerheim verður. Stefnir er að því að taka myndina snemma á næsta ári og frumsýna síðla ársins.

Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna:

Mikið ber á milli í Kosovo

VÍNARBORG, AP Martti Ahtisaari, fyrrverandi Finnlandsforseti, segir að serbnesku og albönsku samningafulltrúarnir frá Kosovo



MARTTI AHTISAARI

séu algerlega á öndverðum meiði um tillögur Sameinuðu þjóðanna um framtíð héraðsins. Ahtisaari, sem samdi tillögurnar, hefur átt fundi með fulltrúum beggja

þjóðarbrotanna og sagðist nú ætla að skoða athugasemdirnar og „sjá til hvers konar breytingar við gætum gert“.

Samkvæmt tillögum fengi Kosovo veruleg sjálfstjórnarréttindi án þess þó að hafa formlegt sjálfstæði, auk þess sem serbneski minnihlutinn fengi að hafa nán tengsl við Serbíu.

Stórfellt smygl á kókaíni:

Annar maður í gæsluvarðhald

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið úrskurdaður í gæsluvarðhald í tvær vikur vegna innflutnings á tæpum fjórum kílóum af kókaíni í september í fyrra. Áður hafði fertugur karlmaður verið úrskurdaður í gæsluvarðhald vegna málsins og var það einnig framlengt um tvær vikur í gær.

Tollgæslan fann efnin vandlega falin í pallbíl hinn 17. nóvember síðastliðinn. Hann hafði skömmu áður komið til landsins frá Cuxhaven í Þýskalandi. Lögreglan fylgdist í kjölfarið með bifreiðinni og 9. febrúar var eldri maðurinn handtekinn. Þetta er mesta magn kókaíns sem gert hefur verið upptækt í einu lagi á Íslandi.

Vilja ná samstöðu um þjóðlendurnar

Fjölmennu landsþingi Framsóknarflokksins lauk í gær. Mikið var rætt um þjóðlendumál og er vilji flokksins að skapa sátt um málið. Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, segir jafnvel þörf á að endurskoða lög um þjóðlendar.

STJÓRNMÁL „Framsóknarmenn leggja áherslu á að ríkisvaldið uni úrskurðum óbyggðanefndar, enda er nefndin skipuð af ríkisstjórn landsins,“ segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann segir að hugsanlega verði að taka lög um þjóðlendar til endurskoðunar. Ályktun flokksþingsins snúist um að skapa sátt um eignarhald á landi og vinna hratt að sáttum.

„Ég tel mestar líkur til þess að hægt verði að ná samstöðu með breytingum sem fjármálaráðherra hefur undirbúið. Í stað þess að leggja fram kröfugerð í upphafi þá er lögð fram beiðni um rannsókn hjá óbyggðanefnd og síðan möguleiki á samningum áður en málið fer í dómsmeðferð,“ segir Jón.

Meðal þess sem fram kemur í ályktun þingsins er að kröfum verði ekki þinglýst með þeim hætti sem skerðir eignarréttindi manna meðan mál standa yfir. Þá fagnar þingið stofnun landsamtaka jarðeigenda og telur mikilvægt að ríkisstjórnin eigi gott samstarf við samtökin.

HELSTU ÁLYKTANIR

- Samstaða verði sköpuð um þjóðlendar
- Virðisaukaskattur á lyfjum lækki í sjö prósent
- Dreigið verði úr tekjutengingum bóta
- Kynbundnum launamun verði með öllu eytt
- Fæðingarorlof lengist úr 9 mánuðum í 12



BIRKIR JÓN OG VALGERÐUR Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sést hér ræða málin við Valgerði Sverrisdóttur á landsþinginu í gær.

Um 600 manns sátu flokksþingið og var mikill hugar í flokksmönnum við lok þingsins. „Mér finnst standa upp úr á þessu þingi sú mikla samstaða sem er meðal flokksfélaga og mjög léttur andi og áhugi. Mér sýnist af þessu flokksþingi að Framsóknarflokkurinn sé í mikilli sókn,“ segir Jón. Um 60 ályktanir voru samþykktar á þinginu og segir formaðurinn þær lýsa bjartsýni og framfarastefnu flokksins.

Meðal þess sem ályktað var um á þinginu var lækkun virðis-

aukaskatts á lyfjum niður í sjö prósent, að minnka tekjutengingu bóta og að kynbundnum launamun yrði eytt. Þá samþykkti þingið ályktun um lengingu fæðingarorlofs úr níu mánuðum í tólf.

Jón segir að Framsóknarflokkurinn muni leggja þingsta áherslu á velferðar- og fjölskyldumál. Þá verði lögð áhersla á atvinnu- og byggðamál, auðlindamál og náttúruvernd, sókn í menntun og loks á jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum.

hnefill@frettabladid.is

Framsóknarflokkurinn:

Verðlauna starf Samtakanna '78

VERÐLAUN Samtökin '78 hlutu bjartsýnisverðlaun Framsóknarflokksins sem veitt voru á síðari degi landsþings flokksins í gær.



HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR

Hljóta samtökin verðlaunin fyrir baráttu sína fyrir mannréttindum. Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður samtakanna, veitti verðlaunum viðtöku úr hendi Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins.

Hrafnhildur þakkaði sérstaklega fyrir þann stuðning sem samtökin hafa notið meðal framsóknarmanna og minnti fólk á að baráttunni væri ekki lokið, þótt mannréttindum væri náð, þeim þyrfti einnig að viðhalda.

Thinkpad-fartölvur ofhitna:

Lenovo kallar inn rafhlöður

TÆKNI Tölvuframleiðandinn Lenovo hefur innkallað rafhlöður sem seldar voru með ThinkPad fartölvur frá febrúar 2005 til mars 2007. Sveinn Orri Tryggvason, deildarstjóri hjá Nýherja, segir innköllunina ná yfir um tvö hundruð tölur sem seldar voru hér á landi. Um er að ræða T60-tegundina af Thinkpad-fartölvum.

Í fréttatilkygningu segir að innköllunin sé vegna nokkurra ofhitnunartilvika þar sem fartölvur skemmdust. Alls verða um tvö hundruð þúsund rafhlöður kallaðar inn um allan heim. Sveinn biður notendur sem telja sig hafa gallaða rafhlöðu um að hafa samband við Nýherja.

Bókhald I

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tókum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Námið er metið til eininga.

Helstu kennslugreinar:

Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Kennsla hefst 20. mars og lýkur 17. maí.

Morgunnámskeið: Kennir er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 8.30 - 12.

Kvöld- og helgarnámskeið: Kennir er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-21.30 og laugardaga kl. 9 - 12.30.

Lengd: 100 kennslustundir. Verð: 94.000,-
Allt kennsluefni innifalið.




TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SIMI: 544 2210

VEÐURSPÁ


um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C hálfskýjað	London	11°C skúrir
Billund	7°C hálfskýjað	Paris	15°C skúrir
Oslo	2°C snjóé	Frankfurt	11°C alskýjað
Stokkhólmur	3°C hálfskýjað	Friedrichshafen	11°C hálfskýjað
Gautaborg	2°C léttskýjað	Berlin	7°C hálfskýjað

» á morgun



13:20 m/s en heldur hægar norðaustan til framán dagi.

» þriðjudagur



Hvassviðri eða stormur.

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

MAX

Frábær tækjakaup

29.999 kr.

17 tommur

Enox LTV7417HD

- 17" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280x1024 punktar
- Progressive Scan
- 12w Nicam Stereo hljóðkerfi
- Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

Fullt verð

~~44.999~~

20stk

Landsins mesta úrval
sjónvarpa á lágMAXverði

33% afsl.

117.999 kr.



Fullt verð ~~159.999~~

32 tommur

Philips 32PF5331

- 32" LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear
- Progressive Scan
- HD Ready - skerpa 1.600:1
- Active Control og Contrast Plus
- 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

26% afsl.

164.999 kr.



Fullt verð ~~239.999~~

37 tommur

Toshiba 37WL66ZS

- 37" LCD breiðtjald
- Upplausn: 1366x768
- Active vision LCD
- Progressive scan
- 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 Scart (RGB), 2 HDMI, SVHS, CVBS, Component og heyrnartólstengi

31% afsl.

5stk

199.999 kr.



Fullt verð ~~299.999~~

42 tommur

Philips 42PF5421

- 42" LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Ljósmyndari og Active Control
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

33% afsl.

10stk

249.999 kr.

Fullt verð ~~399.999~~

42 tommur

Pioneer PDP427XA

- 42" Plasma sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 1100 cd/m2
- Direct Color Filter 2
- Miklir tengimöguleika

38% afsl.



24.999 kr.

21 tommur

Fullt verð

~~34.999~~

United TVD5038

- Stereó hljóðkerfi
- Scart tengi
- Spilar DVD, VCD og SVCD
- Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3

29% afsl.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint
á móti IKEA

MAX
RAFTÆKI

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



Ferð þú til útlanda í sumarfríinu?

Já	54%
Nei	46%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Gerir þú verðsamanburð þegar kemur að stærri innkaupum?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Skattayfirvöld opna vefinn www.skattur.is fyrir framtalsskil almennings:

Auðveldar skil á framtölum

NEYTENDUR Árni Mathiesen fjármálaráðherra opnaði á fimmtudag nýjan vef skattayfirvalda, www.skattur.is. Vefnum er ætlað að auðvelda almenningi skil á skattframtölum auk þess sem verið er að skilja betur milli starfssviðs ríkisskattstjóra og skattstjóra.

Helsta nýjungin sem verður með nýja vefnum er sú að nú verða öll rafræn skattframtalsskil almennings í gegnum hann. Gamli vefurinn, www.rsk.is, verður áfram til staðar en mun fyrst og fremst þjóna fagaðilum í atvinnurekstri.

Önnur nýjung sem kemur til með nýja vefnum er sú að á honum



NÝI VEFURINN OPNAÐUR Árni Mathiesen fjármálaráðherra ræsir vefinn á skrifstofu skattstjóra í gær.

verður mögulegt að sækja um veflykla og fá þá senda beint í netbanka. Auk þess verður hægt að sækja um skattkort á honum með

rafrænum hætti frá og með apríl næstkomandi.

Að sögn Skúla Eggerts Þórðarsonar skattrannsóknarstjóra er nýi vefurinn mun aðgengilegri og skýrari fyrir hinn almenna framteljanda en sá gamli. „Fólk getur nú talið fram betur og nákvæmar. Ríkisskattstjóri hefur til þessa tekið við framtalsskilum almennings í gegnum sinn vef en það hefur valdið ákveðnum erfiðleikum vegna þess að sá vefur er heldur yfirgrípsmikill. Með þessu erum við líka að greina betur á milli verkefna skattstjóra annars vegar og ríkisskattstjóra hins vegar.“

Hagur Hafnarfjarðar ályktar:

Stækkun álvers verði samþykkt

STÓRÍÐJA Samtökin Hagur Hafnarfjarðar hvetja Hafnfirðinga til að samþykkja stækkun álversins í Straumsvík. Á fundi samtakanna í Hafnarborg á fimmtudaginn var samþykkt ályktun þess efnis. Íbúar Hafnarfjarðar munu greiða atkvæði um stækkun álversins hinn 31. mars.

Í tilkynningu frá samtökunum er lýst yfir áhyggjum um að álverinu verði lokað ef ekki verði af stækkun. Lokun álversins komi niður á þeim rúmlega 800 fyrirtækjum og birgjum í landinu sem selji álverinu þjónustu. Rúmlega hundrad þessara fyrirtækja eru í Hafnarfirði, segja samtökin. - ifv



LANGREYÐUR Íslenski stofninn á ekki heima á lista CITES yfir dýr í útrýmingarhættu.

Ársfundur NAMMCO:

Langreyður af útrýmingarlista

SVÁVARÚTVEGUR Langreyðastofninn á hafsvæðinu í nágrenni við Ísland á ekki heima á valista CITES yfir stofna sem sagðir eru í útrýmingarhættu, að mati vísindanefndar Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO). Þetta kom fram á ársfundi ráðsins sem er nýllokki í Tromsø í Noregi.

Vísindanefndin tók að beiðni íslenskra stjórnvalda saman yfirlit um stöðu langreyðastofnsins á svokölluðum miðsvæði Norður-Atlantshafs. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að engar líffræðilegar forsendur séu fyrir því að stofninn sé á svokölluðum Appendix I lista CITES, sem er alþjóðlegur umhverfissamningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. - shá

Áströlsk kona dæmd: Smyglaði fiski í pilsfaldinum

MELBOURNE, AP Áströlsk kona á fimmtugsaldri var nýverið dæmd í níu mánaða samfélagsþjónustu fyrir að smygla fiskum frá Asíu til Ástralíu.

Fiskarnir, sem konan faldi í pilsfaldi sínum, eru bæði friðaðir og verðmætir. Grunsemdir tollvarða vöknúðu þegar þeir heyrðu skvamp í fötum konunnar og við nánari athugun komu fimmtán pokar af vatni og fiski í ljós. Áströlsk töllyfirvöld líta athæfið alvarlegum augum, sérstaklega vegna smithættu í áströlskum fiskiðnaði. - bej

REYKHÓLAR

Auglýst eftir aukaibúðum

Svo mikill skortur er nú á íbúðarhúsnæði í Reykhólahreppi að sveitarstjórn hefur auglýst eftir íbúðum. Hart sé að þurfa að vísa hæfu fólk frá. „Er aukaibúð í þínu húsi? Er möguleiki að gera aukaibúð í þínu húsi?“ spyr sveitarstjórnin í ákalli á vefsetri hreppsins.

PERSÓNUEVRND

Kvenstúdentar rannsakaðir

Persónuvernd hefur gefið út 15 ný leyfi til að skoða sjúkaskrár Íslendinga. Meðal annars á að rannsaka orsakir eitlastækkana, geislaálag barna við tölvusneiðmyndarannsóknir, áhrif helgiathafna á úrvinnslu sorgar þar sem líffæri eru gefin úr látnum gjafara.

Greiða 67 milljónir árlega með Perlunni

Orkuveitan greiðir um 67 milljónir með Perlunni árlega. Auk þess rýrnar verðmæti hennar um 60 milljónir króna á hverju ári. Borgin ekki söm án Perlunnar segir stjórnarformaður OR. Mætti nýttast betur að sögn Dags B. Eggertssonar.



PERLAN Auk rekstrarkostnaðarins rýrnar verðmæti hennar um sextu milljónir á hverju ári. Bygging hennar kostaði á sínum tíma vel á þriðja milljarð króna á núverandi.

REYKJAVÍK Orkuveita Reykjavíkur (OR), sem er í meirihluta eigu borgarinnar, greiddi tæplega 67 milljónir með Perlunni árið 2005. Heildarkostnaður vegna hennar það árið nam rúmum átta tugi milljónum, en tekjurnar voru fjórtán milljónir. Stærsti kostnaðarliðurinn er fasteignagjöld, en OR greiddi rétt um 45 milljónir í þau á umræddu ári.

Að sögn Hjörleifs Kvaran, aðstoðarforstjóra OR, er þessi kostnaður hefðbundinn milli ára. Auk rekstrarkostnaðar rýrnar verðmæti Perlunnar um sextu milljónir á ári.

Perlunni kostaði vel á þriðja milljarð króna á núverandi í byggingu. Hún var tekin í notkun árið 1991. Því má ætla að rekstrartap vegna hennar frá þeim tíma nemi rúmlega milljarði króna auk fyrningar á verðmæti hennar, sem er svipuð upphæð.

Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður OR, segir upphaflegan tilgang byggingarinnar hafa verið að koma upp tákni fyrir borgina. „Reykjavíkurborg yrði ekki söm án Perlunnar og mér finnst mikil þrýði af henni. Það er náttúrulega æskilegt og í sjálfu sér alltaf markmið að lækka kostnað vegna hennar og ná fram meiri hagræðingu í rekstrinum. Margar tillögur hafa komið fram um það en flestar hafa verið þess eðlis að það hefur verið erfitt að fara út í þær.“

Hann segir fasteignagjöldin vissulega vera há en taka verði tillit til þess að þau greiðist til eiganda OR, Reykjavíkurborgar. Því sé raunverulega verið að færa fé vasa á milli.

Að sögn Guðlaugs yrði það afskaplega flókið mál að selja Perluna jafnvel þótt vilji væri fyrir því. „Við held ég að væri afar óskynsamlegt því við þurfum á þeim að halda. Þeir eru allir í fullri notkun hjá Orkuveitunni fyrir utan þennan eina sem er notaður sem safn.“

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir það ekki þjóna neinum tilgangi að velja sér upp úr réttmæti þess að ráðast í byggingu Perlunnar. „Það var gert og hún er barna. En það er auðvitað slæmt að borgin sé að greiða þessar fjárhæðir með henni árlega. Ég held að það sé hægt að nýta hana mun betur en til að hýsa útsölumarkaði líkt og nú er gert.“

thordur@frettabladid.is

Hugmyndir um uppbyggingu byggðar á landfyllingu eru til skoðunar:

Landfyllingar byggilegar

SKIPULAGSMÁL Jón Þorvaldsson, forstöðumaður tæknideildar Faxaflóahafna, sem hefur unnið að verkefnum tengdum landfyllingum í áratugi, segir uppbyggingu byggðar á landfyllingu úti fyrir Örfirisey vera vel mögulega.

Hugmyndir um þess konar uppbyggingu hafa komið fram að undanförunu, frá þróunarfélaginu Þyrpingu annars vegar og Björgun hf. og Byggi hf. hins vegar.

Jón telur nauðsynlegt að vinna að skoðun samgöngumála samhliða vinnu við skipulagningu íbúðarbyggðar.

„Hugmyndir um að það geti verið varasamt að byggja á landfyllingum eru ekki nýjar af nálinni. Þær hafa verið fyrir hendi árum saman. Staðreyndin er samt sú að þróun byggðar við margar borgir víða um heim allan er á landfyllingum, til dæmis í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndunum,“ segir Jón og leggur áherslu á að réttar aðferðir og nákvæm skoðun á aðstæðum skapi grunninn að byggð á landfyllingum.

„Vitanlega þarf að skoða aðstæður vel, og taka inn í alla útreikninga hvað mögulega getur gerst á hverjum tíma, en ekkert er því til fyrirstöðu að byggja upp byggð á landfyllingum hér sem annars staðar. Eins og staða mála er hér er það fyrst og fremst uppbygging og skipulagning samgöngumannvirkja sem þarf að



LANDFYLLINGARHUGMYND Unnið er að skoðun á mögulegri landfyllingu.

MYND/ÞYRPING

huga að, hvað varðar stöðu mála í Reykjavík.“

Haft var eftir Magnúsi Tuma Guðmundssyni jarðeðlisfræðingi í Fréttablaðinu á dögnum að skoða þyrfti vandlega hvort viturlagt

væri að byggja upp byggð á landfyllingu úti fyrir Örfirisey.

Hækkun sjávarborðs gæti haft áhrif á byggð ef ekki væri vandað nægilega til verka.

- mh



Mikilvægt skref í átt að þínum alþjóðlega frama

Information meeting
Hotel Nordica, 6th March at 18.00

Hear about the AP Degree programmes in:

Marketing Management

Marketing Coordinator, Advertising consultant, Account manager, Purchasing assistant

Computer Science

System designer, Programmer, IT consultant, Project manager, Systems administrator

Multimedia Design & Communication

Web designer, Web developer, Multimedia consultant, Media planner, Event manager

Also hear about our Technical programmes:
Technical Manager - offshore, Production Technology and other

Nánari uppl. www.bawest.dk



Sp. Kirkevej 103, DK-6700 Esbjerg. Tel.: +45 7613 3200, internationaloffice@eavest.dk



Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Glitnir Fjármögnun býður trausta ráðgjöf og fjölbreyttar lausnir fyrir bílakaupendur. Við sníðum þjónustuna að þínum þörfum og hjálpum þér þannig að eignast draumabílinn.

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.glitnirfjarmognun.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4420.

HVAÐ ÞARF ÉG AÐ GREIÐA?

Dæmi um mánaðargreiðslu af 1 milljón króna bílasamningi til 7 ára.

Samsetning	Gengisáhætta	Mánaðargreiðsla*
100% IKR	Engin	15.611 kr.
34% IKR, 33% CHF, 33% JPY	Meðal	14.690 kr.
50% CHF, 50% JPY	Mikil	14.226 kr.

*M.v. Gullvildarkjör og gengi 02.03.07

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN

Kröftugt flokksþing Framsóknar:

Endurtekur sagan sig?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Stjórnmalaflokkarnir halda allir landsfundi eða flokksþing í aðdraganda kosninganna í vor. Framsóknarflokkurinn hefur átt í vök að verjast umfram aðra flokka undanfarin misseri. Í því ljósi má segja að flokksþingið nú hafi með ákveðnum hætti verið honum mikilvægara en öðrum flokkum.

Málefnaundirbúningur flokksþingsins bar öll merki vandaðrar og málefnalegar vinnu. Ályktunartillögur um utanríkis- og Evrópumál byggðust til að mynda á ábyrgum og raunsejum sjónarmiðum. Þá komu fram athyglisverðar hugmyndir um breytingar á kosningaskipan og skipulagi stjórnarráðsins.

Ræða flokksformannsins var um flest málefnaleg með hvassri gagnrýni á þá flokka sem framsóknarmenn telja að hafi helst náð frá þeim fylgi. Annað verður ekki sagt en að kraftur og þungi hafi verið í ræðu hans.

Allt yfirbragð flokksþingsins var á þann veg að ætla má að þeir forystumenn sem þar komu saman séu ráðnir í að ganga fram af fullri einurð í komandi kosningaráttu. Þegar á þessa hefðbundnu mælikvarða er litið sýnist Framsóknarflokkurinn frekar hafa sótt í sig veðrið en hitt.

Hætt er hins vegar við að uppljóstrun heilbrigðis- og tryggingaráðherra um að forystumenn flokksins hafi að undanförunu lagt á ráðin um stjórnarslit og myndun nýrrar minnihlutastjórnar fyrir kosningar hafi í einhverjum mæli dregið athyglina frá þinginu sjálfu og ræðu formannsins.

Málið snýst um að festa í stjórnarskrá hugtakið þjóðareign á auðlindum. Formaðurinn hefur staðfest að þau sjónarmið séu uppi sem heilbrigðis- og tryggingaráðherra hefur lýst en eigi að síður viti hann ekki til þess að ágreiningur sé um málið. Ýmsir hafa reyndar undrast hversu lengi framsóknarmenn hafa dregið að búa til stöðu sem miðaði að því að greina þá frá samstarfsflokkum.

Formaður þingflokks Samfylkingarinnar hefur réttilega vakið athygli á því að Framsóknarflokkurinn kaus að hreyfa þessu máli ekki í stjórnarskrárnefnd. Með því að flokkurinn hafði ákveðið að nota það sem stjórnarslitahótun var rétt og eðlilegt að gera það við ríkisstjórnarborðið en ekki í sjálfstæðri nefnd sem ætlað var að vinna á öðrum forsendum.

Svo er það stóra spurningin: Hverjir eru líklegastir til að græða á hugsanlegum stjórnarslitum? Skoðanakannanir sýna talsverða þreytu með stjórnarsamstarfið, ævintýralega sókn Vinstri grænna og ósk nærri helmings kjósenda um áframhaldandi stjórnarforystu núverandi forsætisráðherra.

Ef kjósendur þurfa ekki að nota atkvæðaseðilinn til þess að koma þreyttu samstarfi frá völdum gæti því svo farið að forystuflokkurinn í ríkisstjórn græddi mest á stjórnarslitum nú. Það gerðist við svipaðar aðstæður 1979 þegar óvinsælt vinstra samstarf var óvænt rofið með myndun minnihlutastjórnar og kosningum í kjölfarið.

Þá vann Framsóknarflokkurinn, sem verið hafði í stjórnarforystu, verulega á. Alþýðuflokkurinn, sem rauf samstarfið, tapaði miklu og Sjálfstæðisflokkurinn, sem mælt hafði með yfir 50% skoðanakannanafylgi í stjórnarandstöðu, missti flugið. Þessi saga gæti allt eins endurtekið sig að breyttu breytanda.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ÁDSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

9.-11. mars

Brúðkaups-sýningin

Í Blómavali Skútuvogi

Já

Pau fyrirtæki sem hafa áhuga á að sýna vörur sínar eða þjónstu á Brúðkaups-sýningunni Já, eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við

Elinu Maríu, elin@blomaval.is eða

í síma 660 1979



FRÁ DEGI TIL DAGS

Seðlabankapólitik

Framsóknarflokkurinn lagði á það áherslu á landsþingi flokksins um helgina að „afnema“ þyrfti pólitískar ráðningar í stöðu seðlabankastjóra. Þetta kallar á tvær spurningar: 1. Hefur það verið mat Framsóknarflokksins til þessa að nauðsynlegt sé að ráða seðlabankastjóra á pólitískum forsendum, úr því landsþingið vill „afnema“ einhverjar forsendur sem það telur hafa verið fyrir hendi? 2. Af hverju hefur Framsóknarflokkurinn margsinis ráðið menn úr sínum röðum í Seðlabankann? Framsóknarflokkurinn hefur óumdeilalega beitt sér fyrir því að flokksmenn



Veitingahús sem snýst

Reykjavíkurborg á stórt glerhýsi, Perluna, sem hvílir á sex tönkum



í Öskjuhlíðinni. Það snýst í hringi ef menn kjósa svo. Í húsinu er hágræða veitingastaður en stundum eru í þessu glæsihýsi seldir skór, geisladiskar og bækur. Davíð Oddsson beitti sér fyrir því sem borgarstjóri að húsíð yrði byggt og var það tilbúið til notkunar árið 1991. Í Fréttablaðinu

í dag kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur borgaði 67 milljónir með byggingunni árið 2005. Með öðrum orðum, Reykjavíkurborg á og borgar tugi milljóna með snúningsglerhýsi sem hýsir markaði og veitingahús. Var þetta hugmynd Davíðs? magnush@frettabladid.is

Eignarréttur og forræði þjóðarinnar

Eitt merkasta umræðuefni stjórnmálanna snýr að því hvernig eignarréttur myndast. Stjórnmalasaga Vesturlanda markast mjög af þessari spurningu og gæfa þjóða hefur risið og hnigið í tengslum við hvernig spurningunni er svarað. Frjálslyndir menn hafa lengi lagt á það áherslu að eignarrétturinn sé forsenda blómlegs, fjölbreytts og umburðarlynds þjóðfélags. Því meiri eignum sem ríkisvaldið ræður yfir, því meiri hætta er á miðstýrðu einsleitu samfélagi sem umber illa frávik frá því sem valdhöfum þóknast. Þetta er mikilvægt, en ekki er síður mikilvægt að séreignarrétturinn er ein frumforseta efnahagsframsóknar, tækninýjunga og almennrar velmegunar.

Eignarréttur á náttúruauðlindum er mjög áhugavert viðfangsefni fyrir okkur Íslendinga, við eignum meira undir slíkum auðlindum en flestar aðrar þjóðir veraldar. Nýting náttúrunnar, sérstaklega þeirra auðlinda sem eru endurnýjanlegar eins og ræktad land og fiskistofnar, mynda grunninn að efnahagslegri velferð okkar og það er því eðlilegt að við deilum um hvernig þessum málum sé best fyrirkomið. Umræðan skiptist í tvö horn og ráða stjórnmalaskoðanir þar mestu um. Annars vegar eru þeir sem telja að ríkið eigi að eiga allar auðlindir og hins vegar hinir sem leggja áherslu á séreignarrétt.

Nálgun mín og margra þeirra sem telja að séreignarrétturinn sé farsæl lausn hvílir á eftirfarandi hugsum: Auðlind, til dæmis



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Eignarrétturinn

fiskurinn í sjónum, hefur ekkert verðgildi í sjálfum sér. Fiskur sem syndir um í hafinu, sem enginn kann að veiða, verka eða koma í verð er ekki auðlind í þeirri merkingu orðsins að um sé að ræða verðmæti sem meta meg til fjár. Verðmæti myndast þannig að einhverjir taka áhættu og finna út leiðir til að veiða fiskinn og verka með minni tilkostnaði en þeim tekjum sem má fá þegar hann er seldur.

Nálgun mín og margra þeirra sem telja að séreignarrétturinn sé farsæl lausn hvílir á eftirfarandi hugsum: Auðlind, til dæmis fiskurinn í sjónum, hefur ekkert verðgildi í sjálfum sér.

Verðmæti fiskauðlindarinnar er því munurinn á kostnaði við að veiða og vinna annars vegar og tekjunum hins vegar. Þetta verðmæti hafa því einstaklingar skapað, ekki ríkisvaldið nema að þeim hluta sem felst í því að halda uppi almannareglu, verja landið og miðin fyrir ágangi annarra

þjóða o.s.frv. Fiskveiðiaúðlindin er takmörkuð og þegar kom að því áttu þeir sem höfðu nýtingarsögu að eignast nýtingarréttinn. Ég er því þeirrar skoðunar að það geti vel farið saman að ríkið, fyrir hönd þjóðarinnar, hafi eignar- og yfirráðarétt yfir fiskistofnunum en nýtingarrétturinn sé í höndum útgerðarmanna. Ég tel að þessi hugsun hafi legið að baki þegar eftirfarandi setning var samþykkt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar: „Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá.“ Yrði ofnarinn í kringum landið yrðu þar með á forræði ríkisins, ákvarðanir um heildarafla, veiðistýring o.s.frv. væru þar með teknar af stjórnvöldum á grundvelli þessa ákvæðis. Útgerðarmenn ættu sóknarréttinn, en yrðu að hlíta almennum ákvörðunum ríkisvaldsins um hvernig farið er með auðlindina.

Stefna Sjálfstæðisflokksins í sjávarútvegsmálum er mjög skýr og þetta ákvæði stjórnarsáttmálsans er í góðu samræmi við þá stefnu. Því miður tókst ekki að ná samstöðu um útfærslu á ákvæðinu í stjórnarskrárnefndinni og er vel skiljanlegt að margir séu óánægðir með það. Versta sem gæti þó gerst núna er að menn fari að hlaupta til í bráðræði í jafn mikilvægu máli eins og hér er um að ræða. Útfærsluna á að vinna í tengslum við aðrar stjórnarskrár-breytingar, með yfirveguðum hætti en ekki í einhverju panikkasti nokkrum dögum fyrir kosningar.

Óæskilegur þjóðfélagshópur?

UMRÆÐAN

Málefni aldraðra

Lífskjöldur eldri borgara og öryrkja hafa lífrnað svo mjög í stjórnartíð Framsóknar og Sjálfstæðisflokks sl. 12 ár að í mesta góðærinu hafa þeir aldrei upplifað meiri skerðingar. Skv. nýlegri grein Stefáns Ólafssonar prófessors hefur launaóþjónudur aukist um rúm 40% sl. 12 ár en um rúm 70%, sé allur fjármagnstekjuskattur tekinn með. Stjórnarflokkarnir þræta stíft og sýna „stílfærðar“ tölur um hið gagnstæða. Eldri borgarar, öryrkjar og aðrir sem finna skerðingarnar á eigin skinni eru bestu dómararnir um réttmæti skerðinganna. Ísland er að nálgast vanþróaðar þjóðir í „velferð“ og kemst ekki á blað með hinum Norðurlöndunum. Á sl. vetri voru úrræði nefndar um aðgerðir í sjúkráhusmálum þau, að þeir sem gætu að fullu greitt fyrir aðgerðir hefðu forgang. Hinir gætu beðið áfram. Formaðurinn, framsóknarkonan Jónína Bjartmarz, hefur keypt gamla Landsímahúsið. Ætli opna eigi þar „einkastofur“ fyrir þá ríku?

Launakjör hér eru úr takti við allt sem íslenskt lýðræði stendur fyrir. Bankastjórnarnir, á 10-30



ARNDÍS H. BJÖRNSDÓTTIR

milljóna mánaðarlaunum auk risunnar, fá gefins hlutabréf og græða á einum degi mörg ævilau. Almenningi ofbyður ójöfnuðurinn, spillingin, neðanjarðarhagkerfið. Verkalýðshreyfingin segir ekki múkk enda e.t.v. á mála hjá stjórnvöldum. Vinnustaðasamningar gilda í auknum mæli og er fólk rekið ef það segir frá launum sínum. Þetta veldur ósamstöðu, tortryggni og samheldnisleysi. „Deildu og drottnaðu“ er aðferð stjórnvalda.

Ríkisstjórnina verður að draga til ábyrgðar fyrir ólöglega sölu ríkiseigna til góðvina og fyrir að skipta á milli sín eignum landsmanna sem búið var að semja um að allir landsmenn ættu sameiginlega í dreifðri eignaraðild. „Burt með báknið“ er í fullu gildi. „Spillingarbáknið“ nú er ríkisstjórnin sjálf.

Við viljum ekki svona þjóðfélag. Eldri borgarar, öryrkjar og aðrir sem aldrei upplifðu „góðærið“ hafna flokkum ánaður. Stjórnin er útbrunnin; loford þreyttar stjórnarandstöðu eru ótrúverðug. Segjum stopp við síbreikkandi bili ríkra og fátækra. Sýnum það með góðri mætingu allra aldurshópa á fundinn í dag, sunnudag, á Grand Hótel í Reykjavík.

Höfundur er formaður Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja.



**Komdu
nordur!**



Matur



Menning



Listir



Afslöppun

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, skemmtileg söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- 4 hótél, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á akureyri.is og norðurland.is.

NIKOLAJ VASSÍLJEVITS GOGOL
(1809-1852) FÆDDIST Á ÞESSUM
DEGI.

„Til lítills er að skamma
spégilinn þótt andlitið sé úr
sér gengið.“

Rithöfundurinn Gogol er einna
þekktastur fyrir skáldsögu sína
Dauðar sálir sem út kom árið 1842.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 4. MARS 1933

Roosevelt verður forseti

Þennan dag árið 1933 sór Franklin Delano Roosevelt embættiseið sem forseti Bandaríkjanna. Kreppan mikla var í algleymingu um þær mundir og við innsetningarathöfnina kynnti Roosevelt löndum sínum „New deal“-stefnu sína og mælti hin fleygu orð að það væri ekkert að óttast nema óttann sjálfan. Roosevelt fæddist árið 1882 í New York. Frændi hans var Theodore Roosevelt, forseti Bandaríkjanna árin 1901 til 1909. Árið 1905 kvæntist hann Önnu Eleanor Roosevelt og var hann kjörinn á þing fyrir demókrata fimm árum síðar. Árið 1920 var hann varaforsetaefni demókrata í forsetakosningunum sem repúblíkanar unnu. Ári síðar veiktist hann af lömunarveiki og var bundinn við spelkur og hjólastól allar götur síðan.



Árið 1928 var Roosevelt kjörinn ríkisstjóri New York-ríkis og bauð sig fram til forseta fjórum áður síðar. Hann gjörsigraði Herbert Hoover, sitjandi forseta, sem margir kenndu um kreppuna. Roosevelt tryggði sér endurkjör auðveldlega árið 1936 og var fyrstur bandarískra forseta til að bjóða sig fram í þriðja sinn árið 1940. Ári seinna lýstu Bandaríkin yfir stríði á hendur Japan og Þýskalandi, sem hafði úrslitaáhrif í stríðinu og markaði endalok einangrunarstefnu Bandaríkjanna. Árið 1944 var Roosevelt endurkjörinn í þriðja sinn, en lést af völdum heilablæðingar stuttu eftir að hann sór embættiseiðinn árið 1945. Að honum látnum var sú breyting gerð á stjórnskránni að forseti mætti aðeins sitja í tvö kjörtímabil.

MERKISATBURÐIR

- 1213 Hrafn Sveinbjarnarson, goðorðsmaður og læknir á Eyri við Arnarfjörð, er veginn.
- 1789 Stjórnarskrá Bandaríkjanna tekur gildi á fyrsta þingi sambandsríkjanna í New York.
- 1797 Lake Lávarður fer fyrir liði breskra hermanna sem kveða niður uppreisn í Ulster á Írlandi.
- 1917 Þýski herinn dregur lið sitt í stórum stíl til baka af vesturvígstöðvunum í fyrri heimstyrjöldinni.
- 1933 Frances Perkins verður atvinnumálaráðherra í ríkisstjórn Roosevelts og fyrsta konan til að gegna ráðherraembætti í Bandaríkjunum.

STEINAR BRAGI FÓR Á BÓKAMARKAÐ

Steinar Bragi rithöfundur fékk fimm þúsund krónur til að eyða á bókamarkaðinum í Perlunni. Hann keypti meðal annars þessar bækur:

Samstilling lífs og efnis í alheiminum eftir dr. Helga Pjeturs Ég hef yfirleitt lesið Helga sem stílista en þessi bók fjallar meira um hugmyndafræðina. Honum lá samsagt mikið á hjarta, hélt því fram að allt mannkyn væri glatað og lífið á hnettinum nema það aðhylltist kenningar hans og færi að ráðum hans. Sem er nokkuð sem rithöfundar ættu að geta skilið.

Fall konungs eftir Jóhannes V. Jensen Þessi bók var prisuð í mín eyru; að hér væri að finna fallegustu dánarbedslysing bókmenntasöggunnar. Góð lesning fyrir dauðvona fólk.

Þessa heims og annars - Könnun á dulrænni reynslu Íslendinga eftir Erlend Haraldsson Það er vitnað í Erlend í ólíklegustu ritum. Hann rannsakaði meðal annars indverska gúruinn Saí Baba og kraftbirti góðmálma og mat inni í miðju Indlandi. Áhugaverður maður þessi Saí Baba.



Þetta er allt að koma eftir Hallgrím Helgason Ég fór einu sinni í útilegu með kærustunni og varð það á að kaupa fyrir mistök álbakka í staðinn fyrir einnota grill. Við vorum með hamborgara sem þurfti að elda. Í bakpokanum var ég líka með kilju, nýkláraða, og kveikti í blaðsíðunum til að geta eldað hamborgarana. Nýtt viðmið í bókmenntum og matargerð.

Fenrisúlfr eftir Bjarna Klemenz Þessa keypti ég handa vini mínum. Að auki keypti ég fimm bækur til viðbótar sem plássíð leyfir mér ekki að nefna.

HELENA EYJÓLFSDÓTTIR: FAGNAR 50 ÁRA SÖNGAFMÆLI

Þakklát fyrir ferilinn

Söngkonan Helena Eyjólfsdóttir fagnar fimmtíu ára söngafmæli sínu með tónleikum í Salnum í kvöld. „Tónleikarnir heita Helena í hálfu öld. Mér finnst þetta alveg hreint dásamlegt. Ja, eða ógnvænlegt,“ sagði Helena og hló við.

Rödd Helenu er flestum Íslendingum góðkunn, og lög eins og Hvítu mávar og Bel Ami eru örjúfanlegur hluti af minningum margra landsmanna. Í ár eru liðin fimmtíu ár frá því að Helena kom fyrst opinberlega fram sem dægurlagasöngkona, þá fimmtán ára að aldri.

„Afmælið er ekki alveg upp á dag, því þetta var í maí 1957. Þá stóð ég á sviðinu í Austurbæjarbíói,“ sagði Helena. Hún hafði þó komið fram áður. „Já, já, ég gerði það á meðan ég var barn. En þetta er alveg nógu stórt afmæli,“ sagði hún og hló.

Helena er langt því frá sest í helgan stein og syngur enn fullum hálsi í afmælisveislum, brúðkaupum og á hvers kyns uppákómum. „Mér finnst í rauninni alveg frábært að halda röddinni og geta gert þetta. Það er alveg yndislegt,“ sagði Helena, sem segir þakklæti vera það sem standi upp úr á söngferlinum. „Það eru náttúrlega ótal atvik sem maður man alltaf. Og sem betur fer man maður nú yfirleitt bara skemmtilegu og góðu atvikin,“ sagði hún kímín. „En það sem stendur upp úr hjá mér er svo mikið þakklæti yfir að hafa geta unnið þessa vinnu, sem mér hefur alltaf þótt svo skemmtileg, svona lengi. Og þakklæti til allra minna gömlu spilafélaga sem hafa unnið með mér í gegnum árin. Ég fann það nú best þegar það var ákveðið að blása til þessara tónleika, hvað allir



ENN SYNGJANDI Helena hefur sungið frá unga aldri og er hvernig nærri hætt, þó hún búist ekki við að halda upp á sextíu ára söngafmælið.

voru tilbúnir að vera með,“ sagði Helena.

Fjöldi tónlistarmanna leggur Helenu lið í Salnum í kvöld, og efnisskráin er einnig fjölbreytt. „Þetta eru lög sem hafa fylgt mér í gegnum árin og fólk vill alltaf heyra, hvar sem ég kem fram. Svo verða líka lög sem ég hef sjálf haft gaman af að syngja í gegnum árin, og líka svolitíð af djasslögum, þar sem Sigurður Flosason verður sterkur með mér,“ sagði Helena. Ragnar Bjarnason verður með söngkonunni á

sviðinu fyrir hlé, en eftir það taka spilafélagar Helenu úr hljómsveit Ingimars Eydal við.

Svo góðar hafa undirtektirnar verið að aðrir tónleikar verða haldnir í Salnum 11. mars næstkomandi, og mögulegt er að bæta þeim þriðju við. Helena segist þó ekki stefna á að halda sextíu ára söngafmæli eða þaðan af hærra. „Nei, ég á ekki von á því. Það er bara ágætt að halda einu sinni upp á einhver tímamót og gera það almennilega,“ sagði hún.

sunna@frettabladid.is



Hjartans þakkir fyrir hlýbreg og auðsýnda samúð vegna andláts ástkærs tengdaföður, afa, langafa og bróður,

Jóhann Hallvarðssonar

frá Geldingará í Leirársveit, síðast til heimilis að Prestastíg 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hann af mikilli alúð í veikindum hans, og Siglingasambandi Ísland fyrir veittan stuðning.

Sigríður Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Davíð Snorrason
Ingvi Pétur Snorrason
Snorri Ingvason
Auður Ingvadóttir
Björg Hallvarðsdóttir

Valdís Ólafsdóttir
Ásdís Erla Jónsdóttir



Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Þökkum auðsýnda samúð og vinarbreg við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Mariú G. Sigurjónsdóttur

frá Fosshólum, Furugrund 68.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns og L4 Landakots fyrir mjög góða umönnun og hlýbreg.

Ingibjörg Bjarnadóttir
Arndís Bjarnadóttir
Einar S. Bjarnason
Guðrún Björk Bjarnadóttir
Ásmundur Bjarnason

Pétur Már Pétursson
Elín Þóra Sverrisdóttir
Páll Guðmundsson
Sigrún Davíðsdóttir



Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Betty Júlíanna Hansen,

Sólheimum 25, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. febrúar sl. Útför hinnar látnu hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir umönnun og hlýju.

Einar Jón Einarsson
Soffía Einarsson
Ingileifur Einarsson
Betty Grímsdóttir
Halldóra Inga Ingileifsdóttir
Kristín Ingileifsdóttir
og langömmubörn.

Grímur Markússon
María Þórarinsdóttir
Árni Hrannar Arngrímsson
Einar Sigurjónsson



Hjartanlegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýbreg og vináttu við fráfall og útför elskulegs sonar míns, bróður okkar, mágs og frænda,

Gunnars Friðriks Ólafssonar

Háholdti 14, Hafnarfjörður.

Guð blessi ykkur öll.

Guðlaug Hanna Friðjónsdóttir
Hulda Ólafsdóttir Scoles
Anna Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Friðjón Ólafsson
og frændsystkini.

Dave Scoles

Adolf Örn Kristjánsson
Erna Herbertsdóttir

Geggjuð tilboð

OPÍÐ Í DAG 12-17 - FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



320GB
6.990



TOLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Opið í dag
Sunnudag
12:-00-17:00

Lítill sjóður gefur stóra gjöf

Sparisjóður Svarfdæla hefur stutt við bæjarfélagið á Dalvík um árabíl með minni og stærri styrkjum. Sparisjóðurinn hefur nú tilkynnt um rausnarlegustu gjöfina hingað til en sjóðurinn mun gefa samfélaginu menningarhús. **Friðrik Friðriksson** sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla segir **Indíönu Ásu Hreinsdóttur** að sparisjóðurinn sé eign samfélagsins og því muni fólkið í samfélaginu njóta góðs þegar vel gangi.

Athygli vakti á dögnum þegar stjórn Sparisjóðs Svarfdæla ákvað að gefa Dalvíkurbyggð menningarhús að andvirði 200 milljónir króna. Stjórnin samþykkti að gefa íbúum svæðisins húsið í ljósi jákvæðrar afkomu sjóðsins á síðasta ári. Um rausnarlegustu og stærstu gjöf sparisjóðsins er að ræða en alls ekki þá fyrstu.

„Sparisjóðurinn hefur verið mjög jákvæður í garð þeirra málaflokka sem styðja við samfélagið,“ segir Friðrik Friðriksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla, og bætir við að Sparisjóður Svarfdæla sé gamall og gróinn en sparisjóðurinn var stofnaður árið 1884. Á 100 ára afmæli sparisjóðsins, árið 1984, hafi verið stofnaður sérstakur menningarsjóður sem hafi síðan stutt rausnarlega við samfélagið í menningar- og æskulýðsmálum.

Harkan meiri eftir einkavæðingu

Í ljósi neikvæðrar umræðu um gróða bankanna upp á síðkastið og þeirrar gagnrýni sem bankamenn hafa setið undir kemur gjöf Sparisjóðs Svarfdæla ánægjulega á óvart. Friðrik segir upphaflegt markmið sparisjóðanna hafi verið að gefa samfélaginu til baka þegar vel áraði og því hlutverki

tölur hjá bönkunum og einstaklingum innan þeirra valdi því að fólk hugsi sinn gang og ofbjóði jafnvel í sumum tilvikum. Í lögum um sparisjóði stendur að ef breytingar á sjóðnum eða verðmæti sjóðsins eigi sér stað eigi fé að renna til íbúa á því svæði sem sparisjóðurinn er starfræktur í.

Ekki fyrsta gjöfin

Eins og áður segir er hið væntanlega menningarhús ekki fyrsta gjöf sparisjóðsins. Menningar-, íþrótt- og æskulýðslíf Dalvíkurbæjar hefur fengið að njóta velgengni sparisjóðsins en sjóðurinn gaf samfélaginu meðal annars flygil í kirkjuna, knattspyrnuvöll og snjóframleiðsluvélar sem staðsettar eru í Bökkvisstaðafjalli, skíðasvæði Dalvíkurbæjar.

Aðspurður hvernig svo lítill sparisjóður geti gefið svo mikið segir Friðrik að afkoman hafi verið góð síðustu árin. „Á undanförunum árum hefur afkoma Sparisjóðs Svarfdæla verið mjög góð. Eigið fé sparisjóðsins hefur í samræmi við það vaxið mjög mikið og nemur nú tæpum tveimur milljörðum króna. Þessa góðu afkomu má að mestu rekja til mikillar hækkunar á hlutabréfum í eigu sjóðsins, einkum eignarhluta í Kaupþingi hf. og Exista hf.“



FRÍÐRIK FRÍÐRIKSSON SPARISJÓÐSSTJÓRI SPARISJÓÐS SVARFDÆLA DALVÍK Friðrik er fæddur og uppalinn Dalvíkingur.

”

Að mínu mati er jafn eðlilegt af okkur að gefa til baka til samfélagsins eins og það væri óeðlilegt að gera það ekki. Sparisjóðurinn er eign samfélagsins og samfélagið á að njóta þess ef vel gengur.

sé einfaldlega verið að framfylgja. Hvort aðrir mættu taka þá sér til fyrirmyndar segir Friðrik öðrum velkommi að taka sér þetta framtak til eftirbreytni.

„Ef við gerum samanburð á okkur og bönkunum kemur í ljós að við höfum gefið mun meira til samfélagsins miðað við efnahag og stærð. Styrkveitingar voru lítt áberandi á meðan bankarnir voru í eigu ríkisins en ástandið hefur batnað eftir einkavæðingu þótt harkan hafi orðið meiri fyrir vikið. Viðhorfið innan bankanna er allt annað en ég held að þeir mættu skerpa á þessum þætti hjá sér og koma betur til móts við samfélagið með því að styrkja hin ýmsu málefni,“ segir Friðrik og bætir við að Landsbankamenn hafi látið hafa eftir sér að þeirra bankinn standi fremstur þegar komi að styrkveitingum til samfélagsins. „Það er hins vegar ekki rétt. Í hlutfalli við efnahag og eigið fé þá erum við fremstir.“

Sparisjóðurinn eign samfélagsins

Friðrik segir gagnrýna sem bankamenn hafa setið undir upp á síðkastið alls ekki óeðlilega. „Að mínu mati er jafn eðlilegt af okkur að gefa til baka til samfélagsins eins og það væri óeðlilegt að gera það ekki. Sparisjóðurinn er eign samfélagsins og samfélagið á að njóta þess ef vel gengur og ekki síst núna þessi síðustu ár þegar rekstrarafkoman hefur verið mjög fín.“

Að mínu mati er ekkert skrítið að gagnrýna það ef einhver stjórnandi bankanna fær 100 milljónir í sinn vasa á einum degi. Ég er ekkert hissa að þessar stóru

Þörfin greinilega til staðar

Friðrik, sem er fæddur og uppalinn Dalvíkingur, segir mikla þörf fyrir menningarhús á staðnum. „Dalvíkingar hafa ekki haft í slíkt hús að vanda en í þessu nýja húsnæði verður fjölnota salur sem mun nýtast til ýmissa samkoma, ráðstefna, sýninga, smærri tónleika og annarra listviðburða og það er gaman frá því að segja að tveir listamenn hafa þegar leitað til okkar og óskað eftir að halda sýningar í húsinu svo þörfin og áhuginn er greinilegur.“

Bóksafnið og héraðsskjalasafnið verður flutt úr kjallara Ráðhússins í nýja húsið og þar verður upplýsingamiðstöð og kaffihús og hugsunin er að gæða húsið lífi allt árið um kring,“ segir Friðrik. Húsið hefur þegar fengið staðsetningu og mun rísa í miðbæ Dalvíkurbæjar. Aðspurður hvort stjórn sjóðsins hafi tekið ákvörðun um frekari styrkveitingu til samfélagsins segir Friðrik að framtíðin sé óljós í þeim málefnum. „Við munum allavega gera það sem við getum á hverjum tíma fyrir fólkið og samfélagið. Hér er traust og góð menning og það ánægjulega er að í grunninn er hér mikil og góð vinna og uppgangur mikill í samfélaginu. Í dag er verið að byggja meira en gert hefur verið í langan tíma og fyrirtækin eru fram-sækín.“

Engin fordæmi um viðlíka gjöf

Menningarhúsið verður 700 fm að stærð og Friðrik segir að bóksafnið, sem í dag sé í óviðunandi húsnæði, verði aðal lífæðin í húsinu og sem haldi því gangandi allan daginn. Salurinn mun nýtast á marga

vegu sem nauðsynlegt sé í svo litlu samfélagi. „Sönghefð hefur verið mikil hér á svæðinu í langan tíma og líklega eru hlutfallslega fleiri kórar hér en annars staðar. Hér er einnig starfrækt áhugamannaleikhús í miklum blóma og fjölmargir listamenn svo ekki veitir af aðstöðunni.“

Gjöfin hefur verið í undirbúningi síðan síðasta árs þegar lá fyrir að afkoma ársins yrði mjög góð. „Svona stór gjöf á sér engin fordæmi hér á landi og því urðum við að kynna þessa framkvæmd fyrir þeim aðilum sem skylt er auk þess sem við ræddum framhaldið við forsvarsmenn Dalvíkurbyggðar og þá aðila sem að málinu snúa. Bæjarfélagið mun taka við rekstrinum þegar húsið verður tilbúið. Við ætlum ekki að eiga né reka þetta heldur erum að færa samfélaginu húsið að gjöf,“ segir Friðrik sem vonast til þess að framkvæmdum ljúki um mitt ár 2008.

Arkitekt hússins er Fanney Hauksdóttir en mannvirkið er talið munu kosta 200 milljónir. Friðrik segir sparisjóðinn standa sterkan eftir gjöfina. „Um síðustu áramót var eigið fé tveir milljarðar og við höfum verið heppin. Reksturinn er traustur og við höfum verið með lágmarks útlánahættu síðari árin. Í tillögu stjórnarinnar um byggingu menningarhússins felst sú afstaða hennar að rétt sé að láta það samfélag sem sparisjóðurinn starfar í njóta hlutdeildar í góðri afkomu ársins með áþreifanlegum og táknrænum hætti. Það er í þeim anda sem sparisjóðurinn hefur starfað í langan tíma og mun vonandi gera það um langa framtíð,“ segir Friðrik.



MENNINGARHÚS Stjórn Sparisjóðsins vonast til að húsið verði tilbúið um mitt árið 2008.

STÆRSTU STYRKIR SPARISJÓÐS SVARFDÆLA

1984 Menningarsjóður var stofnaður á 100 ára afmæli Sparisjóðs Svarfdæla og hefur sjóðurinn verið gifurleg lyftistöng fyrir samfélagið.

2003 Sparisjóðurinn gaf kirkjunni flygil en kirkjan hefur verið aðal tónleika- staður bæjarins.

2005 Sparisjóðurinn gaf Dalvíkingum knattspyrnuvöll í fullri stærð.

2006 Sparisjóðurinn gaf Skíðafélagi Dalvíkur snjóframleiðsluvélar að verðmæti 4,3 milljóna króna.

2007 - Sparisjóðurinn tilkynnir að samfélaginu verði gefið menningarhús að verðmæti 200 milljóna króna.

Að auki árlegir styrkir til menningar-, íþrótt- og æskulýðsstarfa.



SPARKVÖLLUR Sparisjóður Svarfdæla gaf Dalvíkurbyggð fótboltavöll árið 2005.



SNJÓFRAMLEIÐSLUVÉL Sparisjóður Svarfdæla afhenti Skíðafélagi Dalvíkur tvær snjóbyssur að andvirði 4,3 milljóna króna í fyrra. Hér er Friðrik ásamt Óskari Óskarsyni, formanni Skíðafélagsins.



Með bílinn handa þér

RANGE ROVER SPORT Á eigin vegum.

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is



GO BEYOND

Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki





BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is



Á Listahátíð vorsins kemur upp í Listasafni Íslands stór sýning **CoBrA-hópsins**, sú stærsta síðan Haustsýningin 1948 í Listamannaskálanum. **Páll Baldvin Baldvinsson** rekur upphaf hópsins og hlut Svavars Guðnasonar í sögu hans og frægð sem hann segir ekki fara nógu hátt.

Tilkynnt var í Reykjavík í síðustu viku að stórsýning væri í vændum í vor í Listasafni Íslands á verkum þeirra norðevrópsku listamanna sem kenndu sig við CoBrA. Sýningin kom til fyrir atbeina sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn en um hana safnaðist starfshópur skipaður embættismönnum dönskum og íslenskum og fornum aðáendum CoBrA. Fengu þeir til liðsinnis við sig virtan heldri mann úr norrænum listfræðum, Per Hovdenakk, sem er sýningarstjóri. Verður sýningin opnuð hinn 10. maí í tengslum við Listahátíð og stendur fram á haust.

Tíðindin voru mörkuð öðrum tímamótum sem tengjast CoBrA: Carl Henning Pedersen, einn þeirra dönsku málara sem tilheyrðu hópnunum, lést á mánudag í síðustu viku og á fimmtudag var stórt uppboð í Kaupmannahöfn á verkum listamanna úr hópnunum: þar voru slegin háu verði verk af ýmsu tagi; olíumálverk, höggmyndir og pappírsværk, sum frá tímanum áður en hópurinn kom saman undir nafni, önnur frá seinni tíma. Verkin komu úr ýmsum áttum, þar á meðal mörg pappírsværk eftir Svavar Guðnason úr eigu arkitektsins Roberts Dahlman Olsen, sem ritstýrði dönsku útgáfunni af tímaritinu CoBrA og var lengi í vinfengi við marga úr hópnunum. Verð á verkum þessa hóps hefur stigið hratt á listamarkaði Vesturlanda á undanförunum árum og mikilvægi hans í listasögu Vesturlanda á síðustu öld verður æ meira. Vorsýningin er í raun fyrsta stóra sýningin á verkum þessa hóps hér á landi ef frá er talin lítill kynning á CoBrA sem var hér á vegum hollenskra stjórnvalda í Gallerí SUM 1968. CoBrA er samt merkilegt fyrirbæri í listasögu okkar: Svavar Guðnason tilheyrði hópnunum og er víðast talinn hafa þar sérstöðu. Hann ásamt dönskum félögum sínum, sem hjörðu stríðsárin í Höfn við hungurmörk, eru ein af stöðunum í þessum hópi.

Höfuðborgin París

CoBrA var ekki skóli, heldur laustengdur samstarfsgrúndvöllur myndlistarmanna og skálda. Margir í hópnunum voru sjálfleir eða höfðu takmarkaða skólagöngu í þeim skilningi orðsins sem við notum um myndlistarmenntun í dag. Það er ein skýringin á bak við samkennd þeirra og þá uppreisn sem þau stóðu fyrir. Þau voru öll ung og höfðu lifað stríðið, þekkt hörmungar þess, skort og vald-niðslu.

Stríðsárin höfðu líka það í för með sér að myndlist í hverju landi Evrópu einangraðist. Það hafði jú verið í tísku fyrir stríðið að allir myndlistarmenn litu til Parísar og sóttu þangað viðmið: því var það að til Parísar fóru íslenskir myndlistarmenn líka eftir stríðið: Hörður Ágústsson, Valtýr Pétursson, Gerður Helgadóttir og Þorvaldur Skúlason sem hafði verið þar fyrir stríðsárin og raunar flúið þaðan við innrás Þjóðverja: vöndlarnir sem hann skildi eftir þar eru ein af stærstu gátum íslenskrar myndlistar, á mörkum þess figúratífa og abstraktsins. En á

meðan stríðsárin stóðu fór enginn neitt. Lítið barst milli landa um hvað væri í gangi – það virtist vera eyða í sköpun nema til að finna afkastameiri aðferðir til að drepa fólk.

Höst-hópurinn verður til

Í Danmörku hafði hópur myndlistarmanna tekið sig saman og staðið fyrir svokölluðum Haustsýningum, Corner og Höst, sem höfðu verið árviss viðburður í dönsku myndlistarlífi frá 1936. Frá 1938 gengu í þann hóp Richard Mortensen, Ejler Bille, Hans Öllegard, Henry Herup og Egill Jakobsen. Egill er raunar talinn eiga fyrsta málverkið sem ber öll einkenni CoBrA: hömluleysið, spennuna, sterka litasamsetningu og form-skyn sem vísar frá figúratífa skilningi, Ophobning, sem er málað 1938 og er viðbrögð við innrás Þjóðverja í Tékkóslóvakíu. Hefur það lengi verið talið tímamótaverk. Samsýning norrænna málara 1939, Skandinavarnir, er annar hlekkur í þessari keðju atburða: þar koma saman Sigurjón Ólafsson, Svavar Guðnason, Else Ahlfelt og Carl Henning, Erik Thommasen og Asger Jorn.

Leiðtoginn

Asger Jorn var leiftur á himni myndlistar Evrópu. Hann var fæddur 1914. Ef saga CoBrA er skoðuð er vandséð hvernig hópurinn gat orðið til án vilja og fullvissu þessa eldhuga. Jorn var kominn af kennurum, fæddur á Jótlandi einn af sex systkinum. Hann var alinn upp á trúarheimili, missti föður sinn þegar hann var tólf ára. Trúrákni foreldra hans leiddi til uppreisnarlunda. Hann greindist með berkla 15 ára gamall og átti við berkla að stríða aftur um þrítugt. Undir tvítugt var hann hallur undir kenningar Grundtvigs og þaðan má rekja djúpstæðan áhuga hans á fornri norrænni menningu, rúnaristum, frumstæðum myndum, kennileitum um trúarlegri tjáningu fornra þjóðflokka norðursins. Jorn var hugsjónamaður. Hann gekk á vit kommúnismannum og var virkur í hreyfingunni. Hann safnaði sér fyrir námsför til Parísar 1936 og hugðist komast í læri hjá Kandinsky en endaði á námskeiði hjá Leger veturlangt. Þar hófst kynni þeirra Svavars Guðnasonar. Svavar var þá í París og bjó við erfiðar aðstæður ásamt Ástu konu sinni. Hann var málkunnugur öðrum sem seinna lentu í CoBrA hópnunum og voru í París: Ejler Bille og Sonju Ferlov. Þetta fólk hittist oft og deildi kjörum.

Helhesten

Við hernám Danmerkur urðu breytingar á högum allra í landinu. Jorn var sem ungur kommúnisti beinn þátttakandi í andspyrnuhreyfingunni, þrátt fyrir að hann skilgreindi sig sem friðarsinna. Hann stofnaði tímaritið Helhesten ásamt Robert Dahlman Olsen og að þessu listatímariti hópuðust ungrir listamenn: Svavar, Heerup, Ahlfelt. Flestir þeir sem tengdust Helhesten urðu síðar þátttakendur í CoBrA. Þetta unga fólk vildi sjá heiminn friðsælli en hann var.



BYLTINGARKENND LIST Málverk eftir Corneille frá 1949 en hann var einn þeirra Hollendinga sem slógust í hóp með Dönunum. Verkið ber ýmis sterk einkenni hópsins, sterka litnotkun, grimur og furðudýr sem koma siglandi til áhorfandans á öldusjó litarins.

Það vildi leita aftur í bernska tjáningu listar, djúpstæðari tákndrauma og lífsanda. Flest lifðu þau stríðsárin við sárustu fátækt sem kom þeim mörgum í koll: Svavar lifði á þessum tíma við hungurmörk sem líklega var ein meginástæða þess að hann sneri heim í stríðslok. Og þau áttu það sameiginlegt að vilja breyta og vildu gera tilraunir. Þegar Jorn og Ahlfelt var hafnað með verk sín á Höst-sýninguna 1942 beittu þau samstöðunni og sýningarhópurinn klofnaði í tvennt: þau héldu nafninu og tóku að sýna saman sem heild.

Útrásin hugsuð

Asger Jorn gerðist leiðtoginn í þessari sveit. Honum var fullljóst í stríðslok að honum og félögum hans voru þröng skil sett heima við. Og útrásarhugmyndir hans beindust ekki aðeins suðvestur, til Hollands, Belgíu og Frakklands, heldur ekki síður til Bandaríkjana. Hópurinn gefur út manifest 1945: Hann tekur saman gríðarlegt magn gagna; prentað mál, skissur, print af ýmsu tagi og sendir vestur um haf og í kjölfarið á Jorn í bréfaskriftum við Museum of Modern Art í New York og segir að þar verði menn að fylgjast með. Og hann var víðar að leggja inn orð: í árslok 1946 hittir Jorn ungan hollenskan málara, Constant, á sýningu Miro í París. Í samtali þeirra kemur fram hugmynd um að ungrir myndlistarmenn taki sig saman og stofni listatímarit: það átti að heita Sarcoma. Í Hollandi komst Constant í samband við Corneille og Karel Appel, tvo bráðunga málara, og þeir sýndu saman í ársbyrjun 1948. Þá hafði Jorn þegar lagt grunninn að stórri samsýningu þar sem saman var kominn stór hópur: Haustsýningin sem kom hingað til Íslands sumarið 1948 og gerbreytti



Þetta myndir af Svavars Guðnasoni frá 1942 er ein af stærstu gátum íslenskrar myndlistar, á mörkum þess figúratífa og abstraktsins.

ÁRÓÐURSRIÐ Fyrsta heftið af tímariti CoBrA-manna bar fornt tákni slöngunnar sem er frjóssemisminni.

íslenskri myndlist og þúsundir Reykvíkinga sáu þetta sumar í Listamannaskálanum. Þar voru sýnd verk stórs hluta þess hóps sem í lok ársins sýndi aftur í Höfn: þar er kominn inn að auki stór hópur kornungra listamanna frá Hollandi: Appel, Corneille og Constant með verk eftir Brands, Rooskens, Wolvercamp, Nieuwenhuys.

CoBrA stofnuð

Appel, Jorn, Constant og belgíska skáldið Dotremont höfðu komið til Hafnar frá París til að vera við opnun Höst-sýningarinnar í nóvemberlok 1948. Hinn 8. nóvember sátu þeir daglangt á kaffihúsinu Notre Dame í Quai Saint Michel og settu saman yfirlýsingu um samstarf listamanna frá þremur löndum. Yfirlýsingin var niðurstaða eftir nokkurra daga leik og starf með orð og liti: hreyfing þeirra skyldi kennd við þrjár höfuðborgir: Kaupmannahöfn, Amsterdam og Brussel: CoBrA. Og þegar til kom valdi þessi ósam-



MAÐUR NÝRRA TÍMA Svavar Guðnason í Kaupmannahöfn 1949 við undirbúning á Höst-sýningunni. Myndin sem hann heldur á er Myllan frá 1942.

stæða en einstaka hreyfing sér tákni: slönguna, dýrið sem tældi manninn til syndarinnar, dýrið sem heggur og er sem limur í grasinu. Hið forna tákni sköpunarinnar: „Við höfum komist að því að lífsmáti okkar er sá sami, í vinnu okkar og tilfinningum, við skiljum hvert annað í praktískum málum og við neitum að undirgangast tilbúna hugmyndafræði.“ Og þegar til þess kom að hópurinn setti saman tímarit fáum vikum seinna var á forsíðu þess sett annað tákni slöngunnar: tunga sem skýst úr úr munni: ullið – sama tákni og Rolling Stones valdi síðar sem ein-kennismerki sitt.

Heimsfrægðin

CoBrA varð ekki langlífur samstarfsgrúndvöllur og raunar má segja að þessar örfáu sýningar

Starfsmannaráðgjöf hjá Hagvangi

Hagvangur er eitt elsta ráðgjafafyrirtæki landsins. Fyrirtækið leggur áherslu á að tileinka sér nýjustu þekkingu á sviði starfsmannamála hverju sinni. Fagleg vinnubrögð Hagvangs miða að því að tryggja gæði þjónustunnar og tryggja hámarksávinning og ánægju viðskiptavina okkar. Gagnkvæmur trúnaður og persónuleg þjónusta eru í öndvegi. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.hagvangur.is

Vegna stóraukinna verkefna í ráðningum og ráðgjöf í starfsmannamálum þurfum við enn að bæta við okkur starfsmönnum. Starfsandinn hjá fyrirtækinu er annálaður fyrir léttleika og samheldni og því leitum við að skemmtilegu dugnaðarfólki sem uppfyllir eftirtaldir kröfur um menntun, reynslu og hæfni.

Ráðgjafi í starfsmannamálum

- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda eða viðskiptafræði
- Framhaldsmenntun á sviði starfsmannamála er æskileg
- Þekking á sálfræðilegum prófum er mikill kostur

Ráðgjafi í ráðningum

- Háskólamenntun
- Framhaldsmenntun á sviði starfsmannamála er æskileg

Við leitum einstaklinga með reynslu af starfsmannamálum sem búa yfir frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum, hafa mikla þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Hafir þú áhuga á að starfa með okkur að fjölbreyttum verkefnum og kynnast um leið mörgum af framsæknustu fyrirtækjum landsins og mynda öflugt tengslanet við stjórnendur og sérfræðinga, sæktu þá um í gegnum heimasíðuna okkar www.hagvangur.is fyrir 11. mars.

Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Upplýsingar veita Albert Arnarson og Katrín S. Óladóttir.
Netföng: albert@hagvangur.is og katrin@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Reyndur bókarari



Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) óskar eftir að ráða bókarari.

Leitað er að reyndum bókarari í 100% starfshlutfall. Launakjör eru í samræmi við menntun og stofnanasamning PSSÍ, sem byggja á kjarasamningum ríkisins við félög opinberra starfsmanna.

Helstu verkefni:

- Almenn bókun, merking og yfirferð fylgiskjala
- Afstemmingar á banka- og viðskipta-reikningum
- Mánaðarleg uppgjör
- Önnur tilfallandi verkefni við bókhald
- Almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur:

- Viðskipta- og bókhaldsmenntun
- Starfsreynsla við bókhald og afstemmingar
- Kunnátta í Oracle og Excel nauðsynleg
- Skipulögð vinnubrögð
- Nákvæmni og samvirkusemi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is fyrir 2. apríl 2007.

Aðrar upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi hjá Hagvangi, albert@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Verkefnastjóri á Sri Lanka



Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) óskar eftir að ráða í nýtt starf verkefnastjóra sjávarútvegsmála á Sri Lanka.

Starf verkefnastjóra felst í því að vinna að og undirbúa þau verkefni sem nú eru í vinnslu. Verkefnastjórinn hefur með höndum undirbúning og yfirumsjón verkefna sem og verkstjórn þegar að framkvæmdum kemur.

Kröfur um menntun og reynslu:

- Háskólamenntun er skilyrði, t.d. í sjávarútvegsfræði eða tengdum greinum
- Starfsreynsla á sviði sjávarútvegs- og fiskimála er nauðsynleg
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg sem og reynsla af sjálfstæðum verkefnum
- Reynsla og þekking af bókhaldi og fjármálastjórnun

- Þekking á þróunarmálum er kostur
- Þekking á aðferðafræði við undirbúning verkefna, t.d. Logframe

Aðrar hæfniskröfur:

- Sveigjanleiki og aðlögunarhæfni
- Góð enskukunnátta er mikilvæg
- Góð tækniþekking
- Góð tölvukunnátta

Nánari lýsingu á starfi verkefnastjóra og svör við fyrirspurnum má sjá á heimasíðu Hagvangs.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is fyrir 2. apríl 2007.

Aðrar upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi hjá Hagvangi, netfang: albert@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Viltu vinna á hressum og líflegum stað með konum?

Við leitum að duglegu, skapgóðu og þjónustulunduðu fólki í eftirtalin störf:

• afgreiðsla

– vaktavinna bæði fullt starf og hlutastarf

• ræstingar

– vaktavinna – 50% starf

Umsóknir sendist á netfangið anna@jsb.is

Nánari upplýsingar í

síma 581 3730



Lagermaður/bílstjóri

SMITH & NORLAND

564839

Smith og Norland óskar eftir starfsmanni á lager og í útkeyslu.

Starfið felst í vörumóttöku og almennum lagerstörfum auk þess að sinna útkeyslu til viðskiptavina. Leitað er að röskum, snyrtilegum og sjálfstæðum einstaklingi á aldrinum 25 til 40 ára, sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Einnig þarf viðkomandi að vera með meirapróf og eru lyftararéttindi æskileg.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Ráðið verður í starfið strax. Upplýsingar eingöngu veittar hjá Vinna.is.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



FJÁRFESTINGARBANKI

SÉRFRÆÐINGUR Í BAKVINNSLU

MP Fjárfestingarbanki er framsækið fjármálfyrirtæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fagmennsku. Hjá bankanum starfar öflugur hópur metnaðarfullra og vel menntaðra einstaklinga sem hafa það að markmiði að ná árangri í þágu viðskiptavina bankans. Bankinn er ungur en vaxandi fjármálfyrirtæki sem starfar á alþjóðlegum mörkuðum og rekur m.a. útibú í London og Vilnius.

Vegna aukinna verkefna óskar MP Fjárfestingarbanki að ráða til sín sérfræðing með reynslu úr fjármálfyrirtæki. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Starfssvið

- Frágangur viðskipta
- Uppgjör viðskipta
- Afstemmingar á vörslureikningum
- Afstemmingar á bankareikningum
- Samskipti við vörsluaðila
- Flutningur bréfa
- Stuðningur við útibú erlendis
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð reynsla úr bakvinnslu
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Ákveðni og færni í samskiptum
- Sjálfstæði og drifkraftur
- Skipulagshæfni

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



SÉRFRÆÐINGUR Á TÆKNISVIÐI

Peocon sérhæfir sig í þróun og sölu á sérhæfðum hugbúnaðarlausnum fyrir verslanir og verslunarmiðstöðvar sem byggðar eru á talningu gesta með IP myndavélum. Peocon er í eigu Vaka, Capacent, Landsteina-Strengs og stjórnenda. Sjá nánari upplýsingar á www.peocon.com

Starfssvið

- Vinna við uppsetningu og innleiðingu hug- og vélbúnaðar
- Uppfærslur og viðhald hug- og vélbúnaðar
- Prófanir á hug- og vélbúnaði
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Þjónusta við viðskiptavini í gegnum síma og tölvupóst

Menntunar- og hæfniskröfur

- Þjónustulund, áhugasemi og drifkraftur
- Tæknibakgrunnur
- Reynsla / menntun í umsjón tölvukerfa
- Góð fagleg þekking á Windows
- Einhver kynni af gagnagrunnum
- Háskólamenntun er kostur

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11 mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Í boði er krefjandi og spennandi starf í alþjóðlegu umhverfi. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og undir álagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

STARFSMANNASTJÓRI

Við leitum að starfsmannastjóra fyrir þekktu veitingakeðju til þess að leiða þann þátt í stjórnun fyrirtækisins. Starfsmannstjórinn verður hluti af stjórnunarteymi fyrirtækisins.

Helstu verkefni starfsmannastjóra

- Skipulag starfsmannamála og stefnumótun
- Almenn framkvæmd starfsmannstefnu
- Starfsmannaráðningar, ráðningarsamningar og móttaka nýliða
- Fræðslu og símenntunarmál
- Launa- og kjaramál
- Þátttaka í þróun fyrirtækisins
- Önnur verkefni sem tengjast mannauðsmálum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf, kostur á sviði mannauðsstjórnunar
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði
- Samstarfshæfni og færni í framkomu, auk stjórnunarhæfileika
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður í starfi
- Reynsla af launamálum kostur

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

TÆKIFÆRIÐ ÞITT?



Smiður 564803

Traust verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða lærðan smið til starfa. Starfið felur í sér mælingar, móta- og innivinnu. Mjög góð verkefnastaða framundan. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30-17:30 með tilfallandi yfirvinnu. Einnig er unnið annan hvern laugardag frá kl. 07:30-17:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is



Stolarz – Cieśla 564803

Przedsiębiorstwo wykonawcze poszukuje doświadczonego stolarza. Zakres obowiązków - pomiary, prace wewnątrz. Czas pracy - wszystkie dni robocze od 07:30-17:30 oraz w co drugą sobotę od 07:30-17:00 z możliwością nadgodzin. Kandydaci muszą znać język angielski lub islandzki.

Informacje na stronie www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511 1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMÍÐLUN

SAMSKIP UPPLÝSINGATÆKNI

Vegna aukinna verkefna leita Samskip að öflugum einstaklingum í eftirtalin störf:

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Sérfræðingur í upplýsingaöryggi/ IT Security specialist

Ábyrgðar- og starfssvið:

- Ábyrgð á tæknilegri skjölun
- Ábyrgð á öryggismálum upplýsingakerfa Samskipa og dótturfélaga
- Umsjón neyðaráætlana
- Verkefnastjórnun vegna innleiðingar á öryggislausnum
- Önnur tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða sambærilegt nám
- Yfirgripsmikil reynsla/þekking á rekstri tölvukerfa og öryggismála
- Góð enskukunnátta, bæði í tali og framsetningu texta
- Samstarfshæfni
- Frumkvæði
- Sveigjanleiki og jákvætt viðmót

Forritari

Starfssvið:

- Forritun í sérsmíðuðum lausnum
- Vinna með öflugri heild forritara og verkefnastjóra
- Greiningarvinna

Menntunar og hæfniskröfur:

- B.Sc gráða í tölvunarfræði,
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Þekking á vefforritun, .NET, Java, HTML, CSS, SQL nauðsynleg
- Reynsla/þekking á WebMethods, hugbúnaðarhönnun kostur
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Metnaður og árangursdrifni

Verkefnisstjóri upplýsingatækni Vöruhúsdeildar

Ábyrgðar og starfssvið:

- Yfirsýn og eftirfylgni verkefna vegna tölvukerfa
- Samskipti við tölvudeild
- Viðhald gæðahandbókar
- Skilgreining vandamála
- Þátttaka í tölvuverkefnahópi
- Samskipti við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði
- Tölvuþekking, þekking á vöruhúsastarfsemi æskileg
- Reynsla af verkefnastjórn
- Góð þekking á SQL forritun og Oracle
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, áhugi og þjónustulund

Kerfisstjórn

Starfssvið:

- Ábyrgð á rekstri tölvukerfa Samskipa
- Þjónusta við tölvukerfið, sérstaklega miðlægs tölvubúnaðar
- Önnur tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða sambærilegt nám
- Yfirgripsmikil reynsla/þekking á rekstri tölvukerfa
- Samstarfshæfni,
- Frumkvæði
- Sveigjanleiki og jákvætt viðhorf

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir að ráða Kynningarfulltrúa:

Orkuveita Reykjavíkur er framsækið þjónustufyrirtæki sem allar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmstan hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustuvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar. Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendirar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er:
Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum
Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum
Sækir fram af eldmóði
Traust og starfar í sátt við umhverfið

Kynningar- og upplýsingamál:

Umsýsla og almannatengsl Orkuveitu Reykjavíkur vill ráða fólk til starfa við upplýsinga- og kynningarmiðstöð í Hellsisheiðarvirkjun.

Störfín felast í að kynna starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og Hellsisheiðarvirkjun fyrir gestum virkjunarinnar. Kynningarfulltrúi skal hafa frumkvæði að því að koma Orkuveitu Reykjavíkur á framfæri og ýta undir jákvæða ímynd fyrirtækisins.

Menntun og hæfniskröfur:

- Starfsmaður skal búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði, þjónustulund, jákvæðni og snyrtimennsku.
- Menntun sem nýtist í starfi, háskólamenntun æskileg.
- Tungumálakunnátta. Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg, kostur að hafa færni í fleiri tungumálum.

Unnið verður á vöktum.

Upplýsingar og umsókn með úrvinnslu umsókna hefur Sólrún Kristjánsdóttir (solrun.kristjansdottir@or.is) hjá Orkuveitu Reykjavíkur.
Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2007.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfín á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur: www.or.is og senda jafnframt ferlskrá. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Orkuveita
Reykjavíkur



Deildarstjórar og leikskólakennarar óskast í leikskólann Foldakot, Logafold 18 í Grafarvogi.

Það er gott að vera sem gleðin býr...

Foldakot er tveggja deilda leikskóli. Leikskólinn er staðsettur í mjög fallegu og grónu umhverfi og stutt út í náttúruna. Rekin er opin og skapandi uppeldisstefna og lögð áhersla á virka fjölskyldusamvinnu enda alltaf kátt í koti.

Velkomin í heimsókn í Foldakot eða hafðið samband í síma 587 3077 eða 693 9872.

➤ Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Fréttablaðið - stærsta bílasala landsins?

Á HVERJUM DEGI FÆRD ÞÚ EINA AF STÆRSTU BÍLASÖLUM LANDSINS INN UM BRÉFALÚGUNA ÞÍNA! SPARADU TÍMA OG FYRIRHÖFN MED ÞVÍ AD FINNA BESTA BÍLINN Á MEDAN ÞÚ SVOLGRAR Í ÞIG MORGUNKAFFIÐ.



FRÉTTABLAÐIÐ

- SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

Sumarstarfsfólk

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að sumarstarfsfólki á heimili fatlaðs fólks, hæfingarstöðvar og skammtíma vistarinnar. Ýmsar starfsþróunir í boði.

Helstu verkefni:

- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum
- Samstarf við aðstandendur

Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samvirkusemi

Í boði er:

- Spennandi og lærdómsríkt sumarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Fjölbreytt verkefni

Leitum að þroskajálfum, stuðningsfulltrúum og félagsliðum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða þí. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýst störf á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 1. apríl nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtíma vistarinnar.

smfr

• Svæðisskrifstofa málefna fatlaðs fólks í Reykjaness

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15,
Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5600



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Styrktarfélag vangefinna Hlutarstörf um helgar

Starfsmenn óskast til starfa við helgardagþjónustu sem starfrækt er í Stjórngróf 7. Vinnutími er frá 11.00 til 19.00, laugardaga og sunnudaga. Stöðurnar eru lausar frá 10. mars. Um er að ræða starf með fjölfötluðum börnum og unglingum á aldrinum 12-17 ára.

Upplýsingar gefa Guðbjörg Haraldsdóttir í síma 414-0560 og starfsmannastjóri Styrktarfélagsins í síma 4140500.

Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfélag.is

Laun er samkvæmt gildandi kjarasamningum.



Reykjavíkurborg Þjónustu- og rekstrarsvið

Deildarstjóri á dagdeild aldraða

Laus er staða deildarstjóra á dagdeild aldraða Þorraseli, Þorragötu 3.

Dagdeildin er stuðningsþjónusta fyrir aldraða sem búa í heimahúsum.

Þjónustan felur m.a. í sér samverustundir, vinnustofu, útiveru, léttar leikfimisæfingar og ýmislegt fleira.

Starf deildarstjóra felst m.a. í daglegri stjórnun og mótun þjónustunnar.

Leitað er að einstaklingi með menntun á heilbrigðis- eða félags sviði með hæfileika í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

Góð vinnuaðstaða í fallegu umhverfi.

Nánari upplýsingar veitir Droplaug Guðnadóttir forstöðumaður í síma 411-2700, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknnum skal skilað á félagsmiðstöðina Aflagranda 40 eða á netfangið: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 24. mars nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Alþýðusamband Íslands



ASÍ eru stærstu hagsmunasamtök íslensks launafólks. ASÍ berst fyrir bættum kjörum og réttindum launafólks og gætir hagsmuna þess gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum auk þess að sinna margvíslegri þjónustu við aðildarfélag og félagsmenn. Innan ASÍ eru starfandi 5 landsambönd sem skiptast eftir starfsgreinum auk félaga með beina aðild.

Félagsmenn Alþýðusambands Íslands eru ríflega 88.000 talsins í tæplega 70 aðildarfélögum um land allt. Innan ASÍ eru því í um 2/3 launafólks í skipulögðum samtökum hér á landi.

ASÍ tekur virkan þátt í erlendu samstarfi samtaka launafólks einkum á Norrænum og Evrópskum vettvangi.

Upplýsingafulltrúi

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í stöðu upplýsingafulltrúa hjá ASÍ

Upplýsingafulltrúi starfar á Upplýsinga- og kynningar sviði sambandsins og heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Meginverkefni upplýsingafulltrúa verður að taka þátt í að skipuleggja og framkvæma upplýsinga- og kynningarstarfsemi Alþýðusambandsins auk þess að sjá um greinaskrif og annast samskipti við fjölmiðla.

Hæfniskröfur eru háskólamenntun og/ eða viðtæk reynsla af blaðamennsku eða störfum á upplýsingasviði. Staða upplýsingafulltrúa ASÍ er ein af lykilstöðum á skrifstofu Alþýðusambands Íslands og því er leitað að einstaklingi, sem hefur m.a. frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi. Innsýn og þekking á starfi og starfsumhverfi stéttarfélaganna er kostur. Áhersla er lögð á gott vald á íslensku í ræðu og riti, nákvæmni í vinnubrögðum, skipulagshæfni og fagaða framkomu. Mikilvægt er að viðkomandi eigi auðvelt með mannleg samskipti og geti starfað sjálfstætt sem og í hópi.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Unnið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Vinsamlega athugið að fyrirsöfnunum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Guðný Harðardóttir og Regína Hjaltadóttir, hjá STRÁ MRI veita nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum. Þeir sem eiga umsóknir fyrirleggjandi hringi eða sendi rafróst og tilkynni þátttöku.



Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Rekstrarstjóri



Veitingastaðurinn American Style leitar að metnaðargörnum og framsæknum einstaklingi í starf rekstrarstjóra á kvöld- og helgarvakt. Rekstrarstjóri er yfirmaður staðarins ásamt því að taka virkan þátt í öllum störfum.

Starfssvið:

- Yfirmaður veitingastaðar á sínum vöktum
- Umsjón með mönnum vakta
- Ábyrgð á pöntunum aðfanga
- Uppgjör og frágangur

Hæfniskröfur:

- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Framúrskarandi þjónustulund
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og dugnaður
- Hæfni til að vinna undir álagi

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk.

Fyrirsöfnunum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningarþjónustunni.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur Ingunn Guðbrandsdóttir, ingunn@radning.is



RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Miðað er við að umsækjendur séu 30 ára eða eldri og geti hafið störf mjög fljótlega.

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

Fjöldi starfa í boði

www.radning.is



RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Persónuleg og fagleg þjónusta

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700



Tækifæri fyrir hundrað bros í viðbót



Gangsetning álversins við Reyðarfjörð hefst í apríl og nú auglýsum við síðustu hundrað störfin. Við leitum að lífsglöðum konum og körlum á öllum aldri. Þó að álverið við Reyðarfjörð sé ekki skemmtistaður á það að vera skemmtilegur vinnustaður. Við ætlum ekki að leyfa neinum að láta sér leiðast í vinnunni.

Liðsandi og samheldni

Starfsmenn Fjarðaáls vinna saman í teyjum og því er nauðsynlegt að liðsandin sé góður og hópurinn samheldinn. Fjarðaál á að vera samfélags- og fjölskylduvænt fyrirtæki þar sem gætt er jafnvægis milli vinnu og einkalífs. Við leggjum mikið upp úr því að starfsmenn eigi góðar stundir saman bæði innan og utan vinnustaðarins.

Öryggi og velferð

Ánægðir og öruggir starfsmenn eru forsenda þess að Fjarðaál nái settu marki. Velferð fólks hefur því skilyrðislausan forgang hjá okkur. Sérhæfð teymi vinna að því að tryggja öryggi, heilbrigði og vellíðan starfsmanna. Fjarðaál hefur jafnframt gert nýstárlegan samning við fyrirtækið InPro um velferðarþjónustu fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra.

Síðustu 100 störfin í boði

Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Öll störf henta bæði konum og körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.

Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á capacent.is (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



Kíktu á Vinna.is

Gallup – spylar 564816

Gallup óskar eftir að ráða spylra í úthringingar. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu. Leitað er að einstaklingum með góða íslenskukunnáttu og framúrskarandi þjónustulund. Gallup býður upp á skemmtilegt og gott starfsumhverfi. Viðkomandi þurfa að vera eldri en 18 ára og geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Hjördís Búadóttir í síma 540-7180 alla virka daga á milli kl. 8:00 og 15:00.

Yfirmaður veitinga 564835

Þjónustustöð á Suðurlandi óskar eftir einstaklingi sem hefur reynslu af matseld eða mótuneytisstörfum. Viðkomandi kemur til með að taka þátt í ýmsum breytingum og nýjungum sem framundan eru. Vinnutími er eftir samkomulagi og er gisting möguleg á staðnum ef óskað er eftir því. Leitað er eftir snyrtilegum, hugmyndaþekktum og sjálfstæðum einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund. Mikilvægt er að hafa góða tungumálakunnáttu. Ráðið verður í starfið strax.

Laura-Ashley 564834

Z-brautir og gluggatjöld óska eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu og sölu á Laura Ashley vörum til viðskiptavina. Leitað er eftir jákvæðum, snyrtilegum og þjónustulunduðum einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 12:00-18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 10:00-14:00. Um framtíðarstarf er að ræða.

Lager-RV 564818

Rekstrarvörur óska eftir að ráða starfsmann á lager RV að Réttarhálsi. Leitað er að duglegum og snyrtilegum einstaklingi sem vill og getur unnið með góðri liðsheild. Starfið felst í tiltekt á vörum, móttöku á vörum og umhirðu á lager. Vinnutími er frá kl. 08:00 til 18:00 mánudaga - föstudaga. Um framtíðarstarf er að ræða. Mötuneyti er á staðnum.

Lagerstarfsmaður 564806

Traust og leiðandi fyrirtæki í sölu bílavarahluta óskar eftir starfsmanni á lager. Starfið felur í sér almenn lagerstörf. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 09:00 - 17:00. Leitað er að einstaklingi sem er röskur, stundvís og reglusamur. Ráðið verður í starfið strax.

Sölustarf í verslun 564827

Þjónustufyrirtæki á lagnasviði fyrir pípulagningamenn, vatnsveitur og almenna neytendur óskar eftir sölumanni. Starfið felst í afgreiðslu og ráðgjöf til viðskiptavina. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og helgarvinna eftir samkomulagi. Leitað er að starfsmanni sem hefur reynslu af sölu- eða afgreiðslustarfi er góður í mannlegum samskiptum og fljótur að tileinka sér nýjungar. Þekking á pípulögnum er kostur en ekki skilyrði. Ráðið verður í starfið strax.

Smávörulager 564814

Kvos hf. móðurfélag Prentsmiðjunnar Odda ehf., Gutenberg ehf. og Odda skrifstofuvara ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á smávörulagerinn við Héðinsgötu. Vinnutími er mánudaga - föstudaga frá kl. 08:00 -17:00 og fylgir starfinu töluverð yfirvinna. Um hefðbundin lagerstörf er að ræða. Leitað er að hraustum, áreiðanlegum aðila sem er afkastamikill og þjónustulundaður. Ráðið verður í starfið strax.

Sölumaður á ferðinni 564826

Framleiðslufyrirtæki í matvöru óskar eftir að ráða til sín sölumann. Í starfinu felst að fara í verslanir á höfuðborgarsvæðinu og selja þær vörur sem fyrirtækið framleiðir jafnframt því að hafa eftirlit með framsetningu varanna. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00 - 17:00. Leitað er að röskum einstaklingi sem hefur góða framkomu, hefur gaman af mannlegum samskiptum og er þjónustulundaður. Ráðið verður í starfið strax.

Ræsting 06:00-14:00 564829

Þjónustufyrirtæki í hugbúnaðargeiranum sem staðsett er miðsvæðis í Reykjavík óskar eftir að ráða til sín starfsmann í ræstingar. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 06:00 -14:00. Leitað er að traustum, snyrtilegum og jákvæðum einstaklingi sem er eldri en 25 ára. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af ræstingum. Ráðið verður í starfið strax.

Meiraprófsbílstjóri 564825

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra. Vinnutími er frá kl. 07:00-16:00 virka daga og stöku sinnum til kl. 18:00. Um útkeyrslu á vörum fyrirtækisins er að ræða og þá aðallega í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að röskum aðila með góða framkomu.

Lyklasmíði og afgreiðsla í verslun 564812

Verslunar- og þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða til sín starfsmann í lyklasmíði og þjónustu við viðskiptavini. Viðkomandi þarf einnig að vera tilbúinn að afgreiða í versluninni. Leitað er að laghentum einstaklingi með öguð vinnubrögð, er heiðarlegur og með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Ráðið verður í starfið strax.

Ráðgjöf, afgreiðsla og sala 564840

Byggingavöruverslun í Reykjavík óskar eftir að ráða til sín starfsmann í ráðgjöf, afgreiðslu og sölu til viðskiptavina. Um fjölbreytt starf er að ræða og þarf viðkomandi að hafa þekkingu á byggingavörum eða unnið sambærilegt starf. Vinnutími er frá kl. 9:00-21:00 og er um vaktavinnu að ræða. Leitað er að sjálfstæðum, glaðlyndum starfsmanni sem hefur áhuga á að vinna við sölu og þjónustu.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is



Ása Hauksdóttir sem er í forsvari fyrir verkefnið „Skapandi sumarstörf“ segir unga fólkið hörkuduglegt bæði í umsóknarferlinu og við framkvæmd verkefnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skapandi sumarstörf fyrir ungt fólk

Hitt húsið tekur nú á móti umsóknum fyrir verkefnið „Skapandi sumarstörf“ þar sem ungt listfengt fólk getur verið á launum í sumar við listsköpun.

„Frumkvæðið að verkefninu kom upphaflega frá ungu listfengu fólki hér við Hitt húsið fyrir um fimmtán árum en verkefnið hefur verið í þeirri mynd sem það er í dag síðastliðin sjö sumur,“ segir Ása Hauksdóttir sem er í forsvari fyrir Skapandi sumarstörf hjá Hinu húsinu.

Ár hvert sækja um 40-50 hópar listfenginna ungmenna á aldrinum 17-25 ára um styrkinn og af þeim segir Ása að um það bil 20 hópar fái brautargengi ár hvert.

Unga fólkið sem hreppir styrkinn fær síðan laun í átta vikur til þess að hrinda í framkvæmd verkefninu sem sótt var um.

„Það er öll flóran sem sækir um og markmiðið er að hafa fjölbreytileikann að leiðarljósi þegar styrkn- um er úthlutað,“ segir Ása en segir einnig að verkefni- in verði að vera framkvæmanleg og þess vegna séu verkefni á borð við kvikmynd í fullri lengd ekki það sem leitað er eftir.

Verkefni innan leiklistar, myndlistar, dans, tónlistar og annarra listforma hafa verið styrkt og má sem dæmi nefna strengjakvartettinn Amiina, tónlistarmennina Pétur Ben og Benna Hemm Hemm, ásamt leikkonunum Esther Talú Casey og Maríönnu Clöru Lúthersdóttir.

„Unga fólkið er hörkuduglegt bæði í umsóknarferlinu og við framkvæmd verkefnanna sinna, þau virkilega hafa brennandi áhuga á því sem þau eru að gera og vinna myrkranna á milli,“ segir Ása.

Umsóknin þarf að vera fagmannlega gerð og með henni þarf að fylgja greinargóð lýsing á verkefninu, tíma og verkáætlun, fjárhagsáætlun og upplýsingar um aðstandendur verkefnisins. Umsækjendur geta fengið aðstoð við gerð umsóknar hjá Hinu húsinu en einnig þarf að sækja um starfið hjá Vinnumiðlun ungs fólks.

„Þetta umsóknarferli er ákveðið nám fyrir unga listafólkið. Starfandi listamenn þurfa sífellt að sækja um styrki bæði fyrir launum og verkefnum svo þetta er góð æfing sem þau eiga eftir að búa að,“ segir Ása.


Allar nánari upplýsingar veitir Ása Hauksdóttir hjá Hinu húsinu: www.hitt-husid.is



Margir leiklistarhópar hafa látið ljós sitt skína í gegnum verkefnið „Skapandi sumarstörf“.

F-PROT Antivirus

Linux kerfisstjóri



Umsóknir ásamt starfsferilsskrám sendist á: jobs@frisk.is
Umsóknarfrestur er til 20. mars 2007

Fríðrik Skúlason ehf. (FRISK Software International) óskar eftir öflugum, frumlegum og skemmtilegum Linux kerfisstjóra. Viðkomandi mun sjá um að reka og setja upp vélar fyrir AVES póstiunarbýðustu okkar, leysa af og aðstoða við önnur kerfisrekstrarverkefni og forritun.

Nauðsynleg kunnátta:

- Unix/Linux, Perl forritun og góð þekking á póst- og vefþjónum (sendmail, postfix, apache, anomy)

Æskileg kunnátta:

- Skeljaskriptun, C forritun, HTML og CSS

Ekki er verra að kunna:

- SQL. Windows

Fríðrik Skúlason ehf. (FRISK Software) er alþjóðlegt öryggis- og þekkingarframtæki sem sérhæfir sig á sviði veiruvarna. Fyrirtækið framleiðir m.a. F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) og er í samstarfi við fyrirtæki um allan heim. Fyrirtækið starfar að mestu leyti á erlendum mörkuðum og er í dag eitt af fremstu veiruvarnar-fyrirtækjum heims. Hjá fyrirtækinu starfa um fimmtíu manns.



Pverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

Bifvélavirki, vélvirki eða vanur verkstæðismaður



Flugstoðir ehf. óska að ráða bifvélavirkja, vélvirkja eða mann vanan viðgerðum og viðhaldi bifreiða, véla og tækja til starfa á Egilsstaðaflugvöll.

Starfssvið

Starfið felst meðal annars í viðgerðum, viðhaldi og eftirliti á bílum, vélum og tækjum á verkstæði flugvallarins. Starfsmaðurinn mun einnig aðstoða við snjóruðning, hálkuvarnir og viðbúnaðar- og neyðarþjónustu.

Menntun og/eða reynsla

Menntun og reynsla í vélvirkjun eða bifvélavirkjun er æskileg. Umsækjendur með haldgóða reynslu í viðgerðum bíla, véla og stærri tækja koma einnig til greina. Meirapróf er skilyrði. Réttindi á þungavinnuvélar er æskilegt.

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, sýnir frumkvæði í starfi, hefur lipra og þægilega framkomu og getur unnið undir álagi. Í boði er krefjandi starf í öruggu og góðu starfsumhverfi. Starfið er laust nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknir

Upplýsingar um starfið veita Ingunn Ólafsdóttir, starfsmannastjóri í síma 424-4000 og Jörundur Ragnarsson starfandi umdæmisstjóri í síma 471-1857. Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, fyrri störf og mynd sendist starfsmannahaldi Flugstoða ehf, Reykjavíkurfugvelli, 101 Reykjavík fyrir 11. mars 2007. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Flugstoða ehf. www.flugstodir.is

Flugstoðir ehf. er opinbert hlutafélag sem tók yfir þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands þann 1. janúar 2007. Hjá Flugstoðum ehf. starfa um 230 starfsmenn. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugumferðar- og flugleiðsögjuþjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður-Atlantshafi. Flugstoðir ehf. leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Verkefnastjóri

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins - FSR

Framkvæmdasýslan er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og hefur umsjón og eftirlit með hönnun og verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins.

Hlutverk FSR er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins. Gert er ráð fyrir að FSR sé í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, ásamt því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á þessu sviði.

Nánari upplýsingar um verkefni Framkvæmdasýslunnar er að finna á www.fsr.is.

Verkefnastjóri óskast

Framkvæmdasýslan óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa og er starfssviðið tvíþætt. Annars vegar mun hann hafa umsjón og eftirlit með vinnu hönnuða og verktaka og hins vegar mun hann taka þátt í þróun og innleiðingu á notkun verkefnavefja og upplýsingalíkana í íslenskum byggingariðnaði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði mannvirkjagerðar eða upplýsingatækni.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum.
- Enskukunnátta og helst kunnátta í einu Norðurlandamáli.
- Innsýn í virkni hönnunarforrita og reynsla af notkun þeirra.
- Reynsla í notkun almennra tölvuforrita og Internetsins.
- Mikil samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Áhugi á upplýsingatækni og möguleikum hennar.

Um er að ræða umfangsmikið og fjölbreytt starf fyrir drifandi einstakling. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningum sem byggja á kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi kjarafélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2007. Umsóknir sendist á netfang anna.b@fsr.is merkt "verkefnastjóri". Nánari upplýsingar um stöfin gefur Óskar Valdimarsson forstjóri í síma 569-8900 og á netfangi oskar.v@fsr.is

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**
550 5000

Aðstoð í mótuneyti

Þekkt fyrirtæki í Smárahverfinu óskar að ráða starfsmann í mótuneyti. Til greina kemur að ráða fram á vor/sumar eða til lengri tíma.

Starfið felst í að aðstoða matreiðslumann við undirbúning og framreiðslu matar ásamt frágangi.

Leitað er að snyrtilegri, duglegri og jákvæðri manneskju.

Vinnustaðurinn er reyklaus.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 12. mars nk. Númer starfs er **6349**.

Upplýsingar um starfið veitir Guðný Sævinisdóttir. Netfang: gudny@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Afgreiðslustörf – hlutastörf

Gjafavörverslunin **Villeroy & Boch** í Kringlunni óskar að ráða starfsfólk í afgreiðslu.

Um tvö störf er að ræða, annars vegar hálfstítt starfshlutfall og hins vegar helgarstarf aðra hverja helgi.

Starfið felst í afgreiðslu, sölu og þjónustu.

Leitað er að samvisskusömum, heiðarlegum, þjónustulundum og snyrtilegum einstaklingi.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 12. mars nk.

Upplýsingar veita Elísabet Sverrisdóttir og Rannveig J. Haraldsdóttir. Netföng: elisabet@hagvangur.is og rannveig@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Ráðningarpjónusta

Ert þú í atvinnuleit? Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldestörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

Leitar þú að starfsmanni?

Kostir þess að nýta sér þjónustu **HH Ráðgjafar**:

» Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

» Markviss leit

Nýr hugbúnaður gerir leit mjög markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn til starfsins.

» Enginn auglýsingakostnaður

Við sjáum um að auglýsa starfið eins og þörf krefur án þess að til komi aukakostnaður.

» Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir eða er sagt upp störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

Laga
Verslun
alders
æðistörf
krifsto

Nánari
upplýsingar
í síma
561 5900

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Kannaðu málið á www.hhr.is

HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

indísænfótosjopp illústreitorfláss

Kanntu á indísæni, illústreitor, fótossjopp eða fláss? Ertu svolítið hugmyndaríkur eða góður að teikna og ertu kannski líka með háskólapróf í grafískri hönnun? Þá skaltu lesa þessa auglýsingu til enda því við erum að leita að grafískum hönnuðum.

Ef þú uppfyllir sex af þeim sjö atriðum sem talin eru upp hér að ofan þá hvetjum við þig til að senda okkur umsókn með ferilskrá á netfangið skaparinn@skaparinn.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars.

Auglýsingastofa Skaparans var stofnuð seint á síðustu öld. Viðskiptavinir okkar eru fyrirtæki og félagasamtök af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum áherslu á góða og persónulega þjónustu. Við trúum því jafnframt að það eigi að vera gaman í vinnunni.

Auglýsingastofa Skaparans | Síðumúli 1 | 108 Reykjavík | Sími 533 2299
skaparinn@skaparinn.is | www.skaparinn.is

Verk að vinna!

www.hagvangur.is

Tækifærin eru ótal mörg í dag fyrir þá sem eru í atvinnuleit og á heimasíðu Hagvangs er hægt að sækja um fjölda starfa. Þetta eru fjölbreytt og krefjandi verkefni hjá góðum fyrirtækjum, stórum og smáum, sem vilja bæta við sig starfsfólki til að mæta auknum kröfum viðskiptavina sinna.

Farðu inn á www.hagvangur.is og skráðu þig!

Við leitum meðal annars að:

- Tölvunarfræðingum
- Bókurum
- Lögræðingum
- Rekstrarfræðingum
- Riturum
- Tæknifræðingum
- Sölustjórum
- Verkefnastjórum
- Viðskiptastjórum
- Verkfræðingum
- Kerfisfræðingum
- Forriturum

HAGVANGUR
- við ráðum



Reykjavíkurborg Leikskólasvið

Leikskólinn Laufskálar, Laufríma 9, óskar eftir deildarstjóra

Lýðræði í leik og starfi

Í Laufskálum er lögð áhersla á að börnin hafi áhrif á námsval og allir starfsmenn hafa jafnan rétt til að móta leikskólastarfið.

Laus er staða deildarstjóra sem vill taka þátt í því að byggja upp lýðræðislegan leikskóla með börnum og fullorðnum.

Verið velkominn í heimsókn í Laufskála eða hafið samband við Halldóru Pétursdóttur leikskólastjóra í síma 587-1140 eða 693-9818.

Deildarstjóri

Grandaborg. Boðagrandu 9, sími 562-1855.

Heiðarborg. Selásbraut 56, sími 557-7350.
Frá 1. apríl næstkomandi.

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- **Ásborg.** Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
- **Bakkaborg.** Blöndubakka 2, sími 557-1240.
- **Garðaborg.** Bústaðavegi 81, sími 553-9680/553-9681.
- **Grandaborg.** Boðagrandu 9, sími 562-1855.
- **Heiðarborg.** Selásbraut 56, sími 557-7350.
Frá 1. apríl næstkomandi.
- **Hlíðaborg.** Eskilhlíð 19, sími 552-0096.

Hlutastarf seinni hluta dags

- **Drafnarborg.** Drafnarstíg 4, sími 552-3727.

Atferlisþjálfari

Laust er staða atferlisþjálfara í leikskólanum **Heiðarborg**, Selásbraut 56. Um er að ræða krefjandi og spennandi starf sem felur í sér að annast þjálfun nemanda með einhverfu.

Starfsmaður fær markvissa leiðsögn við að beita aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar. Unnið er í nánu samstarfi við foreldra barnsins, atferlisráðgjafa og annað starfsfólk á leikskólanum.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfari, leikskólasérkennari eða háskólamenntun á sviði uppeldis- eða sálfræði.
- Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, áreiðanleiki og nákvæmni í starfi.

Um er að ræða 75-100% stöðu.

Nánari upplýsingar veitir Emilía Möller leikskólastjóri í síma 557-7350.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannafélag Leikskólasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Styrktarfélag vangefinna

Frekari liðveisla óskar eftir starfsmanni í 25-35% starf. Vinnutími er aðallega á tímabilinu 16.00-20.00 á virkum dögum og aðra hvora helgi.

Frekari liðveisla sér um þjónustu við fólk með fötlun sem býr sjálfstætt. Starfið er aðallega fólgið í því að leiðbeina og styðja fólk í daglegu lífi.

Nánari upplýsingar gefa Guðlaug Þórðardóttir og Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri í síma 414-0500 milli kl. 9.00 og 15.00 virka daga.

KÓPAVOGSBÆR



Félagsþjónusta Kópavogs

Persónulegur ráðgjafi óskast 3 - 4 daga í viku seinni hluta dags, virka daga.

Allar nánari upplýsingar veitir Dagný Björk mánudag og fimmtudag frá kl. 9:00 til 16:00 í síma 570-1400. Netfang: dagny@kopavogur.is

Umsóknum skal skilað á þar til gerð eyðublað sem liggja frammi í afgreiðslu Félagsþjónustu Kópavogs, Fannborg 4.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.



Markaðsstjóri Húsasmiðjunnar

Húsasmiðjuskólinn

Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

Starfsmannafélag

Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

Heilsuefning

Fyrirtækið og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.

Viðskiptakjör

Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluvæði byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

❖ Húsasmiðjan auglýsir eftir markaðsstjóra Húsasmiðjunnar

Um Húsasmiðjuna

- ❖ Húsasmiðjan er ört vaxandi, 50 ára gamalt fyrirtæki sem er leiðandi á byggingavöru- og heimilsvörumarkaði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í smásölu og heildsölu.
- ❖ Húsasmiðjan er eitt stærsta fyrirtæki í smásölu á Íslandi, eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins og í hópu stærstu fyrirtækja landsins miðað við veltu.
- ❖ Húsasmiðjan rekur 31 verslun um allt land undir vörumerkjunum Húsasmiðjan, EGG, Blómaval, Ískraft og HG Guðjónsson.
- ❖ Húsasmiðjan hefur þá stefnu að ráða starfsmenn í hvert starf m.t.t. þess hvernig þeir geta best leyst viðkomandi starf af hendi, án tilits til aldurs, kyns, eða uppruna að öðru leyti en því sem eðlilegt er, miðað við kröfur starfsins til líkamsburðar og tungumálakunnáttu.

Um starfið

- ❖ Markaðsstjóri Húsasmiðjunnar er ábyrgur fyrir markaðsstefnu og markaðsáætlunum allra vörumerkja félagsins, verkstýringu markaðsdeildar, tekur þátt í stefnumótum vörumerkja félagsins auk fjölda annarra verkefna markaðsdeildar.
- ❖ Í markaðsdeild Húsasmiðjunnar starfa 8 manns í dag en deildin er ábyrg fyrir markaðsstarfi Húsasmiðjunnar, Blómavals, EGG, Ískrafts og HG Guðjónssonar.
- ❖ Húsasmiðjan er einn stærsti auglýsandi landsins bæði hvað varðar auglýsingabirtingar sem og markaðsfé.

Um umsækjendur

- ❖ Allir þeir sem telja sig hafa það fram að færa sem starfið krefst, eru hvattir til að sækja um.

Hæfniskröfur

- ❖ Háskólamenntun á sviðið markaðsmála.
- ❖ Reynsla í markaðsstýringu.
- ❖ Miklir skipulagshæfileikar.
- ❖ Góð enskukunnátta.
- ❖ Lifandi áhugi á markaðsmálum, frumkvæði og snerpa.


Umsækjendur skulu senda tölvupóst til Guðrúnar Kristinsdóttur, starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, gudrunk@husa.is, fyrir 9. mars. Einnig er hægt að skila inn umsóknum til Guðrúnar á aðalskrifstofu félagsins í Holtagörðum við Holtaveg, 104 Reykjavík.





Tækjamenn óskast.

Vegna mikilla verkefna óskum við eftir að ráða vana menn á gröfur og dráttarbíla. Áhugasamir vinsamlega hafið samband við Marínó Pálmason í síma 892 1559.



LANDFORM

LANDSLAGSARKITEKT, SKIPULAGSFRÆÐINGUR, ARKITEKT
Landform óskar eftir starfsfólki með skapandi hugsun og frumkvæði.

Mörg áhugaverð og krefjandi verkefni í vinnslu og undirbúningi. Leitað er að landslagsarkitekt, skipulagsfræðingi eða arkitekt með reynslu af skipulags- og byggingarmálum. Landform fyrirhugar að setja upp starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu og í tengslum við hana að ráða verkefnisstjóra. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á Autocad eða hlíðstæðum teiknikerfum. Skrifleg umsókn sendist Landform ehf. Austurvegi 6, 800 Selfossi fyrir 7. mars 2007. Hafa má samband við Odd Hermannsson og farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Sjá heimasíðu Landform, www.landform.is

Landform er 13 ára ráðgjafafyrirtæki sem vegna ört vaxandi verkefna fyrirhugar að setja upp starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða mun allhliða ráðgjöf á sviði landslagsarkitektúrs og skipulags- og byggingarmála. Jafnframt er þörf fyrir aukin starfskraft á skrifstofu Landform á Selfossi vegna aukinna verkefna á landsbyggðinni

ÞESSI SÓTTI UM ...

... EN VIÐ VORUM
HÁLFSMEYK VIÐ HANN



VIÐ LEITUM AÐ ARKITEKTUM & BYGGINGAFRÆÐINGUM

Vegna aukinna umsvifa og fjölda verkefna framundan leitum við að arkitektum og byggingafræðingum sem geta starfað sjálfstætt og stýrt verkefnum fyrir hönd fyrirtækisins.

Áhugasamir hafi samband við Þorvarð Björgvinsson í síma 822 2065, Svövu Bragadóttur í síma 867 1895, eða sendi tölvupóst á netfangið thorri@ark.is

www.ark.is

ARKÍŚ



Grundarfjarðarbær

Starf skrifstofustjóra

Grundarfjarðarbær auglýsir starf skrifstofustjóra laust til umsóknar.

Skrifstofustjóri stjórnar skrifstofuhaldi bæjarins og hefur umsjón með bókhaldi, gerð fjárhagsáætlana, fjárreiðum, uppgjörsvinnu og ársreikningagerð. Skrifstofustjóri hefur umsjón með starfsmannamálum, ritar fundargerðir bæjarráðs og bæjarstjórnar, er staðgengill bæjarstjóra og annast önnur störf á sviði stjórnsýslunnar sem bæjarstjóri felur honum. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Miðað er við að viðkomandi hefji störf í mars. Næsti yfirmaður skrifstofustjóra er bæjarstjóri.

Grundarfjörður er framsækið sveitarfélag þar sem búa tæplega eitt þúsund íbúar. Góð þjónusta er í bænnum, þ.á m. góður grunn- og leikskóli, tónlistarskóli, heilsugæsla, verslanir, ýmis önnur þjónusta, verkakafyrirtæki og íþróttastaða. Umhverfi og náttúrufergurð við Breiðafjörðinn eru viðkunn og rómuð.

Hæfniskröfur: Leitað er að einstaklingi sem er skipulagður og agaður í störfum og sem hefur mikla hæfileika til góðra mannlægra samskipta. Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun sem nýtist í starfinu, en góð reynsla af sambærilegu starfi kemur einnig til greina. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri þekkingu og færni í tölvuvinnslu. Skrifstofustjóri hefur samstarf við alla starfsmenn og stjórnendur bæjarins og einnig eru mikil samskipti við íbúana.

Leiðbeint og aðstoðað verður við húsnæðisleit ef þörf er á því.

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2007. Umsóknunum, ásamt upplýsingum um menntun og ferilskrá (CV) skal skila til skrifstofu Grundarfjarðarbæjar merktar "Starf skrifstofustjóra". Öllum umsóknunum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu í starfið.

Bæjarstjóri veitir frekari upplýsingar um starfið í s. 430-8500 eða á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar að Grundargötu 30 í Grundarfirði.

Tölvupóst má senda á: bajarstjori@grundarfjordur.is
Heimasíða: www.grundarfjordur.is

Bæjarstjóri Grundarfjarðar.



66° Norður

verkefnastjóri í útflutningsdeild

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Sala, samskipti og þjónusta við söluaðila 66°Norður erlendis
- Taka á móti pöntunum og hafa umsjón með að afgreiðsla fari rétt fram
- Undirbúningur og umsjón með sölugögnum
- Vinna við áætlanir, sölusýningar ofl.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð ensku kunnáttu nauðsynleg og önnur mála-kunnáttu kostur
- Þekking á Axapta er kostur en ekki nauðsyn
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Útivistahugi kostur

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2007.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dögg Ármannsdóttir, framkvæmdastjóri útflutningssviðs, í síma 535-6600 eða dogg@66north.is

Umsóknir sendist á starf@66north.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Sjóklæðagerðin – 66° Norður er eitt elsta framleiðslufyrirtæki landsins, stofnað árið 1926 og hefur um áratuga skeið verið leiðandi í framleiðslu á sjó- og vinnufatnaði. Undanfarnin áratug hefur fyrirtækið vaxið hratt í framleiðslu og sölu á fjölbreyttum fatnaði til útivistar og fengið margvísleg verðlaun fyrir hönnun sína og markaðsstarf síðastliðin ár.

Í dag starfa rúmlega 300 manns hjá fyrirtækinu og rekur það 9 verslanir undir vörumerkjum 66° Norður og Rammagerðarinnar.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess, www.66north.is.





Reykjavíkurborg



Laus störf í grunnskólum

Foldaskóli, sími 540-7600.

Skólaliði, m.a. til gæslu í búningklefa pilta.

Seljaskóli, sími 411-7500

Kennari í afleysingu.

Hlíðaskóli, sími 552-5080

Íþróttakennari í 100% stöðu til vors og næsta skólaár.

Vogaskóli, sími 411-7373

Kennari í 70% stöðu í 5. bekk vegna barnsburðarleyfis.

Safamýrarskóli, sími 568-6262

Stuðningsfulltrúi í 50 - 100% stöðu.

Laugalækjarskóli, sími 588-7500

Skólaliðar í 100% stöður.

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Öll laus störf í grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Eykt óskar eftir verkefnastjóra

Hjá Eykt eru mörg fjölbreytt verkefni framundan. Má þar nefna uppbyggingu Höfðatorgs, byggingu fjölbylishúss að Helluvaði og við Norðurbakka. Orkuver 6 í Svartsengi og flutningur Strætó er einnig á döfinni að ógleymdri nýbygging Kaupþings í Borgartúni og stækkun Hótel Cabin.

Starfssvið

- Stjórnun og eftirlit með framkvæmdum Eyktar
- Samningagerð og innkaup
- Kostnaðareftirlit og uppgjör
- Samskipti við viðskiptavinum Eyktar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingaverk- eða tæknifræði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknnum skal skilað á skrifstofu Eyktar að Lynghálsi 4, 110 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins, www.eykt.is

Allar upplýsingar gefur Páll Daniel Sigurðsson, sviðsstjóri framkvæmdarsviðs Eyktar, pald@eykt.is eða í síma 822-4422.



PEKKINGARFYRIRTEKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is



Svanur Valgeirsson segir viðskiptavinum almennt þolinmóða við starfsfólk Bónuss þótt íslenskukunnáttu þess sé stundum ábótavant. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sýna erlendu starfsfólki þolinmæði

Erlendum starfskröftum hefur fjölgað á Íslandi undanfarin ár. Yfirmenn stórra verslanakeðja segja Íslendinga almennt þolinmóða í garð þeirra þótt íslenskukunnáttu sé stundum ábótavant.

Allir á íslenskunámskeið

„Í verslunum okkar starfa fimm útlendingar,“ segir Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar. „Þeir koma að öllum störfum sem til falla. Enginn þeirra vinnur þó á afgreiðslukassa enn sem komið er, þar sem þeir tala ekki nógu góða íslensku. Það mun þó breytast eftir að þeir ljúka íslenskunámskeiði hjá Málaskóla Mímis, sem Krónan greiðir fyrir til að koma í veg fyrir samskiptaörðugleika.“

Að sögn Kristins hefur erlendu starfsfólki almennt verið vel tekið í verslunum Krónunnar. „Á tímabili var kvartað undan því að of margir töluðu litla íslensku í ákveðnum búðum. Við brugðumst við því með því að dreifa útlendingunum betur og höfum nú ekki fleiri en tvo í hverri verslun. Það er að segja ef íslenskukunnáttu þeirra er ábótavant,“ útskýrir Kristinn. „Þá geta þeir alltaf fengið aðstoð hjá íslenska starfsfólkinu ef ske kynni að vandamál kæmu upp.“

Kristinn segir erlenda starfsfólkinu sjálfu líða vel í verslunum Krónunnar. „Það á tiltölulega auðvelt með að samlagast hópnum

og er eins og hverjir aðrir Íslendingar.“

Viðskiptavinir þolinmóðir

„Í kringum fjörutíu útlendingar starfa í verslunum okkar, en þá á ég við erlenda starfsmenn sem eru ekki enn komnir með íslenskan ríkisborgararétt,“ segir Svanur Valgeirsson, starfsmannastjóri Bónusverslana, sem eru 25 talsins.

Útlendingarnir dreifast misjafnlega á búðirnar að sögn Svans, þótt reynt sé að hafa þá í minnihlutahópi afgreiðslufólks við kassa til að fyrirbyggja samskiptavandamál. „Flestir þeirra geta bjargað sér á ensku,“ útskýrir Svanur. „Þess vegna sendum við meirihlutann á íslenskunámskeið hjá Alþjóðahúsinu, sem við greiðum fyrir. Fjöldi þáttakenda átti upphaflega að vera fimmtán, en við náðum að koma þeim upp í sautján.“

Þetta er í fyrsta skipti sem starfsmenn okkar hafa verið sendir á námskeið af þessu tagi. Þannig að enn á eftir að koma í ljós hvað þeim finnst um það. Starfsfólkinu hefur þó almennt gengið nokkuð vel.“

Svanur segir ekki hafa borið mikið á kvörtunum undan íslenskukunnáttu erlendra starfsmanna. „Það hefur komið okkur á óvart hversu þolinmóðir viðskiptavinirnir hafa verið. Verslunarstjórnarnir halda því fram að þeir sýni erlendu starfsfólki almennt meiri þolinmæði en því íslenska. Ætli landanum sé bara ekki orðið ljóst hve mikið útlendingar hafa gert fyrir hagkerfi okkar.“ roald@frettabladid.is



Kristinn Skúlason segir erlenda starfsmenn Krónunnar á íslenskunámskeiði til að fyrirbyggja að samskiptaörðugleikar hljóti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Funky fish opnar á Íslandi

Funky fish sem er ný verslun óskar eftir starfsfólki. Um er að ræða annars vegar tvö hálf dags störf, frá 10:00 til 14:00 og 14:00 til 18:00, og hins vegar fullt starf frá klukkan 10:00 til 18:00.

Um er ræða afgreiðslustarf í skemmtilegu umhverfi. Ráðning er frá 9. mars. Umsækendur vinsamlegast sendið ferilskrá á netfangið smastund@internet.is

www.funky-fish.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is) Haukarauni 2
Leikskólakennarar

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk

Hlíðarendi (555 1440 hliðarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari

Hörðuvellir (664 5845 horduvellir@hafnarfjordur.is) Tjarnarbraut 30
Leikskólakennari

Stekkjjarás (664 5862 stekkjjaras@hafnarfjordur.is) Ásbraut 4

Leikskólakennarar
Deildarstjórastaða
Sérkennsla
Starfsmenn með aðra uppeldismentun

Um er að ræða heilar stöður, hlutastöður og skilastöður

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is) Miklaholti 1
Leikskólakennarar
Matreiðslumeistari

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is) Miðvangi 39
Leikskólakennarar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)

Almenn kennsla
Hraunvallaskóli (590 2800 hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is)
Drekavöllum 9

Almenn kennsla á yngsta stigi
Almennt starfsfólk skóla
Um er að ræða hlutastörf og heilar stöður
(sjá heimasíðu skólans)

Hvaleyrarskóli (565 0200/664 5893 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Skólaliða vegna forfalla

Lækjarskóli (555 0585 halla@laekjarskoli.is)
Stuðningsfulltrúi

Setbergsskóli (565 1011 gudosk@setbergsskoli.is) v/Hlíðarberg
Skólaliði (kl. 11-17)
Aðstoð í eldhúsi

Víðistaðaskóli (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is) v/Hrauntungu
Stuðningsfulltrúi

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is) v/Öldutún
Íþróttakennari
Tölvukennsla
Almenn kennsla v/barnsburðarleyfis

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla. Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjoredur.is

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 100 talsins og er áætluð velta félagsins á árinu 2007 rúmir sex milljarðar króna.

Vistor leggur áherslu á hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika í störfum sínum.



Bakhjarl fyrir betri líðan

vistor

Lyfjafræðingur í skráningardeild

Vistor hf. óskar eftir að ráða lyfjafræðing til starfa í skráningardeild

Starfssvið er m.a.:

- Samskipti við erlenda umbjóðendur og innlend heilbrigðisyfirvöld
- Umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf, viðhald þeirra og aðrir þættir er tengjast markaðsleyfum lyfja, þar á meðal þýðingar á samantektum um eiginleika lyfs

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í lyfjafræði
- Reynsla af sambærilegum störfum er verulegur kostur
- Vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á ensku og íslensku
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Kunnáttu í dönsku, norsku eða sænsku er kostur

Nánari upplýsingar veita Sigrún Edwald, deildarstjóri skráningardeildar (sedwald@vistor.is) og Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar (thoranna@vistor.is). Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk.

Umsóknum skal skilað á netfangið starf@vistor.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Sölufulltrúi – 50% starf

Vistor hf. óskar eftir að ráða sölufulltrúa fyrir svæfingar- og grenningarlyf frá Abbott

Starfssvið:

- Kynningar á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Undirbúningur fræðslufunda
- Samskipti við erlenda lyfjagirgja
- Að sækja ráðstefnur á Íslandi og erlendis
- Þátttaka í gerð kynningarefnis

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða sambærileg menntun
- Áhugi á samskiptum og sölu
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög gott vald á ensku
- Frumkvæði, sannfæringarkraftur, sjálfstæði, skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum

Kostur er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegum störfum

Nánari upplýsingar veita Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar (thoranna@vistor.is) og Vilborg Gunnarsdóttir (vilborg@vistor.is). Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk.

Umsóknum skal skilað á netfangið starf@vistor.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.



Vistor hf. • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is



Vinna.is
Sími 511 1144 www.vinna.is





Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd
Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn.

Starfsmenn óskast

Starfsmenn óskast til sumarflæysinga í umönnun, vinnustofu, ræstingu og eldhúsi. Sveigjanlegur vinnutími. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Lengd vakta getur verið frá 4 klukkustundum í 8,5 klukkustundir allt eftir samkomulagi.

Upplýsingar um umönnun, vinnustofu og ræstingu gefur hjúkrunarforstjóri Jónbjörg Sigurjónsdóttir í síma 510-2101
jonbjorg@skogar.is
Upplýsingar um eldhús gefur Olga í síma 510-2145
olg@skogar.is



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn.

Proskapjálfi óskast

Starfið er frumkvöðlastarf og felst í því að byggja upp virkni og félagsstarf á deildum og vinnustofu. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Umsóknarfrestur er tvær vikur frá og með birtingu þessarar auglýsingar.

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri Jónbjörg Sigurjónsdóttir í síma 510-2101 **jonbjorg@skogar.is**



Kaffiheimur er framsækið fyrirtæki í rekstri kaffibara sem starfar undir merkjum Te & Kaffi. Kaffiheimur leggur metnað sinn í að vera með stílhreina kaffibari þar sem áhugi á te og kaffi fær að dafna.

Núna vantar gott áhugasamt fólk í 100% vinnu Starfstöðvar miðsvæðis í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Laufey í síma 864 9661.

Og einnig er hægt að senda inn umsókn á **laufey@kaffiheimur.is**

► Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagr Brimborg hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrífaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 150 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu,

Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur er til 12. mars. n.k.

Sölu ráðgjafi notaðra bifreiða

Krefjandi starf og góðir tekjumöguleikar hjá sóknjörfu fyrirtæki

Stutt lýsing á starfi

- Ráðgjöf til viðskiptavina varðandi kaup á notuðum bifreiðum
- Sala á notuðum bifreiðum

Hæfniskröfur

- Almenna þekkingu og reynslu af bifreiðum
- Umsækjandi verður að vera 25 ára eða eldri
- Söluhæfileika og gott sjálfstraust
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Góða tölvuþekkingu
- Skipulagshæfileika

Nánari upplýsingar

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf strax. Vinnutími er frá 9:00-18:00 alla virka daga og þriðja hvern laugardag frá 11:45-16:15. Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannasvið Brimborgar í sínum 515-7088 og 515-7188.

Umsóknarfrestur er til 12. mars 2007. Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Nú er tækifærið - við biðum eftir þér.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

Við leitum að

Grafískum Hönnuði

IGM vill bæta við sig Grafískum Hönnuði til vinna að frábærum vef- og margmiðlunarlausnum auk kynningar-efnis fyrir fyrirtæki.

Starfssvið:

- Hönnun framúrskarandi veflausna
- Hönnun kynningarefnis fyrir fyrirtæki
- Hönnun og úrvinnsla markmiðlunarefnis

Hefur þú:

- Mikla sköpunargleði og getur unnið sjálfstætt
- Getur þú unnið undir álagi
- Ert skipulagður
- Getur þú unnið í hóp
- Hefur þú starfsreynslu
- Áhugi á Flash, 3D og After Effects kostur en ekki skilyrði

IGM er framsækið þjónustufyrirtæki í gerð vef- og margmiðlunarlausna auk kynningarefnis fyrir fyrirtæki hér heima og erlendis. Hjá okkur ríkir mikill metnaður í okkar lausnum fyrir hönd viðskiptavina okkar svo að þeir verði fremri en samkeppnin. Hjá IGM starfar frábært fólk sem gott og gaman er að vinna með.

Umsóknir ásamt starfferilsskrá ásamt upplýsingum um unnin verk jafnvel sýnishorn sendist á eidur@igm.is fyrir 10. mars.

Öllum umsóknum verður svarað. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



AÐHLYNNING

Hrafnistuheimilin leita að hæfu starfsfólki í fjölbreytileg störf við umönnun aldraðra. Um er að ræða mjög áhugaverð og lærdómsrík störf, þar sem starfað er með fólki sem veitir nýja sýn á lífið og tilveruna.

Hjá Hrafnistu býðst starfsfólki að laga vinnutímamann að sínum þörfum.

Allar nánari upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529 og á magnea@hrafnista.is



HRAFNISTA

www.hrafnista.is | sími: 585 9529

LÝSINGABÚNAÐUR

ÓSKUM AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖRF

VERSLUNARSTJÓRA

Starfsmann vanan verslunarstjórn. Framtíðarstarf.

LAGERSTARFSMANN

Starfsmann til almennra lagerstarfa. Framtíðarstarf.

SUMARSTARFSMANN

Starfsmann til almennra verslunarstarfa frá maí til September.

HELGARSTARFSFÓLK

Starfsfólk til almennra verslunarstarfa um helgar.

Umsóknir, með upplýsingum um aldur og fyrri störf berist til auglýsingadeildar Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt R-1910 fyrir 9. mars.



Ármúla 24

A. Þ. Þrif

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli

Starfsmann vantar í nemendamötuneyti

Starfsmann vantar sem fyrst í fullt starf í mötuneyti Mýrarhúsaskóla. Skemmtileg vinna með góðu fólki.

Áhugasamir hafi samband við Hafstein Jónsson, húsvörð Mýrarhúsaskóla, sími 5959-200 eða gsm. 822-9120. Sjá einnig: www.grunnskoli.is

Á Seltjarnarnesi eru um 680 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1.-6. bekk og Valhúsaskóla; fyrir nemendur í 7.-10. bekk. Skólinn er vel tækjum búinn og starfsaðstaða er góð. Skólayfirvöld á Seltjarnarnesi leggja mikinn metnað í að reka góðan skóla þar sem áhersla er lögð á líðan nemenda. Seltjarnarnesbær hefur nýverið unnið metnaðarfulla skólafestu fyrir alla skóla bæjarins.

Umsóknir berist til Sigfúsar Grétarssonar skólastjóra, neffang: sigfus@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



Bókhaldsfulltrúi

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða til sín fulltrúa í bókhald.

Starfssvið:

- Færsla bókhalds
- Afstemmingar á lánadrottnum og opinberum gjöldum
- Önnur bókhaldstengd verkefni

Menntunar og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Mikil reynsla af bókhaldsstörfum
- Reynsla af Concorde eða öðru sambærilegu bókhaldskerfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Áhugasamir sendi greinagóða umsókn sem tilgreinir menntun, reynslu og fyrri störf til Ölgerðarinnar, Grjóthálsi 7-11, merkta *Egils-bókhald* eða á netfangið ee@egils.is fyrir 17. mars n.k.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veita Elísabet Einarsdóttir, starfsmannastjóri í síma 580 9029 og Jónas Birgisson deildastjóri bókhaldsdeildar í síma 580 9069.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. · Grjóthálsi 7-11 · 110 Reykjavík · sími 580 9000 · www.egils.is



Öflugt fyrirtæki í forystuhlutverki

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. er framsækið og leiðandi fyrirtæki á sviði drykkjarvöru. Markmið fyrirtækisins er að vera besta markaðs- og sölufyrirtæki landsins.

Hlutverk Ölgerðarinnar er að bjóða upp á heildarlausnir á drykkjarvörumarkaði með hágæða vöru og þjónustu. Fyrirtækið er eitt elsta fyrirtæki landsins með sterka gæðaimynd og hefur m.a. unnið Íslensku ánægjuvögina 5 ár í röð.

Á meðal vörumerkja má nefna Appelsín og Malt, Pepsi, Pepsi Max, Kristal, Smirnoff, Rosemount, Penfolds, Masi, Cato Negro, Grand Marnier, Gordons, Egils Gull, Egils Lite, Tuborg, Fríssi Fríski, Doritos, Lays og Gatorade. Ölgerðin leggur ennfremur mikla áherslu á öfluga vöruþróun.

Hjá fyrirtækinu starfa um 140 starfsmenn með víðtæka þekkingu, menntun og reynslu sem sameiginlega hafa skapað metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.



Verkfræðingur Innkaupafulltrúi

Norðurál óskar að ráða öflugt fólk í eftirtalin störf:

Verkfræðingur á framleiðslusviði

Víðkomandi vinnur náið með framkvæmdastjóra sviðsins, öðrum sérfræðingum og vaktstjórum. Starfið felst í greiningu og stýringu kera, umsjón með stoðkerfum framleiðslunnar, þátttöku í stefnumótun framleiðslusviðs og sameiginlegum verkefnum milli deilda. Hér gefst færi á að taka þátt í spennandi uppbyggingar- og þróunarstarfi.

Nánari upplýsingar veitir Gauti Höskuldsson, yfirverkfræðingur á framleiðslusviði.

Fulltrúi í innkaupadeild

Við óskum eftir að ráða duglegan einstakling í innkaupadeild. Starfið felur m.a. í sér tollafræðslur í inn- og útflutningi, stjórn og eftirlit með gámaflæði á svæði fyrirtækisins, kostnaðareftirlit og önnur tilfallandi störf innan innkaupadeildar. Hér gefst færi á að sinna fjölbáttum verkefnum og vaxa í starfi.

Við erum að leita að talnaglöggu einstaklingi með haldgóða tölvuþekkingu og reynslu af sambærilegum störfum. Heppilegt er að umsækjandi geti hafið störf fljótlega.

Nánari upplýsingar veitir Aksel Jansen, innkaupastjóri.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til að starfa hjá Norðuráli.

Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 12. mars n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merkt: Verkfræðingur á framleiðslusviði eða Fulltrúi í innkaupadeild.

Trúnaður

Við förum með umsókn þína og allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Norðurál

Hjá okkur starfa nú um 400 manns að margvíslegum verkefnum. Norðurál framleiðir árlega 220.000 tonn af áli til útflutnings og unnið er að stækkan áherslans sem felur í sér að framleiðslugetan verður aukin í 260.000 tonn á þessu ári.



Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

IGS
GROUND SERVICES



Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. er eitt af dótturfélögum Icelandair Group og býður viðskiptavinum sínum, íslenskum sem erlendum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli.

Deildarstjóri

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) leitar að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf deildarstjóra Hlaðdeildar.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegum rekstri hlaðdeildar
- Áætlanagerð
- Þarfagreining
- Umsjón með tímastjórnunarkerfi
- Umsjón með innkaupum og úthlutun vinnufatnaðar
- Dagleg samskipti við viðskiptavinum og stofnanir

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun mannaalds
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mikil frumkvæði og frjó hugsun
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Útsjónarsemi og heidarleiki

Umsóknir berist starfsmannþjónustu IGS, Fraktniðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli, fyrir 14. mars 2007. Ferliskrá sendist á: svala@igs.is



Rafvirkjar.

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar raflagnir og tölvulagnir.

Upplýsingar í síma 517 6900 eða 660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17

netfang: fagtaekni@fagtaekni.is

Störf í framleiðslu

Marel hf óskar að ráða starfsmenn í framleiðslu



► Rafvirkjar

Rafvirkjar vinna við frágang rafbúnaðar og stillingu og prófun tækja.

► Málmiðnaðarmenn

Málmiðnaðarmenn vinna við smíði og samsetningu íhluta úr ryðfríu stáli, samsetningu tækja, stillingu og prófun.

► Glerblástur

Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, var foxillur út í þá Gísla Hlyn Jóhannsson og Hafstein Ingibergsson sem dæmdu leik Fram og Stjörnunnar í gær. Þorsteini var mikið niðri fyrir þegar hann hitti blaðamann Fréttablaðsins eftir leikinn og sagði að þeir hefðu eyðilaggt tímabil Stjörnunnar með frammistöðu sinni í gær, tók síðan upp reikninginn frá dómurum og reif hann í öreindir fyrir framan blaðamann. Sagði ekki koma til greina að borga reikninginn og það fengi HSI að vita strax eftir helgi.



sport
sport@frettabladid.is

EINVÍGIÐ

Ivar Ingimarsson

1. Fimm. (0 stig)
2. 1871. (1)
3. Valur (0)
4. Man það ekki. (0)
5. Veit það ekki. (0)
6. Veit það ekki heldur. (0)
7. 104. sæti. (0)
8. Hef bara ekki hugmynd. (0)

Samtals: 1 stig.

Brynjar Björn Gunnarsson

1. Númer hvað í röðinni er nýja Rocky-myndin?
2. Hvaða ár var Reading stofnað?
3. Hvaða lið er Reykjavíkurmestari karla í fótbolta?
4. Þjálfari hvaða liðs var rotaður með plastflösku í leik í vikunni?
5. Hvað heitir aðstoðarþjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta?
6. Hvaða leikarar hlutu Óskarsverðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki um liðna helgi?
7. Í hvaða sæti er íslenska landsliðið á styrkleikalista FIFA?
8. Hvað heitir nýr framkvæmdastjóri KSÍ?

Samtals: 3,5 stig.

Rétt svör: 1. Sex. 2. 1871. 3. Fylkir. 4. Sevilla. 5. Guðni Kjartansson. 6. Forest Whitaker og Helen Mirren. 7. 95. sæti. 8. Þórir Hákonarson.

ÚRSLIT

DHL-deild karla:

STJARNAN-FRAM 25-29 (13-10)
Mörk Stjörnunnar (skot): Tite Kalandadze 10/1 (14/1), Volodimir Kysil 4 (4), Patrekur Jóhannsson 3 (4), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (2), David Kekelja 2 (2), Gunnar Ingi Jóhannsson 2 (5), Elías Már Halldórsson 1 (3), Arnar Frey Theodorsson 1 (1).
Varin skot: Roland Valur Eradze 20/1, Bjarni Þorvarðarson 1.
Hraðaupplaupt: 2 (Patrekur, Gunnar Ingi).
Fiskuð víti: 1 (Arnar Frey).
Útan vallar: 10 mínútur.
Mörk Fram (skot): Jóhann Gunnar Einarsson 11/6 (18/7), Zoltan Belanyi 5 (5), Þórir B. Gunnarsson 4 (4), Andri Berg Haraldsson 4 (15), Davíð Berg Grétarsson 2 (4), Einar Ingi Hrafnsson 2 (3), Stefán Baldvin Stefánsson 1 (2).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 5, Magnús Erlendsson 4.
Hraðaupplaupt: 7 (Þórir 2, Belanyi 2, Jóhann, Einar, Daniel).
Fiskuð víti: 7 (Jóhann 3, Sigfús 2, Belanyi, Andri).
Útan vallar: 10 mínútur.

STABAN:

1. VALUR	14	10	1	3	390:362	21
2. HK	14	10	1	3	392:357	21
3. STJARNAN	15	9	0	6	413:403	18
4. FRAM	15	8	1	6	464:426	17
5. HAUKAR	14	4	4	6	401:415	12
6. AKUREYRI	14	5	2	7	374:389	12
7. FYLKIR	14	4	1	9	388:415	9
8. ÍR	14	2	0	1	2397:452	4

Enska úrvalsdeildin:

LIVERPOOL-MAN. UTD	0-1
0-1 John O'Shea (90).	
ARSENAL-READING	2-1
1-0 Gilberto Silva, víti (51), 2-0 Julio Baptista (62.), 2-1 Cesc Fabregas, sjm (87).	
FULHAM-ASTON VILLA	1-1
0-1 John Carew (21.), 1-1 Carlos Bocanegra (23.).	
MAN. CITY-WIGAN	0-1
0-1 C. Folan (18).	
NEWCASTLE-MIDDLESBROUGH	0-0
SHEFF. UTD-EVERTON	1-1
1-0 Rob Hulse (52.), 1-1 Mikel Arteta, víti (75).	
WATFORD-CHARLTON	2-2
1-0 H. Bouazza (15.), 2-0 Damien Francis (21.), 2-1 Luke Young (67.), Darren Ambrose (89).	
PORTSMOUTH-CHELSEA	0-2
0-1 Didier Drogba (33.), 0-2 Salomon Kalou (82.).	

STABAN:

1. MAN.UTD	29	23	3	3	66:19	72
2. CHELSEA	28	19	6	3	50:19	63
3. LIVERPOOL	29	16	5	8	44:20	53
4. ARSENAL	27	15	7	5	50:23	52
5. BOLTON	28	14	5	9	33:32	47
6. EVERTON	29	11	10	8	37:26	43
7. READING	29	13	4	124	3:38	43
8. PORTSM.	29	11	8	10	36:31	41
9. TOTTENHAM	28	11	6	11	36:40	39
10. NEWCAST.	29	10	7	12	34:37	37
11. BLACK.	28	11	4	13	33:38	37
12. MIDDLE.	29	9	9	11	32:34	36
13. A VILLA	28	7	12	9	29:34	33
14. FULHAM	29	7	12	10	31:44	33
15. WIGAN	29	9	5	15	30:44	32
16. SHEFF.UTD	29	8	7	14	25:41	31
17. MAN.CITY	27	8	6	13	20:33	30
18. CHARLTON	29	6	6	17	26:49	24
19. WATFORD	29	3	11	15	18:43	20
20. WEST HAM	28	5	5	18	18:46	20

EHF-keppnin:

Arnór og félagar úr leik

HANDBOLTI Magdeburg komst í undanúrslit EHF-keppninnar í gær með sigri á Arnóri Atlasyngi og félagum, 35-39, í FCK í Kaupmannahöfn í gær.

Arnór skoraði 3 mörk fyrir FCK. Atkvæðamestir hjá Magdeburg voru Pólverjarnir Karol Bielecki sem skoraði 10 mörk og Gregorz Tkaczyk 9. - hbg

Rán um hábjartan dag

Fótboltinn getur verið grimmur og það fengu leikmenn Liverpool að reyna gegn Man. Utd á Anfield í gær. Þá skoraði United eina mark leiksins undir lokin og það manni færri í leik sem toppliðið gat lítið í. Chelsea hefur verk að vinna.


FÓTBOLTI Manchester United náði um tíma í gær tólf stiga forskoti í ensku úrvalsdeildinni þegar liðið lagði Liverpool á Anfield, 0-1. Það var varamaðurinn John O'Shea sem skoraði eina mark leiksins í uppbótartíma. Chelsea minnkaði muninn síðan í níu stig með sigri á Portsmouth í lokaleik gær dagsins.

Leikmenn Liverpool voru í fínu formi á heimavelli sínum í gær og hefðu hæglega getað skorað nokkur mörk en voru klaufar upp við markið eins og áður í vetur. United aftur á móti skapaði sér lítið sem ekkert í leiknum í gær og hinum stórhættulegu leikmönnum liðsins var pakkað saman. Paul Scholes fékk síðan rauða spjaldið undir lokin fyrir tilraun til að kyla andstæðing. Hann var heppinn að hitta ekki, þá væri tímabilinu lokið hjá honum.

Orðið meistaraheppni læddist upp í hugann þegar O'Shea skoraði eina markið í leiknum en United er með mjög vænlega stöðu eftir þennan sigur og í það minnsta einn putti kominn á meistaraþikarinn. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, gerði sér vel grein fyrir mikilvægi sigursins í gær.

„Ef menn eru að leita að meistaraheppni þá hefur hún verið með okkur í síðustu tveimur leikjum. Leikmenn Liverpool eru klárlega hundsvektir og hafa fullan rétt á því. Þetta voru frábær úrslit,“ sagði Ferguson himinlifandi en hann fagnaði sem óður maður þegar markið kom.

„Það skall oft hurð nærri hælum og við fundum aldrei taktinn í okkar leik. Þetta eru risastór úrslit fyrir okkur. Heppnin hefur verið með okkur í síðustu tveim



STUNDRARBJÁLÆÐI Paul Scholes missti stjórn á skapi sínu í gær og reyndi að kyla Xabi Alonso í andlit. Hann hitti ekki eins og sést á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

leikjum en lið sem verða meistarar þurfa alltaf á heppni að halda. Baráttan er ekki búin og við erum ekki byrjaðir að fagna titlinum. Það er allt mögulegt í nútímafótbolta,“ sagði Ferguson en hann sagði brottrekstur Scholes hafa verið réttan.

Liverpool var ekki búin að tapa síðustu 30 heimaleikjum áður en United kom í heimsókn og síðasta tap á heimavelli í deildinni kom í október árið 2005.

„Ég hefði verið í vandræðum með að útskýra þetta tap á spænsku en á ensku er það ómögulegt fyrir mig,“ sagði hinn spænski þjálfari Liverpool, Rafael Benitez, niðurbrotinn eftir leikinn. „Við réðum lögum og lofum í leiknum og fengum fjölda færa.“

Chelsea lagði Portsmouth, 2-0, er níu stigum á eftir United og á einn leik til góða. „Sigur og engin meiðsla. Þetta er ný reynsla fyrir okkur,“ sagði José Mourinho, stjóri Chelsea, en hann hafði þetta að segja um Man. Utd. „Eru þeir heppnir? Já. Þeir vinna á síðustu mínútu og sleppa við meiðsla. Guðirnir eru með þeim.“

henry@frettabladid.is



LARS CHRISTIANSEN Daninn snjalli og félagar í Flensburg eru á flýgiferð þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Meistaradeildin í handbolta:

Flensburg í undanúrslit

HANDBOLTI Þýska félagið Flensburg varð í gær annað liðið sem tryggir sér sæti í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Liðið tapaði þá með fimm mörkum fyrir Barcelona, 34-29, en það kom ekki að sök þar sem Flensburg vann fyrri leikinn með tíu mörkum.

Tvö þýsk lið eru þar með komin í undanúrslit – Kiel og Flensburg – og í dag bætast hin tvö liðin við. Þá mætast annars vegar Gummersbach og Valladolid og Ciudad Real og Portland hins vegar.

Leikur Gummersbach og Valladolid er í beinni á Sýn Extra og hefst klukkan 17. - hbg

John Terry enn á sjúkralista:

Frá gegn Porto

FÓTBOLTI John Terry, fyrri liði Chelsea, mun ekki spila seinni leikinn gegn Porto í Meistaradeildinni. Það staðfesti José Mourinho, stjóri Chelsea, í gær.

„Það er ekki möguleiki að hann spili. Maðurinn gengur fyrir leikmanninum og JT er mikilvægari en einhver fótboltaleikur,“ sagði Mourinho.

Terry fékk slæmt höfuðhögg í úrslitaleik deildarbikarsins gegn Arsenal, missti meðvitund og hefur ekki enn náð sér. - hbg

Möguleikar Stjörnunnar á Íslandsmeistaratitli eru dvínandi eftir tap gegn Fram á heimavelli í gær:

Stjörnumenn voru sjálfum sér verstir

HANDBOLTI Stjörnumenn drógust aftur úr í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í gær þegar liðið tapaði gegn Íslandsmeisturum Fram á heimavelli, 25-29, í fjörugum og hörðum leik. Stjarnan leiddi með þremur mörkum í leikhli en kastaði síðan frá sér leiknum með klaufaskap. Stjörnumenn fá tækifæri til hefnda í bikarúrslitaleiknum um næstu helgi.

Það dugðu engin vettlingatök á milli þessara liða í gær og leikmenn gengu æði vasklega fram í varnarleiknum og stundum einum of þar sem áberandi var að leikmenn beittu olnbogum og auk þess fóru menn oft með hendur í andlit andstæðinga. Patrekur Jóhannsson varð fórnarlamb þessara átaka en hann yfirgaf leikvöllinn í fyrri hálfleik með skurð á auga og kom ekki aftur við sögu.

Varnarleikur beggja liða var góður í fyrri hálfleiknum en markvarsla Rolands lagði grunn-

inn að þriggja marka forskoti Stjörnunnar í leikhli en kollegi hans hinum megin, Björgvin, varði aðeins fjögur skot í fyrri hálfleik og hefði að ósekju mátt koma fyrir af velli.

Framarar settu Magnús í markið í síðari hálfleik og hinn síunga Belanyi í hornið og það skilaði sínu því Fram skoraði þrjú fyrstu mörk hálfleiksins og þar af tvö frá Belanyi.

Stjörnumenn brotnuðu við mótlætið og fóru að kasta frá sér boltanum á ævintýralega klaufalegan hátt hvað eftir annað og þeim var grimmilega refsað með mörkum úr hraðaupplauptum. Til að bæta gráu ofan á svart voru leikmenn liðsins að láta reka sig af velli fyrir vitleysisgang.

Fram náði fljótt þriggja marka forystu, 15-18, og leit aldrei til baka. Stjarnan náði ekkert að ógna meisturinum það sem eftir lifði leiks.

„Við lékum eins og Stjarnan vildi að við spiluðum í fyrri hálfleik. Við náðum síðan að keyra upp hraðann í síðari hálfleik og þá gekk þetta,“ sagði Jóhann Gunnar Einarsson sem dró vagninn hjá Fram enn eina ferðina og var með ólíkindum að Stjarnan skyldi ekki taka hann úr umferð fyrir en rétt í lokin.

„Það er vonandi ekki slæmt að vinna leikinn því það er oft sagt að liðið sem vinnur fyrri leikinn, þegar lið mætast tvisvar í röð, tapar seinni leiknum. Við verðum að afsanna það.“

Fyrir utan Jóhann átti Belanyi frábæra innkomu í leikinn. Kalandadze var yfirburðamaður hjá Stjörninni, Roland varði vel en liðið réð einfaldlega ekki við það að missa Patrek úr leiknum.

Það kom aðeins framlag frá þremur mönnum í sókn, hinir voru áhorfendur með bestu sætin í húsinu. - hbg



VANKAÐUR Patrekur Jóhannsson fékk þungt högg í fyrri hálfleik og snéri ekki aftur á völlinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

LAGER SALA



TÓNLIST - TÖLVULEIKIR
DVD MYNDIR OG DVD TÓNLIST

LAGERSALA SKÍFUNNAR
SKEIFUNNI 17

OPID ALLA
DAGA VIKUNNAR
11-19

VERÐ FRÁ
99KR

VSK AF
TÓNLIST
LÆKKAR Í
7%

DVD MYNDIR



1.799 kr.



999 kr.

PÚSUNDIR
TITLA Í BODI!

TÖLVULEIKIR




999 kr.



TÓNLIST



1.299 kr.



1.199 kr.



849 kr.



199 kr.

LAGERSALA SKÍFUNNAR SKEIFUNNI 17

> America Ferrera

America Ferrera fæddist í Bandaríkjunum, en foreldrar hennar eru frá Hondúras. Hún ólst upp í Los Angeles, þar sem hún hóf jafnframt leikferil sinn í skólaleikritum og með áhugaleikhópum. Átján ára gömul lék hún í myndinni Real Women Have Curves, og í kjölfar þess í The Sisterhood of the Traveling Pants, sem Stöð 2 Bío sýnir í kvöld. Ferrera sló hins vegar endanlega í gegn sem Betty Suarez í þáttaröðinni Ugly Betty. Fyrir frammi-stöðu sína sem hin óásjálega Betty, sem ræðst til starfa á tiskutímariti, hlaut Ferrera Screen Actors Guild og Golden Globe verðlaunin.



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR LÆRÐI AÐ LEGGJA UNDIR AF SJÓNVARPINU

Póker framyfir Survivor

„Póker sem sjónvarpsefni, þvílíkt RUGL,“ hugsaði ég þegar ég flakkaði á milli sjónvarpsstöðva eitthvert kvöldið og varð á að stöðva fjarstýringarputtan stutta stund á SÝN. Stundin varð lengri... og lengri... og loks var ég farin að hafa skoðun á því hver ætti að vinna milljónirnar sem í boði voru. Það sá jú hver maður að þessi svarti var mikið betur að verðlauninum kominn. Þessi með kúrekahattinn var bara svo klígjulegur eitthvað.

Þegar kærastinn ætlaði að teygja sig í fjarstýringuna var snarlega slegið á putтана á honum. „Hvað er þetta maður, sérðu ekki að ég er að horfa á póker?“ spurði ég hneysklud og fékk að launum svip sem sagði eitthvað



PÓKERFÉS Þættirnir um póker á SÝN geta kennt fólki sitt af hverju.

á þessa leið: „Þú? af hverju ertu ekki að horfa á Americas next top model, Greys anatomy eða survivor?“

Áður en varði voru liðnir tveir tímar af fullkominni spennu og í ljós kom að sá asíski hafði betur í baráttunni enda var hann heppinn í lokinn og fékk litaröð.

Þó ég skipuleggi ekki tíma minn í kringum pókerinn á SÝN þá er þetta sjónvarpsefni sem ég sogast auðveldlega inni ef ég fer í ferðalag með fjarstýringunni. Það má til dæmis þakka áhorfi mínu því að ég naut kvikmyndarinnar nýju um James Bond mun meira en ég hefði gert þar sem ég vissi nákvæmlega hvað um var að vera við pókerborðið.

dagskrá

EKKI MISSA AF



▶ 19.45 Top Gear Skjár einn



▶ 20.20 Cold Case Stöð 2



▶ 20.40 Psych Skjár einn



▶ 22.00 Behind Enemy Lines Sirkus



▶ 22.00 Sideways Stöð 2 Bío

SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar**
10.45 Jón Ólafs (e)
11.25 Spaugstofan (e)
11.50 Tónlist er lífið (e) (3:9)
12.20 Lithvörf (e)
12.30 Spilafíkn
12.40 EM í frjálsum íþróttum innan-húss Bein útsending frá Birmingham.
17.00 Jörðin (e) (4:6) (Planet Earth)
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Stundin okkar (22:30)
18.30 Leirkarlinn með galdrahattinn
18.40 Pabbi minn og ég
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Tónlist er lífið (4:9) Í þessum þætti er Kolbeinn Ketilsson óperusöngvari heimsóttur í Köln og Hörður Áskelsson kantor leiðir okkur í nokkum sannleika um leyndardóma Klaisorgelsins í Hallgrímskirkju.
20.40 Elísabet I (1:2) Bresk mynd í tveimur hlutum um opinbert líf og einkalíf Elísabetar I Englandsdrottningar á efri árum hennar. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni. Leikstjóri er Tom Hooper og meðal leikenda eru Helen Mirren, Jeremy Irons, Patrick Malahide og Hugh Dancy. Myndin hlaut á dögumum BAFTA-verðlaunin.
22.25 Helgarsportíð
22.50 Skrímslið (Il Mostro) Ítölsk gamanmynd frá 1994.
00.40 Kastljós
01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Marine Life**
08.00 Two Family House
10.00 The Curse of the Pink Panther
12.00 the Sisterhood of the Traveling Pants (Systralag ferðabuxnanna)
14.00 Marine Life (Í grænum sjó)
16.00 Two Family House
18.00 The Curse of the Pink Panther
20.00 the Sisterhood of the Traveling Pants (Systralag ferðabuxnanna)
▶ 22.00 Sideways (Hliðarspor)
00.05 Confidence (Svik)
02.00 Full Disclosure
04.00 Sideways

2

- 07.00 Myrkfælnu draugarnir (72:90)**
07.15 Addi Panda
07.20 William's Wish Wellingtons
07.25 Pocoyo
07.35 Barney
08.00 Stubbarnir (Teletubbies)
08.25 Doddi litli og Eyrnastór (Noddy)
08.35 Kalli og Lóla
08.50 Könnuðurinn Dóra
09.15 Grallararnir (Tiny Toons)
09.40 Kalli litli kanína og vinir
10.00 Litlu Tommi og Jenni
10.25 Stóri draumurinn
10.50 Ævintýri Jonna Quests
11.15 Sabrina - Unglingsnornin
11.40 Galdrastelpurnar (25:26)
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Silfur Egils Víkulegur umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Egill Helgason fer yfir helstu þjóðmálin.
14.00 Nágrannar (Neighbours)
15.45 Meistarinn Í þriðju viðureigninni eiga við Baldvín Már Baldvínsson og Magnús Þorlákur Lúðvíksson.
16.35 Freddie (3:22)
16.55 Beauty and the Geek (5:9)
17.45 Oprah (The Secret)
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Kompás
19.45 Sjálfstætt fólk
▶ 20.20 Cold Case (8:24) (Óupplýst mál) Í kvöld hefst leit að stúlkum sem hvarf árið 1975 en nýlega fannst bréf sem hún hafði skrifað eftir að hún hvarf. Bönnuð börnum.
21.05 Twenty Four (7:24) (24) Í kvöld reynir á fjölskylduhollustu Jack og Morris fær slæmar fréttir um ættingja sinn. Stranglega bönnuð börnum.
21.50 Numbers (18:24) (Tölur)
22.35 60 mínútur (60 Minutes)
23.25 X-Factor (15:20) (Úrslit 7)
00.40 X-Factor - úrslit símakosninga
01.10 The Kiss (Kossinn)
02.40 The Best Man (Svaramaðurinn)
03.50 The Best Man (Svaramaðurinn)
05.00 Twenty Four (7:24) (24)
05.45 Fréttir
06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 16.00 3. hæð til vinstri (e)**
16.45 Da Ali G Show (e)
17.15 Trading Spouses (e)
18.00 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 KF Nörd (7:15) (Fjölmiðlafar í Borgarnesi) Nördunum hefur ekki gengið eins vel og þeir vonuðust eftir. Stákarnir eru þó langt frá því vera búnir að gefast upp. Næsta verkefni þeirra er að mæta landsfrægum fjölmiðlamönnum í sannkölluðum hörkuleik.
19.55 3. hæð til vinstri (31:39)
20.00 My Name Is Earl 2 (e)
20.30 The Nine (e)
21.15 Smith - NÝTT (e) Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, gítur og býr í fallegu húsi í rölegu úthverfi. En það sem færir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og engin venjulegur þjófur. Ránin hans eru þaulskipulögð og djörf. Hann er þó ekki einn í þessu því Bobby hefur góðan hóp með sér og ekkert verkefni er of stórt fyrir þau.
▶ 22.00 Behind Enemy Lines (Handan óvinalínu) Spennumynd sem gerist á stríðshjáðu landssvæði Balkanskagans. Siglingafræðingurinn Leslie Reigart og félagi hans Stackhouse eru skotnir niður af óvinum og handteknir. Þeir sæta harðri meðferð og virðast ekki eiga afturkvaemt. Yfirmaður þeirra leggur allt í söllumar til að bjarga þeim en innan hersins eru ekki allir jafn skilningsríkir þegar kemur að slíkri aðgerð. Aðalhlutverk: Owen Wilson, Gene Hackman, Gabriel Macht. Leikstjóri. John Moore. 2001. Stranglega bönnuð börnum.
23.45 Janice Dickinson Modeling Age (e)
01.00 Sirkus Rvk (e)
01.30 Entertainment Tonight (e)
02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 10.15 Vörutorg**
11.15 2006 World Pool Championships - Lokapáttur Allir bestu billjardspilarar heims mættu til leiks á virtasta og stærsta billjardmóti heims sem fram fór á Filippseyjum í nóvember.
13.00 Love, Inc. (e)
13.30 Out of Practice (e)
14.00 One Tree Hill (e)
15.00 Skólahreysti (e)
16.00 Britain's Next Top Model - NÝTT (e) Tölf breskar blómásir hefja leikinn og ekki líður á löngu þar til þær fara að sýna klæmar og rifast sín á milli.
17.00 Innlit / útlit (e)
18.00 The O.C. (e)
19.00 Battlestar Galactica (e)
▶ 19.45 Top Gear
▶ 20.40 Psych Bandarísk gamansería um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Shawm er beðinn um að nota dulræna hæfileika sína til að ná sambandi við dauðann þjóf sem faldi ránsfeng sinn áður en hann dó.
21.30 Boston Legal Shirley er í klóm brjálaðingsins Lincoln Meyer og lögræðingarnir verða að taka höndum saman til að reyna að bjarga henni. Denny verður öfundsjúkur út í vináttu Alans og Jerry's Espenson, sem starfa saman í morðmáli.
22.30 Dexter Leitinn að morðingjanum á ísbilnum heldur áfram. Hann skilur eftir skilaboð fyrir Dexter, sem sjálfur er að undirbúa morð á ungum morðingja sem er líklegur til að myrða aftur.
23.20 C.S.I. (e)
00.10 Heroes (e)
01.10 Jericho (e)
02.00 Vörutorg

SKJÁR SPORT

- 11.30 Að leikslokum (e)**
12.30 Liðið mitt
13.25 Bolton - Blackburn (beint)
15.50 West Ham - Tottenham (beint)
18.00 Ítölsku mörkin (e)
19.25 Juventus - Piacenza (beint)
21.30 West H. - Tottenh. (frá 4. mars)
23.30 Bolton - Blackb. (frá 4. mars)
01.30 Dagskrárlök

HVER VAR DÁNARORSÖK JÓNS HELGASONAR?

Í Kompás í kvöld mun fjölskylda Jóns í fyrsta sinn tala út um lát hans eftir átök við lögreglu.

Í KVÖLD: ▶ **KOMPÁS** - kl. 19:15
SJÁLFSTÆTT FÓLK - kl. 19:50
24 - kl. 21:10



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.50

Sjálfstætt fólk

Í kvöld mun Jón Ársæll ræða við Barða Jóhannsson úr Bang Gang en hann hefur verið að sigra heiminn með tónlist sinni. Um þessar mundir er Barði, ásamt útgáfufélagi sínu og Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar, From Nowhere Records, að leggja grunn að sókn inn á bandarískan markað. Í þættinum verður fylgst með vinnu Barða og samferðamenn hans munu segja skemmtilegar sögur af honum.



VIÐ MÆLUM MEÐ ELÍSBET I RÚV KL. 20.40

Á síðustu tveimur árum hefur Helen Mirren tvisvar sinnum brugðið sér í hlutverk Englandsdrottningar. Kvikmyndin The Queen hefur rakað að sér verðlaunum, og þess er skemmt að minnst að Mirren hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í henni á nýafstaðinni verðlaunahátíð. Sjónvarpið sýnir í kvöld fyrri hluta sjónvarpsmyndarinnar Elísabet I, þar sem Mirren er í aðalhlutverki. Elísabet I hefur ekki hlotið síðri dóma en The Queen, en hún hlaut alls níu Emmy-verðlaun og þrjú Golden Globe verðlaun. Missið ekki af þessari mynd, en seinni hluti hennar verður sýndur að viku liðinni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunandakt
 08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 09.00 Fréttir 09.03 Lóðrétt eða lárétt 10.00 Fréttir
 10.05 Veðurfregni 10.15 Masada virkið 11.00 Guðsþjónusta í Digraneskirkju 12.00 Hádegisútlit
 12.45 Veðurfregni 13.00 Útvarpsleikhúsið: Feigðarför
 13.40 Sunnudagskonsert 14.10 Söngvamálar
 15.00 Sögumenn 16.00 Síðdegisfréttir
 16.08 Veðurfregni 16.10 Vísindamaður á tali
 17.00 Síðdegi skógarþúkanna 18.00 Kvöldfréttir

18.25 Auglýsingar
 18.26 Seiður og hélog
 18.52 Dánarfregni og auglýsingar
 19.00 Afsprengi
 19.50 Óskastundin
 20.35 Sagnaslóð
 21.15 Laufskálinn
 21.55 Orð kvöldsins
 22.00 Fréttir
 22.10 Veðurfregni
 22.15 Til allra átta
 23.00 Andrarímur
 00.00 Fréttir
 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp
 tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin /
 Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun
 / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora
 efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ÍD / Enginn viðbjóður

SYN

- 09.10 Sporðaköst II (Norðurá)
- 09.40 Spænski boltinn (Sevilla - Barcelona)
- 11.20 Coca Cola deildin (Birmingham - Cardiff) Bein útsending frá leik Birmingham City og Cardiff City í Coca Cola deildinni á Englandi.
- 13.20 Spænski boltinn (Valencia - Celta)
- 15.00 Gillette World Sport 2007
- 15.25 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er yfir mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilinn fyrir næstu leiki.
- 15.50 Spænski boltinn (Deportivo - Betis) Bein útsending frá leik Deportivo og Real Betis í spænska boltanum.
- 17.50 Spænski boltinn (Real Madrid - Getafe)
- 19.50 PGA Tour 2007 Bein útsending frá lokadegi Honda Classic mótsins á PGA mótaröðinni í golfi. Mótaröðin fer nú fram með breyttu sniði en ákveðin mót telja til sérstakrar úrslitakeppni sem fram fer í haust. Honda Classic er á meðal þessara móta en það fer fram á Palm Beach á Flórída. Englendingurinn Luke Donald bar sig úr bítum í fyrra.
- 23.00 Meistaradeild Evrópu í handbolta (Gummersbach - Valladolid) Útsending frá leik Gummersbach og Valladolid í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Ef Alfreð Gíslasyni og lærisveinum tekst að komast í undanúrslit keppinnar verður það besti árangur þessa forn fræga félags í mörg ár.
- 00.15 Coca Cola deildin (Birmingham - Cardiff)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
- 21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.30 Mickeys klubbus 6.55 Den lille røde traktor
 7.05 Fandango 7.30 Lille Nerd 8.00 SportsNerd
 8.30 Junior 9.00 Hannah Montana 9.25 Scooby Doo
 9.45 Pucca 9.50 Pucca 10.00 Attention småbætt
 10.30 Arbejdsliv - find et job! 11.00 TV Avisen
 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SKUM
 11.45 Flemmings Helte 12.00 SPAM 12.15 Boogie Listen
 Countdown 12.30 Hjerteflimmer 13.00 Gudstjeneste
 i DR Kirken 13.45 99-års fødselsdag
 14.45 HåndboldSøndag 16.30 Bamses Billedbog
 17.00 Familien Knurhår 17.30 TV Avisen med Sport
 og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Forbrydelsen
 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten
 20.55 Dødens Detektiver 21.15 En ganske almindelig familie
 23.15 OBS 23.20 Når chefen er problemet
 5.30 Karlsson på taget 6.00 Den lille prinsesse


DR 2

9.10 OBS 9.15 Atletik: EM indendørs 16.55 At stjæle er en ærlig sag
 18.30 Jersild & Spin 19.00 Direktørens dilemma
 19.30 Chefens Sjæl 20.00 Tidsmaskinen
 20.50 Store danskere 21.30 Deadline 21.50
 Deadline 2. Sektion 22.20 Viden om 22.50 Smagsdommerne
 23.30 Musikprogrammet

SVT 1

7.00 BoliBompa 7.01 Smá Einsteins 7.25 Pingu
 7.35 The boy 8.00 Manáid-tv 8.15 Grand Prix
 9.00 Vasaloppet 11.45 Skidor: VM i Sapporo 12.20
 Melodifestivalen 2007 13.55 Great thinkers of our
 time 14.25 Extra 14.50 Born Wild 14.55 Vårlden
 15.55 När gräsrotterna tar över 16.25 Skolfrent
 16.55 Anslagstavlan 17.00 Riddaren av Pelargonien
 17.15 Pettsón & Findus 17.30 Wild Kids 18.30
 Rapport 19.00 Playa del Sol 19.30 Sportspegeln
 20.15 Agenda 21.10 Veterantv 21.40 Vetenskap -
 DNA 22.10 Rapport 22.20 Höök 23.20 Brottskåd:
 Försvunnen 5.00 Gomorron Sverige

www.volkswagen.is



Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið





„Forsíðufréttin á Fréttablaðinu á föstudaginn var mjög merkileg, að tvöfalt fleiri missi húsnæði vegna skulda í dag. Það bendir til þess að þjóðfélagið sé að verða stéttaskiptara en það var, og æ fleiri hafi ekki efni á því grundvallaröryggi sem það er að eiga íbúð.“

Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarmaður.

Baltasar Kormákur selur Kaffibarinn

Þau stórtíðindi áttu sér stað í íslenskri skemmti- staðalóru á fimmtudagskvöldinu að kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur seldi rekstur Kaffibarsins til Þorsteins Stephensen, sem oftast er kenndur við Hr. Örlyg. Barinn hefur um langt skeið verið eitt af kennileitum Baltasars, ef svo má að orði komast, og þeir tveir oft verið nefndir í sömu andrá. Söluverðið er trúnaðarmál en Baltasar sagðist í samtali við Fréttablaðið hafa íhugað það í dágóðan tíma að selja staðinn. „Þessi rekstur samræmist einfaldlega ekki þeim rekstri og því fyrirtæki sem ég er að sinna í dag,“ segir Baltasar,

ÞORSTEINN STEPHENSEN Ætlar að endurvekja þessa notalegu síðdegisstemningu sem einkenndi Kaffibarinn í upphafi.



sem viðurkenndi þó að hann ætti eftir að sakna staðarins. „Ég hef fengið nokkur tilboð en gat einfaldlega ekki hafnað þessu enda er Kaffibarinn kominn í góðar hendur,“ hélt leikstjórinn áfram. „Þarna eru margar góðar minningar og eflaust verður nafnið mitt tengt við staðinn um ókomna tíð,“ bætir Baltasar við.

Þorsteinn Stephensen var að vonum kátur yfir því að vera kominn með lykklavöldin að Kaffibarnum. „Þetta er einfaldlega frægasti bar í heimi,“ segir Þorsteinn. „Og eitt af kennileitum miðborgar Reykjavíkur,“ bætir hann við. Þorsteinn segir þó að engar stórvægilegar breytingar komi til með að eiga sér stað. Og þó. „Við viljum kannski endurvekja þessa frægu síð-

degismenningu sem Kaffibarinn varð þekktur fyrir,“ útskýrir Þorsteinn. „Gamli fastagestir staðarins eru allir komnir með barnavagna og vilja hafa huggulegt í kringum sig. Við viljum fá þá aftur inn til okkar,“ bætir hann við. „Og svo viljum við auðvitað halda anda Baltasars á lofti og hann fær fritt kaffi til æviloka.“

- fgg
BALTASAR KORMÁKUR Hefur selt Kaffibarinn, staðinn sem hefur fylgt honum síðan elstu menn muna.



Í **HLJÓÐVERINU** Hluti hljómsveitarinnar ásamt nokkrum af leikurum í Gretti að syngja inn á plötu sem verður gefin út samhliða frumsýningu söngleiksins.

Kraftmikill Grettir

Upptökum er að ljúka á tónlist við söngleikinn Gretti sem verður frumsýndur þann 30. mars. „Þetta hefur gengið mjög vel,“ segir Hallur Ingólfsson, tónlistarstjóri hljómsveitarinnar, sem hefur staðið í ströngu við upptökunar. Sjálfur spilar hann á trommur í sveitinni en auk hans skipa hana Elís Pétursen úr Jeff Who á gítar, Þorbjörn Sigurðsson úr Dr. Spock og Jón Atli úr Hairdoctor á bassa. „Við náum vel saman og þess vegna tókum við þetta eiginlega allt upp „live“ út af þessu „energí sem er í hljómsveitinni,“ segir hann.

Tónlistin í verkinu var samin af Þursaflokknum í kringum 1980. „Þetta er íslenskt, mystískt, kraftmikið og fyndið og svolítið dramatískt,“ segir Hallur. „Sumt er líka létt og skemmtilegt.“

Söngleikurinn fjallar um Gretti, sem er utanveltu í samfélaginu og virðist hvorki ná að fóta sig í skóla né félagslífinu. Skyndilega verður hann mesta sjónvarpsstjarna Íslands og kraftakar, nánast ofurhetja. Jóhann Sigurðarson og Birgitta Birgisdóttir fara með tvö af helstu hlutverkunum í söngleiknum.

- fb

GUÐMUNDUR JÓNSSON: KEYPTI ÞRJÚ SVAVARVERK Á MÁLVERKAUPPBOÐI

Æsispennandi uppboð

„Ég er sáttur. Svavar er stórlega vanmetinn. Og undirverðlagður,“ sagði Guðmundur Jónsson galleríeigandi í samtali við blaðamann Fréttablaðsins á þriðjudag. Hann stóð á götutróppunum fyrir utan uppboðshús Bruun Rasmussen við Bröðgade í Kaupmannahöfn. Og var að róa æstar taugar. Ekki vanþörf á. Hann hafði verið á bólakafi í æsispennandi uppboði. Sem gekk afskaplega hratt fyrir sig. Guðmundur hafði boðið af kappi í myndir Svavars Guðnasonar og var á þeirri stundu ekki einu sinni viss um hversu margar myndir voru slegnar honum.

Nú heim kominn hefur Guðmundur haft svigrúm til að skoða stöðuna. Hann átti hæsta boð í þrjár myndir af þeim fimmtán sem í boði voru. Og er ánægður með myndirnar. Meðal annars



KOMPOSITION EFTIR SVAVAR GUÐNASON Dýrasta verkið á uppboðinu hjá Bruun, slegið Guðmundi á 32 þúsund danskar krónur. Vatnslitamynd 48 x 32.



Í **SIÓÐHEITUM UPPBOÐSSAL** Guðmundur ræðir við athafnamennina Birgi Þór Bieltvedt og Jón Björnsson, forstjóra Magasin du Nord.

keypti Guðmundur Composition sem fór á hæsta verðinu eða 32 þúsund krónur danskar. Sem gerir 380 þúsund krónur íslenskar. Þá á eftir að bætast við kostnaður svo sem söluaukna sem eru um 25 prósent ofan á söluverð. En gullfalleg mynd sem og hinar tvær sem Guðmundur eignaðist á uppboðinu: Jazz og önnur sem ber titilinn Composition.

„Þetta byrjaði nú allt með því að mig langaði í Jazzinn. En þetta var athyglisvert. Spannandi. Gaman að hafa smá spennu í þessu. Þetta var dýrara en ég átti von á. En ekki miklu dýrara. Þetta er gamalt trix hjá Dönnunum að hafa matsverðið miklu lægra en eðlilegt er til að vekja áhuga. Þeir vita

alveg hvað þeir eru að gera,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segist hafa misst af mynd sem hann hafði hug á að eignast sem var númer fjögur á uppboðinu. Segir uppboðið hafa farið fremur rólega af stað með fyrstu myndunum en svo hljóp verðið skyndilega upp og í 18 þúsund danskar með þeirri mynd.

Að sögn Guðmundar gengur sú saga fjöllum hærra að hann hafi keypt allar myndirnar á uppboðinu. „Það eru svo margar lyga- og tröllasögur í þessum bransa.“

Myndirnar eru enn úti í Danmörku og Guðmundur segist ekki einu sinni búinn að ákveða hvað verði um þær, hvort hann selji þær eða eigi sjálfur.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stjórnartíð **Eggerts Magnússonar** hefði getað fengið betri þyrjun í Bretlandi, en lið hans **West Ham** stendur frammi fyrir erfiðri fallbaráttu í ensku úrvalsdeildinni. Liðið þarf að vinna sjö af tíu leikum til að eiga möguleika á að halda sér uppi. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum fékk fyrirverandi formaður **KSÍ** dularfullt bréf frá grískum munkum sem vildi gefa honum baðsalt til að slaka aðeins á eftir erfiða tíma. Það er þó huggun harmi gegn að Eggert stendur ekki einn móti straumnum því breski stórleikarinn **Ray Winstone** hefur lýst því yfir við góðvini sína hér á landi að hann sé ánægður með Eggert í starfi.



En **Guðjón Guðmundsson**, íþróttafréttamaðurinn knái á Sýn, hafði sínar skýringar á bréfasendingum til **Eggerts Magnússonar**. Gaupi hitt **Valtýr Björn**, útvarpsmann á X-inu, og skeggreddu þeir íþróttaviðburði helgarinnar, þar á meðal stöðuna í ensku úrvalsdeildinni. Talið barst að innihaldi bréfsins og taldi Guðjón nokkuð ljóst að um dulin skilaboð væri að ræða, annað hvort frá kexsmiðjunni **Frón** eða stuðningsmönnum West Ham. Þetta hefði því ekki verið baðsalt heldur hveiti og tilgangurinn helgaði meðalið, þeir vildu bara fá Eggert aftur í kexið.

- fgg

Húsmæðraorlof

Gullbringu- og Kjósarsýslu

Álfanes, Garðabær, Garður, Grindavík, Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir, hefur sérhver kona sem veitir, eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf.

Dalir og Borgarfjörður	16. til 18. ágúst.
Skoska hálendið og Edinborg	17. til 22. maí.
Ítalía	26. maí til 2. júní.
Aðventuferð til Würzburg	7. til 10. desember.

Eftirtaldir konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 5. til 16. mars.

Svanhvít Jónsdóttir	565 3708
Ína Jónsdóttir	421 2876
Guðrún Eyvindsdóttir	422 7174
Valdís Ólafsdóttir	566 6635
Sigrún Jörundsdóttir	565 6551

Orlofsnefndin

Gjörningaklúbbur hennar búninga fyrir umslag Bjarkar

Gjörningaklúbburinn hefur verið fenginn til að hanna búninga fyrir umslagið á nýjustu plötu Bjarkar Guðmundsdóttur. Þetta staðfesti Eirún Sigurðardóttir en hún skipar klúbbinn ásamt þeim Jóni Jónsdóttur og Sigrúnu Hrólfsdóttur. Eirún vildi lítið tjá sig um málið



GJÖRNINGAKLÚBBURINN Þær Eirún, Jóni og Sigrún hanna kjóla fyrir nýjasta umslag Bjarkar.

þegar Fréttablaðið náði tali af henni en sagði þó að stillinn yrði í líkingu við það sem Björk er hvað þekktust fyrir. „Við verjumst allra frétta en lofum því þó að þetta á eftir að vera í takt við það sem Björk hefur verið að gera,“ segir listakonan. Hún tekur þó skýrt fram að þær komi ekki að myndatöku fyrir umslagið né hanni það. Einungis sé um að ræða kjólana.

Björk hefur verið þekkt fyrir að fara ótröðnar slóðir í klæðaburði og mörgum er það eflaust í fersku minni þegar hún mætti til leiks á Óskarsverðlauninum í svanakjólum fræga árið 2001. Þá vakti kjöll hennar við setningu Ólympíuleikanna verðskuldada athygli og ljóst að verkefnið hefur verið ærið fyrir Gjörningaklúbbinn.

Mikil spenna ríkir fyrir nýjustu plötu Bjarkar sem verður fyrsta hljóðversskífa hennar í þó nokkurn tíma. Á heimasíðu söngkonunnar á föstudaginn var síðan tilkynnt um nafnið og útgáfudag en hún mun heita Volta og kemur út sjöunda maí. Að sögn Einars

Arnar Benediktssonar hjá Smekkleysu var farið mjög varlega í allar upplýsingajöf á netinu og ekki gefin út nöfnin á lögnum af ótta við stuld frá sjóræningjaútgáfum.

- fgg



BT VINSÆLASTA FARTÖLVAN

TOSHIBA

PSAARE-04J00KN5
TOSHIBA SATELLITE A100-886
 Intel® Core 2 Duo T5200
 15.4" WXGA TrueBrite
 - Upplausn 1280 x 800
 NVIDIA® GeForce™ Go 7300
 1GB DDR Minni (Mest 4GB)
 80GB SATA S.M.A.R.T. Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 WiFi LAN Intel 3945ABG
 Kortalesari 5 - 1
 Harman Kardón hátalarar
 SRS® TruSurround XT™ System og SRS® WOW
 IEEE 1394 - DV Ready
 DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
 Vökvapólið lykklaborð
 HD to go - mobile High Definition viewing
 Rafhlöduending 2:50 (Mobile Mark™)
 Ádeins 2.7kg á þyngd

Windows® Vista Home Premium
 Microsoft Works
 Microsoft Office OneNote™ 2003
 InterVideo® WinDVD™
 InterVideo® WinDVD Creator
 Toshiba Disc Creator
 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

15.4"

5.439
mv. 36 mán

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Nýja stýrikerfið frá Microsoft: Windows Vista

NYTT!

NYTT!

Bættu við 650 kr á mánuði (raðgreiðslur) fyrir:
 79G-00007
 OFFICE 2007 fyrir heimili
 Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur

Frábær fermingartilboð í BT



400 GB
FYLGIR
 22.999

Core Duo

GeForce 7300

DV Ready

5.253
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

5.439
*Raðgreiðslur 36 mán.

139.999
Staðgreitt

80GB harður diskur
-Fyrir gögnin

1 GB minni
-Fyrir vinnsluna

Práðlaust net
-Til þæginda

22" DRAUMASKJÁR

á...ertu að grínast í mér verði!

FUJITSU COMPUTERS
 SIEMENS

S26361-K1155-V170
22" FSC SCALEVIEW 5MS
 22" WideScreen LCD skjár
 1680 x 1050 upplausn
 16.7 milljón litir
 Birta 300 cd/m2

Skerpa 700:1
 5ms svartími
 DVI og D-Sub (VGA) tengi
 Innbyggðir hátalarar

4.113
*Raðgreiðslur 12 mán.

39.999
Staðgreitt

4.113
mv. 12 mán



22"

20.000kr. VERDLÆKKUN!

FARTÖLVUUTILBOÐ

TOSHIBA

PSL33E-02T026N5
TOSHIBA SATELLITE L30-106
 Intel® Dual Core T2060
 15.4" WXGA skjár
 - 1.280 x 800 upplausn
 ATI Radeon X200 skjástýring
 512MB DDR Minni (533)
 60GB SATA 5400rpm Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 Innbyggt þráðlaust netkort

Windows Vista Basic
 Microsoft OneNote™ 2003
 WinDVD™
 Toshiba Disk Creator
 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

15.4"

Satellite

NYTT!

Bættu við 650 kr á mánuði (raðgreiðslur) fyrir:
 79G-00007
 OFFICE 2007 fyrir heimili
 Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur



TAKMARKAÐ MAGN

Core Duo

ATI X200

DVD Skrifari

2.872
mv. 36 mán

60GB harður diskur
-Fyrir gögnin

512MB minni
-Fyrir vinnsluna

Práðlaust net
-Til þæginda

2.812
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

2.872
*Raðgreiðslur 36 mán.

69.999
Staðgreitt



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR

DAVÍÐ ÞÓRS JÓNSSONAR

Litla-Stokkseyr- arbakkahrauns- kaupstaður?

Síðustu bakþankar mínir kölluðu á Svíðbrögð víða að. Ég var sakaður um linkind, fíkniefnasalar væru hættulegir samfélaginu og því þyrfti að loka þá inni. Því lengur sem þeir væru á bak við lás og slá, þeim mun lengur væri samfélagið óhult fyrir þeim.

VÍST má færa rök fyrir því. En gleymum ekki að fyrir hvern fíkniefnasala sem stungið er inn losnar staða sem aðrir fíklar standa í biðröð eftir að fá. Með þessari aðferðafræði leysum við ekki fíkniefnavandann fyrir en síðasti fíkillinn er kominn í grjótið. Og þá höfum við í raun ekki leyst hann heldur aðeins flutt hann inn á Litla-Hraun, sem sennilega yrði farið að ná yfir nágrennanbyggðirnar og væri orðið einn af stærri kaupstöðum landsins.

HÖFUM líka í huga að enginn „lendir í“ fíkniefnum. Afar fáir fíkniefnasalar selja öðrum eitrylf en þeim sem leita þeirra að eigin frumkvæði. Enginn verður fíkill af því að „strákrarnir plötuðu hann“ til að dýpa. Enginn gleypir fyrstu E-pilluna í þeirri trú að hún sé E-vítamín. Hvenær sem einhver byrjar að neyta fíkniefna tekur hann eða hún meðvitaða ákvörðun um það.

EN hvað veldur því að ungmenni taka þá ákvörðun að neyta fíkniefna? Svárið er augljóst. Í fyrstu álíta þau það af einhverjum ástæðum eftirsóknarvert. Þau eygja þar veruleika sem tekur daglegu lífi þeirra fram. Fíkniefnaheimurinn er heillandi og spennandi. Þar eru gangsterar og glæfrakvendi sem vaða í seðlum og aka um á glæsibílum. Púkalegir pólitískar lýsa þeim sem hættulegum óvinum samfélagsins, sem er auðvitað ólíkt flottara hlutskipti en að vera hvert annað ferkantað nóðoddi í hinum gráa, hversdagslega raunveruleika. Smám saman verður neyslan síðan að óviðráðanlegri, knýjandi þörf. Fíknin tekur völdin.

FÍKNIEFNANEYSLA er útmáluð sem uppreisn gegn samfélaginu og uppreisnarseggir hafa alltaf þótt töff. Þegar það verður jafntöff að vera í dóni og að vera á Kleppi hefur árangur náðst í baráttunni við fíkniefnin, ekki fyrr. Því miður stuðlar engin þeirra aðferða sem nú er beitt að þeirri viðhorfsbreytingu.

HÁMARK tvískinnungsins er síðan auðvitað að telja sér trú um að fleiri hafi eyðilagt líf sitt á fíkniefnum en áfengi. Séu fíkniefnasalar hryðjuverkamenn eru áfengisverslanir ekkert annað en hreinræktadar útrýmingarbúðir.

www.icelandexpress.is/afangastadir

Þjóðlagatónlist, hjólréiðar, kengúrur, Roquefort, Sound of Music, West Ham, vatnsrennibrautir, Sherlock Holmes, munkaklaustur, Châteauneuf-du-Pape, sashimi, Arsenal, Piña Colada, Les Halles, Covent Garden, sólstólar og sundlaugar, nígerískur skyndibiti, Champs-Élysées, Tate Modern, L'Escargot, golfvelli, rússíbanar...

13
ÁFANGASTADIR
PEIR FYRSTU FÁ
BESTA VERÐIÐ!
BÓKAÐU NÚNA Á
www.icelandexpress.is

FRAKKLAND

PARÍS

NÝR ÁFANGASTADIR!

- Sumir segja að París sé skemmtilegasta, áhugaverðasta og fallestasta borg Evrópu.
- Aðrir segja að París sé skemmtilegasta, áhugaverðasta og fallestasta borg heims.
- Hefurðu komið upp í Eiffel-túrninn? Skoðað Mónu Lisu á Louvre? Eða sigt niður Signu? Ef svarið er nei, dríffu þig.
- Iss. Þú þarft ekkert að kunna frönsku. Þú bjargar þér bara með höndunum – og brosinu.
- Allir verða listamenn í París. Taktu með þér trónurnar og stílabókina.
- Ljósín, fólkíð, umferðin, gosbrunnarnir, sagan, andrúmsloftið. Þú veist hvenær þú ert í París.
- Brauðið. Ostarnir. Vinið. Þú bara verður að prófa. Ahhh, París...

ÁFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

HOLLAND

EINDHOVEN

NÝR ÁFANGASTADIR!

- Falleg og fjölskylduvæn borg í hjarta Evrópu.
- Evólúon ráðstefnumiðstöðin fær fólk til að tjá sig og hina til að hista.
- Nýlistasafnið Van Abbemuseum og menningarsafn borgarinnar, Museum Kempenland.
- Stationplein og Wilhelminaplein-torgin og Dommelstraat íða af mannliði.
- Stutt til annarra spennandi borga, aðeins 107 km til Amsterdam.
- Genneper Parks: Sundlaugar, inni- og útvelli til íþróttakunar, spa, o.fl.
- Hið sögufræga De Bergen-listamannaverfi.
- Aðgengileg borg og flest í göngufjarlægð.
- Paradís hjólréiðamannsins, hellingur af reiðhjólbrautum.
- Golfvelli og skemmtigarðir fyrir alla fjölskylduna.

ÁFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

ENGLAND

LONDON

NÝR ÁFANGASTADIR!

- Leikhús, leikhús, leikhús...og náttúrulega söngleikir.
- London Eye – Besta útsýni á Bretlandseyjum.
- Pöbbar og vinbarir út um alla borg – og svo klúbbar fyrir þá sem finnst svefn vera tímaeyðsla.
- British Museum, Tate söfnin, Imperial War Museum, The Natural History and Science Museums o.fl.
- Þú ferð ekki til London til að borða enskan mat. Fáðu þér frekar kínverskt, franskt, indverskt, argentískt eða... nígerískt?
- Og hér eru freistingarnar margar: Oxford Street, Regent Street, Bond Street, Tottenham Court Road, Carnaby Street, Piccadilly og Covent Garden.
- Endalausir möguleikar á tengiflugum út í heim.
- Það vex eitt blóm fyrir West Ham... London er Akranes þeirra Englinga. Mikill fótboltaþær.
- Ópera, pónk, rokk, djass, þjóðlagatónlist, drengja-sveitir, strengjasveitir og allt þar á milli.

ÁFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

» Evrópa hefur upp á margt skritið og skemmtilegt að bjóða. Eindhoven er falleg og fjölskylduvæn borg og þaðan er stutt til allra átta. Þeir sem eru meira fyrir að þræða götur stórborga geta hins vegar skellt sér til London eða Parísar og látið heimsborgirnar koma sér á óvart, eins og þær gera alltaf!

Nánar um áfangastaðina á www.icelandexpress.is/afangastadir

» VERÐ FRÁ:
7.995 kr.
Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:
50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbae, Efstalandi 26, sími 5 500 600

www.icelandexpress.is



Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

PIONEER DCS-360
5.1 RÁSA HEIMABIÓKERFI

Sjá nánar á www.ormsson.is

KAUPLAUP:
Kr. 54.900
(Áður: Kr. 69.900)

SAMSUNG

SAMSUNG LE32R71WX
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366:768
12,8M litir
Skerpa 5000

KAUPLAUP:
Aðeins kr.
139.900,-
(Áður kr. 179.900,-)

„Best að æfa sig fyrir vorið“

„PICNIC TIME“ PÚTT-SETT.
KAUPLAUP: Kr. 2.490
(Áður: Kr. 3.590)

kaup hlaup

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!
ORMSSON

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 13-19

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS